# FRÉTTABLAÐIÐ

228. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 27. SEPTEMBER 2018


## Úrslitastund í Hæstarétti seinnipartinn

**DÓMSMÁL** Dómur verður kveðinn upp í Guðmundar- og Geirfinnsmálum klukkan 14 í dag. Búist er við sýknudómi og helst að óvissa ríki um hvort Hæstiréttur lýsi yfir sakleysi dómfelldu eins og Ragnar Aðalsteinsson gerir kröfu um fyrir sinn skjólstæðing, Guðjón Skarphéðinsson.

„Ég er reiðubúinn öllu," segir Ragnar aðspurður um væntingar til nýs dóms, en lýsir þó aukinni bjartsýni eftir að ljóst varð að myndavélar verði leyfðar við dómsuppkvaðninguna og tekur fram að það hafi ekki gerst lengi að Hæstiréttur leyfi myndatökur við dómsuppkvaðningu, jafnvel ekki síðan dómur var kveðinn upp í sama máli árið 1980, en til eru fréttaupptökur af forseta Hæstaréttar lesa dómsorðið upp.

Í málflutningi í Hæstarétti fyrr í mánuðinum virtist óumdeilt að Hæstiréttur gæti ekki kveðið upp sakfellingardóm þar sem enginn gerir slíka kröfu. En menn greinir á um hversu langt Hæstiréttur getur gengið í sýknudómi.

**Sex ungmenni voru sakfelld í Hæstarétti árið 1980 fyrir aðild að mannshvörfum. Barist hefur verið fyrir endurupptöku í meira en aldarfjórðung. Fimm þeirra fá nýjan dóm í dag.**

„Það vakti nokkra athygli að ég skyldi krefjast dóms um sakleysi Guðjóns Skarphéðinssonar. Var jafnvel látið að því liggja að þar sem það hefði ekki verið gert væri það ógerlegt," segir Ragnar og bendir á að þetta sé alls ekki óþekkt. Hann vísar til máls Peters Fell í Bretlandi sem var lýstur saklaus af áfrýjunardómstól í Bretlandi eftir að hafa setið í fangelsi í 17 ár fyrir morð. Við dómsuppkvaðninguna sagði einn þriggja dómaranna sem kváðu upp dóminn: „Fell er saklaus af þessum hræðilegu morðum og hann á það skilið að við lýsum því yfir." Dómurinn hlaut mikla athygli í Bretlandi á sínum tíma, ekki síst vegna yfirlýsingar dómsins um sakleysi Fells.

Mál Fells er áþekkt Guðmundar- og Geirfinnsmálum að ýmsu leyti. Sakfellingin var byggð eingöngu á framburðum hans og sálfræðingar lýstu því síðar yfir að hann væri raðjátari (e. serial confessor) og ekkert væri að marka játningar hans.

Við lok munnlegs málflutnings í Hæstarétti varð nokkur umræða um sýknudóma og sakleysi. Jón Steinar Gunnlaugsson, verjandi Kristjáns Viðars Júlíussonar, kvað ekki mögulegt að setja fram slíka kröfu enda sé bara unnt að krefjast sakfellingar eða sýknu. „Í sýknudómi felst yfirlýsing um sakleysi," sagði Jón Steinar til nánari skýringar. Oddgeir Einarsson, verjandi Sævars Ciesielski, tók undir þetta en lýsti þó því viðhorfi að mikilvægt væri að tekin yrðu af tvímæli um að meintir atburðir sem dómurinn byggir á hefðu aldrei gerst.

Ragnar mótmælti því að í sýknudómi fælist ávallt yfirlýsing um sakleysi og tók dæmi um sýknudóma þar vegna skorts á sönnunargögnum eða vafa sem skýra þurfti sakborningi í hag. Um slíkt sé ekki að ræða í því máli sem hér um ræðir.

**adalheidur@frettabladid.is**

# Grænni götur á næstu árum



**7** algengar spurningar og mýtur varðandi rafbílinn.

Rafmagnsvæðingin virðist þróast í rétta átt hér á landi, hægt en örugglega. Ísland virðist heppilegur staður fyrir rafvæddar samgöngur sem taka senn yfir. →12

Loftmengun og svifryk eru að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunar eitt af stærstu umhverfismálum samtímans. Ný aðgerðaáætlun í loftslagsmálum boðar orkuskipti bíla fyrir árið 2030 en þá verður bannað að selja nýja bíla sem knúnir eru bensíni og dísilolíu. Fjöldi rafbíla á Íslandi var undir 2% í fyrra og eru því orkuskiptin ekki langt á veg komin. Hins vegar fer umhverfisvænum bílum ört fjölgandi. Náum við markmiðinu á næstu 12 árum?






> Ef allur fólksbílaflotinn gengi á rafmagni í dag myndi hann aðeins þurfa um 3% af þeirri raforku sem framleidd er í landinu.

Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs

> Hérlendis hefur verið áætlað að um 80 ótímabær dauðsföll á ári megi rekja til svifryksmengunar.

Teitur Guðmundsson, læknir

## Vilji fyrir sameiningu Leiknis og ÍR

**FÓTBOLTI** Áhugi er fyrir því að sameina knattspyrnudeildir Breiðholtsfélaganna, Leiknis R. og ÍR. Málið hefur verið í umræðu í nokkuð langan tíma en lítið gerst.

„Að mínu mati er ekki vit í því að reka tvö knattspyrnufélög á svæðinu. Það kemur niður á starfinu, það eru vandræði í ýmsum flokkum hjá báðum félögum að manna lið og það væri hagur allra að fara í samstarf," segir Guðmundur Ólafur Birgisson, formaður Leiknis R., við Fréttablaðið.

Að sögn framkvæmdastjóra ÍR, Þráins Hafsteinssonar, hefur utanaðkomandi aðila verið falið að kanna grundvöll fyrir sameiningu eða samstarfi Breiðholtsfélaganna. Að öðru leyti vildi Þráinn lítið tjá sig um málið. **– kpt /** **sjá síðu 28**

## Fréttablaðið í dag

**Halldór**




**SKOÐUN** Michel Sallé fjallar um Ísland og Brexit. 44

**SPORT** Norðanstúlkur eru úr leik eftir tap í Wolfsburg 28

**MENNING** Leikdómur um Dúkkuheimili 2. 34

**LÍFIÐ** Miðasala á stærstu tónleika Íslandssögunnar hefst í dag. 42

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● VEITINGASTAÐIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


**HNÍFAPARATÖSKUR**

12 MANNA
ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

## Veður




Spáð er vestan 5 til 10 metrum á sekúndu með skúrum eða slydduéljum fram eftir degi, en seinnipartinn styttir upp. Austanlands verður hins vegar þurrt og bjart veður allan daginn. SJÁ SÍÐU 32



**Hannes Hólmsteinn afhendir skýrsluna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Engin aukalegur kostnaður þrátt fyrir sein skil

**STJÓRNMÁL** Skýrsla Félagsvísindastofnunar HÍ um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins haustið 2008, í umsjón Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, kostaði fjármála- og efnahagsráðuneytið tíu milljónir króna. Ekki lagðist aukinn kostnaður á ráðuneytið þrátt fyrir að útgáfa skýrslunnar tefðist um rúm þrjú ár.

**» Ekki voru önnur útgjöld af hálfu ráðuneytisins en þau sem kveðið var á um í samningnum.**

Þetta kemur fram í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Í samningi ráðuneytisins við Félagsvísindastofnun kom fram að heildarkostnaður væri 10 milljónir króna. Greitt var í fjórum hlutum, 2,5 milljónir króna hvert sinn, eftir framvindu verkefnisins og lokagreiðsla við verklok.

„Ekki hafa verið önnur útgjöld af hálfu ráðuneytisins vegna verkefnisins en kveðið var á um í samningnum,“ segir Elva Björk Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Samningurinn um verkefnið var undirritaður 7. júlí árið 2014 og var upphaflega miðað við að skýrslan yrði tilbúin ári síðar. Síðan hafa verið fluttar reglulegar fréttir af frestun á útgáfunni. – smj

# Kíkt örsnöggt í símann



Þessir ferðamenn skýldu sér við vegg hjá Gömlu höfninni í Reykjavík í gær, tóku upp snjallsíma sína og kíktu hvað væri að frétta þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá. Ekki er gott að segja hvað þeir voru að skoða. Ef til vill voru þeir að skipuleggja ferð sína um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fréttablaðið í samstarf við Doktor.is

**FRÉTTABLAÐIÐ** Fréttablaðið hefur gengið til samstarfs við heilsuvefinn Doktor.is. Samstarfið tekur meðal annars til vikulegra pistla eftir Teit Guðmundsson, lækni og ritstjóra vefsins, í Tilverunni, nýjum fréttahluta í fimmtudagsútgáfu Fréttablaðsins þar sem heilsu og lífsstíl verður gert hátt undir höfði.



Doktor.is er elsti heilsuvefur landsins og er þar að finna mikið af upplýsingum um allt sem tengist almennri heilsu, sjúkdómum og veikindum. – khn




# Fólk fær einn séns með nýju stöðumælana

**Dæmi eru um að ný tegund stöðumæla hafi valdið ruglingi hjá ökumönnum. Mælarnir voru teknir í notkun fyrir mánuði og uppsetning síðustu mælanna klárast brátt. Ökumenn fá nokkurra mánaða svigrúm til að aðlagast græjunum.**

**SAMGÖNGUR** Nýir gjaldmælar Bílastæðasjóðs hafa ruglað ökumenn nokkuð í ríminu. Framkvæmdastjóri sjóðsins segir að fólk fái eitt tækifæri til að aðlagast nýja kerfinu. Fyrstu nýju mælarnir voru teknir í notkun fyrir mánuði.

„Við erum að vinna í því að skipta síðustu gömlu mælunum út og það ætti að takast öðrum hvorum megin við helgina. Í raun eru þetta gömlu mælarnir nema búið er að uppfæra innvolsið og setja lyklaborð á þá,“ segir Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs.

Verkefnið var boðið út en tilboðið sem fallist var á var nokkuð yfir kostnaðaráætlun. Kostnaður sjóðsins vegna breytinganna hleypur á tugum milljóna. Gömlu mælarnir voru seldir og gjaldmælum fækkað nokkuð.

„Við vorum hálfpartinn neydd í þessa breytingu þar sem gömlu mælarnir ná ekki að uppfylla núverandi kortaöryggiskröfur. Sem stendur er unnið að því að fækka mælum jafnt og þétt og færa þetta yfir í símana,“ segir Kolbrún.

Sumt við nýju mælana er áþekkt þeim gömlu en þó eru þar nokkrar grundvallarbreytingar. Á þeim er skjár sem sýnir stöðuna í ferlinu og að auki er þar að finna lyklaborð. Það er notað til þess að slá inn bílnúmer en með því móti verður óþarft að setja útprentaðan miða ofan á mælaborð bílsins.

„Þú hefur val um að setja inn bílnúmerið. Ef það er ekki gert þá er hægt að fara með miðann í bílinn og gera þetta á gamla mátann,“ segir Kolbrún.

Nokkuð hefur verið um það að notendur lendi í klandri með nýju mælana og nokkuð stofnast af sektum af þeim sökum. Dæmi eru um að fólk álíti að mælarnir séu að heimta alltof langan tíma ásamt fleiri hnökrum.

„Það er í raun klaufaskapur ökumanns. Við höfum fengið slík mál til okkar en þá höfum við verið að gefa séns í eitt skipti og þannig verður það sennilega fram að jólum,“ segir Kolbrún.

„Ef fólk er ítrekað að gera sömu mistök þá er það auðvitað ekki trúverðugt og stutt í sektina. En það ættu allir að vera búnir að læra þetta fyrir jól.“

joli@frettabladid.is



**Nýju stöðumælarnir hafa ruglað nokkra ökumenn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Leiðbeiningar fyrir nýju gjaldmælana

- Hægt er að greiða með klinki og korti.
- Kjósi fólk að slá ekki inn bílnúmer er hægt að slá inn bullnúmer (t.d. XXX-XXX eða 000-000).
- + takkinn bætir við 100 kr. ++ takkinn bætir við 500 kr. Upphæðin birtist á skjánum. Ráðlagt er að fylgjast með skjánum allt ferlið.
- Hægt er að ýta á X til að stöðva ferlið og byrja upp á nýtt.




ENNEMM / SÍA / NM89842

**Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna** fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 Comfort - verð frá 2.140.000 kr.**

HYUNDAI

Comfort útgáfa - Upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

# Þjóðarsjóður gæti komið niður á eignadreifingu lífeyrissjóða

**ORKUMÁL** Fyrirhugaður þjóðarsjóður fékk ekki háa einkunn hjá umsagnaraðilum. Opið var fyrir umsagnir um áform um fyrirhugaða stofnun sjóðsins í Samráðsgátt ríkisstjórnarinnar síðustu sjö daga.

Fyrirhuguðum sjóði er ætlað að vera „áfallavörn fyrir þjóðina“ þegar ríkissjóður verður fyrir ófyrirséðum áföllum. Í því samhengi eru nefndir til sögunnar atburðir á borð við móðuharðindin, Heimaeyjargosið, vistkerfisbrest á borð við hrun síldarstofnsins eða sjúkdómsfaraldur á borð við spænsku veikina.

Áætlað er að byggja sjóðinn upp með arðgreiðslum frá orkufyrirtækjum ríkisins, um tíu til tuttugu milljörðum árlega, þar til stærð sjóðsins er tíu prósent af vergri landsframleiðslu. Eftir fimmtán ár er áætlað að stærð sjóðsins verði á bilinu 250 til 300 milljarðar. Sjóðnum yrði gert skylt að fjárfesta í erlendum verðbréfum til ávöxtunar.

Í umsögn Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ) segir að gera verði skýran greinarmun á hlutverki þjóðarsjóðs og NTÍ. Heildargreiðslugeta sjóðsins sé 73 milljarðar króna og ekki ert ljóst hvort hinn nýi sjóður taki við þar sem eignir NTÍ þrýtur.



**Þjóðarsjóður verður fjármagnaður með arðgreiðslum frá orkufyrirtækjum ríkisins.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þá er í umsögn Viðskiptaráðs bent á það að þjóðarsjóði verði gert skylt að fjárfesta erlendis. Umfang sjóðsins gæti þýtt að erfiðara verður fyrir aðra innlenda fjárfesta að fjárfesta erlendis.

„Í þessu sambandi koma lífeyrissjóðirnir fyrst upp í hugann. Innstreymi í þá er og verður mikið næstu ár og að auki bendir flest til þess að þeir muni vilja færa eignir í auknum mæli til útlanda. Þjóðarsjóður gæti því verið í beinni samkeppni við sjóðina á gjaldeyrismarkaði og hugsanlega takmarkað þeirra möguleika á að ná fram hagstæðri eignadreifingu,“ segir í umsögn Viðskiptaráðs.

Þar er einnig bent á að ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafi numið 619 milljörðum króna í lok síðasta árs. Umhugsunarvert sé að arðgreiðslum vegna orkuauðlinda skuli ekki vera forgangsraðað þangað. **– jóe**



**Þrír þingmanna Samfylkingarinnar.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Samfylking vill 12 mánaða fæðingarorlof

**ALÞINGI** Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt fram frumvarp á Alþingi þess efnis að fæðingarorlof verði lengt úr níu mánuðum í tólf. Lagt er til að sjálfstæður réttur hvers foreldris verði fimm mánuðir í stað þriggja nú og að sameiginlegur réttur foreldra verði tveir mánuðir í stað þriggja.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að sveitarfélög víða um land leitist nú við að brúa bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunar. Ríki og vinnumarkaður þurfi að leggja sitt af mörkum til að ná því markmiði.

Þá er rifjað upp að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hafi í árslok 2012 samþykkt með lagabreytingu lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði. Hins vegar hafi ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks fallið frá þeim breytingum eftir kosningarnar 2013. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Leggja til stofnun miðstöðvar skimunar fyrir krabbameini

**Skammtímasamningar við ríkið hafa reynst Krabbameinsfélaginu erfiðir að sögn framkvæmdastjóra. Nýr samningur er til eins árs.**



**Samningur Krabbameinsfélagsins og Sjúkratrygginga hefur verið endurnýjaður til eins árs.** NORDICPHOTOS/GETTY

**HEILBRIGÐISMÁL** Krabbameinsfélagið leggur til að komið verði á fót Skimunarmiðstöð Íslands sem yrði þekkingarsetur um alla skimun fyrir krabbameini á landinu. Miðstöðin hefði umsjón með skipulagi, stjórnun, framkvæmd og uppgjöri skimunar.

„Það hefur átt sér stað töluverð umræða um framtíðarfyrirkomulag skimunar fyrir krabbameini en sú umræða hefur verið afar grunn. Hún hefur fyrst og fremst snúist um það hvar skimanir fyrir brjósta- og leghálskrabbameini eigi að fara fram. Það sem við viljum vekja athygli á er að þetta er býsna margþætt ferli,“ segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins.

Þjónustusamningur félagsins og Sjúkratrygginga um skipulagða leit að krabbameini í brjóstum og leghálsi hefur verið framlengdur í sjöunda sinn og mun gilda út næsta ár.

Halla segir að í mörg ár hafi ekkert nema skammtímasamningar staðið til boða. „Það hefur gert rekstrarumhverfi okkar rosalega erfitt og fjárveitingar ríkisins hafa langt í frá dugað fyrir rekstri leitarstarfsins. Stjórnvöld hafa komið til móts við það að nokkru leyti með því að styrkja félagið um 50 milljónir vegna þess árs. Ég vil meina að með samningum núna séum við að sýna mikla samfélagslega ábyrgð með því að tryggja konum í landinu áframhaldandi aðgengi að þessari þjónustu.“

> **Það hefur átt sér stað töluverð umræða um framtíðarfyrirkomulag skimunar, en sú umræða hefur verið grunn.**
>
> Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins



Krabbameinsfélagið hefur samþykkt að veita 75 milljónir króna á samningstímanum til þess að tryggja áframhaldandi gæði þjónustunnar.

Frá stofnun hefur félagið unnið brautryðjendastarf í forvörnum, skráningu og skimun fyrir krabbameini. Engu að síður hefur þátttaka í skimunum farið minnkandi. Á 26 ára tímabili minnkaði hún um 13 prósent og stóð í 55 prósentum árið 2016. Það hlutfall er vel undir viðmiðunarmörkum félagsins.

Um þessar mundir vinnur sérstakt skimunarráð á vegum velferðarráðuneytisins að tillögum fyrir framtíðarfyrirkomulag skimana á Íslandi.

„Það skiptir mestu máli í okkar huga að passa upp á að stjórnun og skipulag skimunar, alveg frá boðun og þangað til búið er að gera upp allan árangur, sé á sömu hendi. Við erum ekki endilega að segja að skimunin þurfi að vera á okkar vegum en ábyrgðin og valdið yfir því hvernig þetta er framkvæmt og hvernig skilum á upplýsingum er háttað þarf að vera á sama stað.“
**sighvatur@frettabladid.is**

fiat.is

**FIAT 500 - FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ!**

ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á ÞESSU EINSTAKA VERÐI
**1.790.000 KR.**



5 ÁRA ÁBYRGÐ
TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG GLÆSILEGAN FIAT 500 MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.790.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

# 25%
# AFSLÁTTUR

**AF ÖLLUM VÖRUM Í THE BODY SHOP KRINGLUNNI**

27. - 29. SEPTEMBER




**VIÐ LOKUM Í KRINGLUNNI VEGNA BREYTINGA**

**OPNUM NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN FÖSTUDAGINN 12. OKTÓBER**

**Afslátturinn gildir aðeins í The Body Shop Kringlunni**

# THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI

# Kavanaugh og Ford mæta til yfirheyrslna í öldungadeildinni í dag

**BANDARÍKIN** Dómsmálanefnd öldungadeildar bandaríska þingsins fundar í dag. Á dagskrá er að yfirheyra Brett Kavanaugh, sem tilnefndur hefur verið til hæstaréttar, og sálfræðiprófessorinn Christine Blasey Ford um þær ásakanir hennar að Kavanaugh hafi beitt hana kynferðislegu ofbeldi.

Auk Ford hefur Deborah Ramirez sakað Kavanaugh um að brjóta á sér. Lögmaður hennar sagði í gær að hún væri tilbúin til þess að tjá sig um málið við nefndina en nefndin hefði einfaldlega ekki haft samband við hana.

Þriðja konan steig fram í gær. Sú heitir Julie Swetnick og undirritaði eiðfesta yfirlýsingu þar sem hún hélt því fram að Kavanaugh og vinir hans hefðu hópnauðgað henni. „Á meðan á því stóð var ég aflvana og gat ekki barist gegn strákunum sem voru að nauðga mér. Ég held mér hafi verið byrluð ólyfjan,“ sagði í yfirlýsingu Swetnick sem Michael Avenatti, lögmaður hennar sem einnig er lögmaður klámstjörnunnar Stormy Daniels, birti á Twitter.

Orðrómur hafði verið uppi á netinu um að skjólstæðingur Avenattis, sem hann tilkynnti um að myndi stíga fram fyrir nokkru, væri ekki til. Sá orðrómur fór á kreik eftir að nettröll sagði í innleggi á stjórnmálaspjallborði 4chan að hann hefði gabbað lögmanninn. Avenatti hafnaði þeirri frásögn og sagði hana fáránlega.



**Brett Kavanaugh.** NORDICPHOTOS/AFP

Kavanaugh tjáði sig um yfirlýsingu Swetnick og sagði hana fjarstæðukennda. Líkti henni við eitthvað úr sjónvarpsþáttunum The Twilight Zone. „Ég hef ekki hugmynd um hver þessi kona er. Þetta átti sér aldrei stað,“ sagði í yfirlýsingu Kavanaughs. **– þea**

# Tekur ekki á sig kostnað ábyrgðarlausra

## Minnst fimm innheimtumál Menntamiðstöðvarinnar ehf. vegna ógreiddra skólagjalda hafa ratað fyrir dómstóla. Skólastjóri segir að um sé að ræða einstaklinga sem hafi aldrei haft í hyggju að borga og séu að reyna að komast hjá því. Hafnar ásökunum um hótanir.

**MENNTAMÁL** Menntamiðstöðin ehf., sem rekur Ferðamálaskóla Íslands, Stjórntækniskóla Íslands og Tölvuskóla Íslands, hefur í fimm skipti hið minnsta stefnt nemendum vegna vangoldinna skólagjalda. Skólastjóri skólans segir ávallt liggja ljóst fyrir hvernig fyrirkomulagið sé og að hann eigi ekki að þurfa að taka skellinn ef einhver hættir námi.

Sagt var frá því á forsíðu Fréttablaðsins á mánudag að nemandi í leiðsagnarnámi hefði verið dæmdur til að greiða eftirstöðvar skólagjalda, 390 þúsund, eftir að hafa hætt námi eftir tvo tíma. Eftir að fréttin birtist höfðu einstaklingar samband við blaðið og sögðust hafa svipaða sögu að segja.

Fyrra tilvikið er frá 2002. Þá innritaðist tvítug kona, gengin átta mánuði á leið, í Tölvuskóla Íslands. Taldi hún að hún og skólastjórinn, Friðjón Sæmundsson, hefðu samið um það að ef barnið yrði óvært gæti hún hætt námi. Það þótti ekki sannað fyrir dómi og var hún dæmd til að greiða eftirstöðvarnar, 160 þúsund krónur, og málskostnað.

Síðara málið er frá 2016 en þá innritaðist rúmlega tvítug kona í ferðastjórnun erlendis þegar kennsla var hafin. Í fyrsta tíma sá hún að fyrirkomulagið hentaði henni ekki þar sem hún taldi að um kvöldnám væri að ræða. Í skýrslu sinni fyrir dómi sagði hún meðal annars að hún hefði átt fund með Friðjóni þar sem hann hefði sagt henni að hann hefði oft lent í svona málum og að hann ynni þau alltaf. Það bar hún því við að Friðjón hefði sagt henni að ef hún greiddi ekki gæti orðið erfitt fyrir hana að finna starf í ferðaþjónustunni. Sagði hún að auki að hann hefði sagt henni sögu af einu slíku dæmi.


**Fimm nemendum hið minnsta hefur verið stefnt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Stundum finnst fólki, nokkrum einstaklingum, það geta komið hingað, pantað það sem það vill en ekki bera neina ábyrgð á því sem það er að gera.**
>
> Friðjón Sæmundsson, skólastjóri Ferðamálaskóla Íslands

Stúlkan var sýknuð af kröfu um skólagjöldin, 340 þúsund krónur, þar sem ekki þótti sannað að hún hefði verið upplýst um verð með réttum hætti samkvæmt lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga. Stúlkan sagði að hún hefði aldrei skráð sig í námið til að byrja með hefði hún vitað að það kostaði 390 þúsund.

„Fólk veit það strax í byrjun að það er að stofna til skuldbindingar. Það kemur enginn hingað nema hann hafi kynnt sér námið og áður en það hefst kemur það í heimsókn og kynnir sér námið. Í öllum tilfellum er það upplýst um verð og skilmála,“ segir Friðjón Sæmundsson, skólastjóri skólanna og eigandi Menntamiðstöðvarinnar.

Aðspurður um hina tvo fyrrgreindu dóma segir Friðjón að hann hafi ekki haft hugmynd um að stúlkan væri ólétt, sem stangast á við framburð hans fyrir dómi, og í síðara tilvikinu megi vel vera að hann hafi vísað í fyrri dóma. Það sé hins vegar af og frá að hann hafi nefnt atvinnutækifæri á nafn enda enginn möguleiki fyrir hann að hafa áhrif á slíkt.

„Ef fólk hættir þá er það hlutur sem ég einfaldlega ræð ekki við. Skólinn er fjármagnaður algjörlega með gjöldum nemenda og ég ræð inn kennara og þarf að greiða þeim laun. Hvernig á ég að gera það ef fólk skráir sig, tekur þar með pláss frá öðrum, og lætur sig síðan hverfa og segist ekki ætla að borga?“ spyr Friðjón.

Friðjón segir sjálfur að liðlegri maður en hann sé í raun vandfundinn og það komi honum oft í koll. Oft bjóði hann fólki upp á fresti á greiðslum og þá hafi einstaklingur sem þarf að hverfa frá námi, hafi hann greitt skólagjöld, hafið nám að nýju næsta skólaár.

„Ég er ekki að senda þetta í innheimtu ánægjunnar vegna. En stundum finnst fólki, nokkrum einstaklingum, það geta komið hingað, pantað það sem það vill en ekki bera neina ábyrgð á því sem það er að gera. Ég ætla ekki að bera skaðann af því að fólk láti þannig,“ segir Friðjón. **joli@frettabladid.is**

### Dómsmálin fimm

**Október 2003**
Ólétt stúlka taldi samkomulag um að hún fengi að hverfa frá námi ef barnið yrði óvært. Því var hafnað. Dæmd til að greiða 160 þúsund.

**Mars 2009**
Nemandi krafinn um greiðslu skólagjalda þrátt fyrir að hafa ekki mætt. Ágreiningur var um hvort hann hefði verið látinn vita hvort hann hefði fengið inni í skólanum. Fallist á kröfu skólans, alls 330 þúsund krónur.

**Október 2013**
Nemandi hætti námi af persónulegum ástæðum en móðir hans lést um mánuði eftir upphaf kennslu. Dæmdur til greiðslu 250 þúsund króna auk málskostnaðar.

**Mars 2016**
Skilyrði fjarsölulaga ekki uppfyllt. Nemandi sýknaður og málskostnaður, 500 þúsund, felldur á Menntamiðstöðina. Sú upphæð er há í ljósi þess að krafan nam 340 þúsundum.

**September 2018**
Nemandi taldi að samið hefði verið um prufutíma. Ekki var fallist á það og hann dæmdur til að greiða 390 þúsund krónur auk annars eins í málskostnað.


**Friðjón Sæmundsson, skólastjóri Ferðamálaskóla Íslands.**






## ÓDÝRT OG GOTT

Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrapylsa og blóðmör.

**Heilslátur** 3 stk
**3.899** kr/pk

**Heilslátur** 5 stk
**5.899** kr/pk

**Heilslátur 3 stk án blóðs**
**3.699** kr/pk

**Heilslátur án blóðs** 5 stk
**5.699** kr/pk

**Frosið heilslátur** 3 stk
**3.899** kr/pk

**Frosið heilslátur** 5 stk
**5.999** kr/pk

**Frosið heilslátur** 3 stk með próteinkeppum og mör
**5.799** kr/kg

**Eistu**
**629** kr/kg

**Dilkanýru**
**429** kr/kg

**Dilkalifur**
**399** kr/kg

**Dilkahjörtu**
**599** kr/kg

**Þindar**
**449** kr/kg

**Blóð**
**219** kr/lítri

**Próteinkeppir** 10 stk
**1.349** kr/pk

**Mör**
**179** kr/kg

**Brytjaður mör** u.þ.b. 3 kg
**259** kr/kg

**Sviðahausar**
**629** kr/kg

**Kalóneraðar vambir** 3 stk
**1.299** kr/pk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Vildi að hann hefði ekki hikað

Fyrrverandi leiðtogi Katalóna er fullur eftirsjár og segir spænsku ríkisstjórnina hafa leitt sig í gildru. Berst áfram fyrir sjálfstæði og vill að forseti leiðtogaráðs ESB miðli málum í deilunni við ríkisstjórnina í Madríd.

**SPÁNN** Carles Puigdemont, útlagi og fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu, sér eftir því að hafa ekki lýst yfir sjálfstæði héraðsins um leið og niðurstöður atkvæðagreiðslu þess efnis í byrjun október 2017 lágu fyrir. Þetta sagði Puigdemont í viðtali við belgíska miðilinn De Morgen í gær.

Sjálfstæði var ekki lýst yfir fyrr en á þingfundi þann 27. október, eftir að Puigdemont hafði gefið út afar óljósar yfirlýsingar á dögunum eftir kosningar. Sú yfirlýsing var einhliða og tóku yfirvöld í Madríd ekki mark á henni enda álítur hæstiréttur Spánar atkvæðagreiðslu Katalóna ólöglega. Puigdemont er, ásamt nokkrum fyrrverandi ráðherrum héraðsstjórnarinnar, á flótta vegna ákæru fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu. Enn fleiri ráðherrar eru í haldi á Spáni.

Í viðtali við De Morgen sagðist Puigdemont hafa hikað til að gefa Spánverjum tækifæri á að mæta til viðræðna. Ríkisstjórnin hefði sent honum „skýr skilaboð“ þess efnis. „En þau reyndust gildra. Ég held að yfirvöld hafi einfaldlega viljað kaupa sér tíma til að virkja 155. grein stjórnarskrárinnar,“ sagði Puigdemont en með virkjun hennar tók ríkisstjórnin völdin í héraðinu.

Puigdemont kallaði í gær eftir því að Pedro Sánchez, sem tók við forsætisráðuneytinu í júní, ynni að því að draga úr spennunni á milli Katalóníu og Spánar. „Það er ekki hægt að segjast vilja ræða málin en segja á sama tíma að viðmælendur þínir séu hættulegir uppreisnarmenn.“



Puigdemont segir spænsku ríkisstjórnina hafa platað sig. NORDICPHOTOS/AFP

**» Carles Puigdemont er á flótta í Belgíu og hefur verið ákærður fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu.**

Þá kallaði hann eftir því að mál ráðherra héraðsstjórnarinnar fyrrverandi færu af borði spænskra dómstóla „þar sem öfgaöfl úr stjórnartíð Francos eru enn við völd“.

Útlaginn kallaði eftir því um helgina að Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB, tæki að sér hlutverk sáttasemjara í deilunni. Því hafnaði aðstoðarmaður Tusks í gær og sagði að Spánverjar ættu að leysa málið sjálfir. **thorgnyr@frettabladid.is**

## Forsætisráðherra vill borgarstjórastól Barcelona

Þau óvæntu tíðindi bárust á þriðjudagskvöldið að Manuel Valls, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, hefði tilkynnt að hann ætlaði að bjóða sig fram til borgarstjóra katalónsku höfuðborgarinnar Barcelona. Fá, ef nokkur, fordæmi eru fyrir því að sami maður hafi verið kjörinn í embætti í tveimur mismunandi ríkjum Evrópusambandsins.

Foreldrar Valls eru báðir Frakkar en Valls fæddist sjálfur þegar foreldrarnir voru í fríi í Barcelona. Er hann því með tvöfaldan ríkisborgararétt.

Hann er andvígur sjálfstæði Katalóníu. Borgaraflokkurinn hefur lýst yfir stuðningi við framboð hans og sagði Albert Rivera, leiðtogi flokksins, í gær að nú væri hægt að vinna Barcelona aftur af aðskilnaðarsinnum. „Þetta eru góðar fréttir fyrir spænska lýðveldissinna en slæmar fyrir aðskilnaðarsinna og lýðskrumara,“ sagði Rivera.



Tsjepíga ofursti. NORDICPHOTOS/AFP

## Báru kennsl á annan Rússann

**BRETLAND** Breska rannsóknarblaðamannateymið Bellingcat greindi í gær frá því að það hefði borið kennsl á Ruslan Bosjírov, annan þeirra Rússa sem sakaðir eru um að hafa eitrað fyrir feðginunum Sergeí og Júlíu Skrípal með Novichok-taugaeitri í ensku borginni Salisbury í mars.

Bosjírov og Alexander Petrov eru taldir hafa ferðast til Bretlands á fölsuðum vegabréfum og því hafði verið haldið fram að þeir væru útsendarar GRU, rússnesku leyniþjónustunnar. Vladímír Pútín Rússlandsforseti hefur sagt þá almenna borgara og sjálfir héldu þeir hinu sama fram í viðtali við ríkismiðilinn RT.

Rannsókn Bellingcat leiddi hins vegar allt annað í ljós. Samkvæmt rannsakendunum heitir Bosjírov réttu nafni Anatólíj Tsjepíga og er ofursti hjá GRU.

Þar segir enn fremur að Tsjepíga hafi fengið hæsta stig rússnesku hetjuorðunnar. „Þar sem forseti afhendir orðuna venju samkvæmt er afar líklegt að Vladímír Pútín hafi kannast við Tsjepíga ofursta, sérstaklega í ljósi þess að einungis lítill hópur fær þessa orðu ár hvert.“ **– þea**



GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

# PIER
## HIRSLUDAGAR



**LUNEVILLE skápur**
89.5x40xH193.5
~~99.900,-~~ **79.920,-**



**LUNEVILLE skápur**
63×38.5×H193
~~49.900,-~~ **39.920,-**



**ADELINE skápur**
113x45xH220
~~129.900,-~~ **77.940,-**

**ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF SKÁPUM, KOMMÓÐUM, HILLUM OG SKENKUM**



**TALISA velúr sófi**
165x88xH95
~~99.900,-~~ **59.940,-**



**25% AFSLÁTTUR AF KÖRFUM, KISTUM OG BOXUM**


















**20% AFSLÁTTUR AF KLUKKUM OG VEGG-SKREYTINGUM**



**VALDIR BEAUVAIS STÓLAR Á 15.000,-**

## FRÁBÆR VIKUTILBOÐ!



**CELAYA vínskápur**
~~69.900,-~~ **40.000,-**



**CELAYA skrifborð**
~~59.900,-~~ **35.000,-**



**ADELINE skenkur**
~~99.900,-~~ **60.000,-**



**ADELINE skrifborð**
~~79.900,-~~ **50.000,-**



**CELAYA glerskápur**
~~69.900,-~~ **40.000,-**

**www.pier.is**

**SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS**

Gildir 27. sept - 3. okt. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



**EBITDA dróst saman á milli ára í sjávarútvegi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Helmingur fór í fjárfestingar

Sjávarútvegsfyrirtæki vörðu nær helmingi af EBITDA-hagnaði sínum árið 2017 í fjárfestingar samkvæmt sjávarútvegsgagnagrunni Deloitte sem kynntur var á Sjávarútvegsdeginum í Hörpu í gær.

Samantekt Deloitte sýndi að hlutfallið væri hátt í sögulegu samhengi en það má rekja til þess að EBITDA fyrirtækja hafi dregist saman.

Fjárfestingar sjávarútvegsfyrirtækja í varanlegum rekstrarfjármunum námu 20 milljörðum króna á síðasta ári samanborið við 22 milljarða árið 2016. Meðaltal fjárfestinga á tímabilinu 2014 til 2017 nam 24 milljörðum. Hins vegar jókst hlutfall fjárfestinga af EBITDA verulega á milli 2016 og 2017 en það nam 48 prósentum á síðasta ári samanborið við 39 prósent árið 2016.

Í samantekt Deloitte kom fram að EBITDA sjávarútvegsins hefði dregist saman úr 56 milljörðum króna í 40 milljarða á milli ára, eða sem nemur tæpum 29 prósentum. EBITDA-framlegð dróst jafnframt saman í öllum flokkum sjávarútvegsfyrirtækja. – **tfh**

# Rétti reksturinn við eftir tapár

**Nordic Visitor náði skjótum viðsnúningi á rekstrinum eftir tap á síðasta ári. Eigandinn segir það hafa verið komið í of mörg verkefni með of lága framlegð. Þörf sé á samþjöppun og hagræðingu í ferðaþjónustunni.**

Síðasta ár var versta rekstrarár ferðaþjónustufyrirtækisins Nordic Visitor frá árinu 2010 en með róttækri endurskipulagningu náði fyrirtækið hins vegar miklum viðsnúningi í rekstrinum og stefnir nú í að 2018 verði besta rekstrarár þess frá upphafi.

Nordic Visitor tapaði 40 milljónum króna á árinu 2017 samkvæmt nýbirtum ársreikningi fyrirtækisins, meðal annars vegna kostnaðarhækkana, gengisstyrkingar, skattahækkana á innlendar ferðaskrifstofur og væntinga um vöxt sem skiluðu sér ekki. Tekjur fyrirtækisins á árinu námu 1.267 milljónum króna og jukust um 6,8 prósent á milli ára en á móti jókst rekstrarkostnaður um fjórtán prósent. Þá var eigið féð orðið neikvætt um 13 milljónir króna.

„Þrátt fyrir mikinn vöxt undanfarin ár hefur afkoman farið hratt niður á við. Það kostar að vaxa og við vorum komin í alltof mörg verkefni sem voru að skila of lágri framlegð til að standa undir kostnaði,“ segir Ásberg Jónsson, stofnandi og meirihlutaeigandi Nordic Visitor. „Í upphafi síðasta árs áttuðum við okkur á því að landslagið væri að breytast hratt, og að breytingarnar gerðu það að verkum að ýmsar vörur sem við vorum að selja urðu óarðbærar.“

Ásberg segir að stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins hafi á síðari hluta árs 2017 ráðist í róttæka endurskipulagningu á starfsemi fyrirtækisins sem fól í sér að leggja áherslu á arðsemi umfram vöxt. „Aðgerðirnar sneru að því að endurskipuleggja vöruframboð fyrirtækisins og auka sölu beint til viðskiptavina í gegnum netið. Dregið var verulega úr sölu á ferðum til erlendra endursöluaðila og lokað var fyrir markaðssetningu inn á óarðbæra markaði,“ segir Ásberg.



**Ásberg stofnaði fyrirtækið upp úr aldamótum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Á sama tíma var starfsmönnum fækkað og verkferlar sjálfvirknivæddir auk þess sem innkaupin voru endurskipulögð og ákveðin sérfræðistörf flutt til Skotlands. Þessar aðgerðir skiluðu skjótum viðsnúningi.

„Við erum á einu ári að færa fyrirtækið frá því að skila tapi yfir í það að ná besta rekstrarári fyrirtækisins frá upphafi. Fyrstu mánuði eftir aðgerðir dróst velta fyrirtækisins saman um 20 prósent en með nýjum áherslum er okkur að takast að viðhalda veltu milli ára. Aukningin er í ferðum sem skila okkur mun betri framlegð og af þeim ástæðum auk lækkunar á rekstrarkostnaði erum við að skila langtum betri afkomu,“ segir Ásberg. „Árin 2016 og 2017 hafa sýnt okkar að mikill vöxtur á stuttum tíma skilar sér ekkert endilega í betri afkomu.“

> **Greinin er á sama stað og sjávarútvegurinn árið 1989 þegar þörf var á samþjöppun.**
>
> Ásberg Jónsson, stofnandi og meirihlutaeigandi Nordic Visitor

Slök afkoma fyrirtækisins á síðasta ári er ekki einsdæmi í ferðaþjónustu hér á landi. Afkoma fyrirtækja í greininni hefur farið hratt niður á við, að sögn Ásbergs, og verður 2018 mjög erfitt ár fyrir marga. Hann telur þörf á mikilli hagræðingu. „Greinin er í raun á sambærilegum stað og sjávarútvegur árið 1989 þegar þörf var á samþjöppun og mikilli hagræðingu. Vöxturinn var ekki sjálfbær og gat í raun ekki haldið áfram á þessum hraða. Yfirvöld hafa ekki náð að halda í við vöxtinn, innviðir hafa ekki byggst upp í takt við mikla fjölgun ferðamanna og kostnaður fyrirtækja hefur vaxið umfram tekjur. Það eru of mörg fyrirtæki starfandi í ferðaþjónustu í dag og það er því miður ekki pláss fyrir þau öll.“

thorsteinn@frettabladid.is

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE

JAGUAR E-PACE S

JAGUAR




ENNEMM / SÍA / NM89766

**Búnaður í Jaguar E-Pace S D150 er m.a.:** 10” Touch Pro skjár, símkerfi, 125w Jaguar hljómkerfi, LED-aðaljós með einkennandi dagljósum, 18” álfelgur, leðursæti, rafdrifin framsæti með 10 stillingum, íslenskt leiðsögukerfi, rafdrifnir upphitaðir speglar með sjálfvirkri deyfingu og aðkomuljósum, varadekk, neyðarhemlunarbúnaður, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar að framan og aftan, akreinavari.

**jaguarisland.is**

**JAGUAR**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar E-Pace S D150, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur.

VERÐ FRÁ: 7.090.000 KR.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# VELJUM GÆÐI
# VELJUM ÖRYGGI




SÓLNING
*Meira til skiptanna*

Sími 544 5000 • Skútuvogur, Kópavogur, Hafnarfjörður, Njarðvík og Selfoss • solning.is

# Umhverfisvænir bílar taka yfir frá og með 2030

**Loftslagsmálin hafa verið mikið í umræðunni undanfarið. Ný aðgerðaáætlun í málaflokknum leggur upp með að ekki verði leyfilegt að selja bíla nema umhverfisvænir séu. Fréttablaðið rýnir í stöðu rafmagnsbílsins.**


Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is
Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is




Samkvæmt aðgerðaáætlun í loftslagsmálum verður bannað að selja nýja bíla sem eingöngu eru drifnir með mengandi brunavélum eftir árið 2030. Það þýðir að bílaumboð landsins verða þéttsetin rafmagnsbílum í öllum stærðum og gerðum, en þó jafnvel ekki eingöngu rafmagnsbílum. Vetnisbílar eru líka umhverfisvænir bílar og það má einnig segja um bíla sem brenna því metani sem til fellur uppi í Álfsnesi og dugar til reksturs miklu fleiri metanbíla en nú eru á götunum.

Óhætt er að segja að dísilvélasvindl Volkswagen, sem nú í september á þriggja ára afmæli, hafi hrist verulega upp í umræðunni um mengun af völdum bíla og hvert landið á fætur öðru kappkostar að setja sér markmið um að eyða þessum eiturspúandi blikkbeljum, ekki síst dísilbílunum.

### Rafmagnsbílar innan við 2% í fyrra

Það er forvitnilegt á þessum tímapunkti þegar við Íslendingar erum komnir með þessa fínu áætlun um að losna við dísilsóðana og koltvísýringslosandi bensínbílana líka að skoða hvernig nýja bíla landinn keypti í fyrra. Þá kemur í ljós að 45,3% voru dísilbílar, 41,6% bensínbílar og 1,76% rafmagnsbílar. Restin var tengiltvinnbílar (Plug-In-Hybrid), tvinnbílar (Hybrid) og metanbílar. Af þeim 21.345 nýju fólksbílum sem Íslendingar keyptu í fyrra voru aðeins 415 rafmagnsbílar. Talsvert fleiri tengiltvinnbílar seldust þó en rafmagnsbílar í fyrra, eða um 2.500 bílar, og geta eig- ➡

## Algengar mýtur og svör



**Sigurður Ingi Friðleifsson**, framkvæmdastjóri Orkuseturs, svaraði nokkrum algengum spurningum varðandi tilvist rafbílsins.

**Eru rafhlöðurnar ekki óumhverfisvænar?**
Það eru fáir framleiddir hlutir í raun umhverfisvænir. Rafhlöðurnar eru hins vegar alls ekki eins óumhverfisvænar og haldið hefur verið fram í gagnrýni á rafbíla. Í fyrsta lagi hafa þær enst miklu lengur en flestir þorðu að vona. Þegar þær verða orðnar fullslappar fyrir bílinn er vel hægt að nota þær í orkugeymslur í langan tíma eftir það. Eftir endurnýtingu má svo auðveldlega endurvinna þær. Allt tal um nauðsynlega urðun rafhlaðna er því á villigötum.



**Er heildarkolefnisspor rafbíls ekki í raun stærra en bensínbíls?**
Nei, því þó að rafbíllinn fæðist með stærra kolefnisspor, vegna framleiðslu rafhlöðunnar, þá er hann fljótur að vinna það upp með útblásturslausum akstri. Heildarumhverfisávinningurinn, á líftíma rafbílsins, er ótvíræður. Kolefnissporið er örlítið misjafnt eftir raforkukerfum en það er nánast ekki til það svæði í heiminum þar sem enginn heildarávinningur er af rafbílum. Á Íslandi er hann auðvitað augljós.





**Eru rafbílar ekki svo dýrir?**
Rekstrarkostnaður rafbíla er mun lægri en bensín- og dísilbíla en verðið á þeim er ennþá nokkuð hærra. Framleiðslukostnaður rafbíla hefur lækkað mikið undanfarin ár og flestar spár benda til þess að rafbíllinn muni verða jafndýr eða jafnvel ódýrari í framleiðslu í náinni framtíð.

**Þarf ekki að ívilna rafbílum?**
Jú, það er mjög mikilvægt til að skapa hvata til orkuskipta og flýta innleiðingu. Ívilnanir verða þó ekki nauðsynlegar að eilífu þar sem rafbíllinn verður líklegast á endanum augljós valkostur fyrir neytendur óháð ívilnunum.

**Hver á þá að greiða fyrir vegina?**
Veggjöldin hér á landi eru í dag tekin inn í gegnum bensín og dísil. Þetta er í grunninn nokkuð bjöguð fjármögnun þar sem t.d. nýir bensínbílar borga miklu minna í veggjöld fyrir sömu þjónustu en eldri bílar sem eru eldsneytisfrekari. Rafbílar borga auðvitað ekkert eins og kerfið er í dag.



**Er nóg rafmagn á Íslandi fyrir rafbíla?**
Til að rafvæða allan fólksbílaflotann þarf minna rafmagn en margir halda. Ef allur fólksbílaflotinn gengi á rafmagni í dag myndi hann aðeins þurfa um 3% af þeirri raforku sem framleidd er í landinu. Rafbílar hafa líka mikla möguleika til að jafna út álag í raforkuflutningskerfinu í framtíðinni. Helsti kostur rafbíla er góð orkunýtni.



**Er hægt að keyra á milli landshluta?**
Já! Í fyrsta lagi hefur drægi rafbíla aukist mikið og margir bílar komnir, eða á leiðinni á markað með 250-500 km drægi. Með hraðhleðslustöðvum sem reistar hafa verið undanfarið um land allt er líka tæknilega hægt að fara hringinn í kringum landið. Verkefnið fram undan er svo að bæta þetta net hleðslustöðva.




JAGUAR LAND ROVER

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



BMW X6 xDrive M50d
Nýskr. 10/2015, ekinn 18 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 11.900.000 kr.
Rnr. 390797.



RANGE ROVER Sport TDV6 HSE
Nýskr. 4/2011, ekinn 120 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.990.000 kr.
Rnr. 103750.



RANGE ROVER Evoque HSE
Nýskr. 11/2016, ekinn 17 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.490.000 kr.
Rnr. 370701.



LAND ROVER Discovery Sport HSE
Nýskr. 7/2015, ekinn 46 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.490.000 kr.
Rnr. 145166.



LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 9/2015, ekinn 64 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.980.000 kr.
Rnr.450009.



RANGE ROVER Sport HSE Dynamic
Nýskr. 8/2016, ekinn 29 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 12.390.000 kr.
Rnr. 103749.



RANGE ROVER Evoque HSE Dynamic
Nýskr. 11/2016, ekinn 30 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.990.000 kr.
Rnr. 103714.



LAND ROVER Discovery Sport SE Dynamic
Nýskr. 6/2017, ekinn 14 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.190.000 kr.
Rnr. 430121.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru APPROVED hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari - Komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NM89767

# Bjart og hlýtt haust

SHA-8083 3x36W Halogen
**15.890**

Vatnsþétt LED IP65
útiljós / bílskúrsljós
25W **2.790**
50W **3.990**

EIGUM PERUR Í
FLESTAR GERÐIR
LJÓSA

SHA-2625
Vinnuljóskastari
Rone 28W m. innst.
blár. 1,8m snúra
**6.990**

LG118C T8 lampi
Loftljós flúor rakaþ.
2x18w 67,5x16,6cm
**2.915**

Tu-RWL0450W
LED vinnuljós 50W
m/hleðslubatterí
**11.970**

ÁN PERU

Tu-FL01
LED vinnuljós
á fæti 30W.
3m snúra
**8.970**

Tu-RWL0430W
LED vinnuljós 30W
m/hleðslubatterí
**9.970**

LG236 T8 lampi
Loftljós flúor rakaþ.
2x36w 128x16,6cm
**4.615**

IP65 Vatnsheldir flúor
lampar. Perur fylgja
LG218c 2x18w, 65x10cm
**2.990**
LG228 2x28w, 120x10cm
KR. 5.490

T38 Vinnuljós
**5.590**

Rafmagnshitablásari
9Kw 3 fasa
**17.990**

Rafmagnshitablásari
15Kw 3 fasa
**29.990**

Rafmagnshitablásari
5Kw 3 fasa
**12.830**

Rafmagnshitablásari
2Kw 1 fasa
**6.890**

Rafmagnshitablásari 2Kw
**1.990**

**Mikið úrval af rakavörðum fjöltengjum IP44**
**Verð frá kr. 1.690**

Kapalkefli, rakavarið
IP44 25 metrar
**6.990**

Kapalkefli 10 metrar
**2.690**

Kapalkefli 15 metrar
**3.690**
25 metrar kr. 5.490
50 metrar kr. 8.290

15 metra
rafmagnssnúra
**2.390**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Netgíró
Betri leið til að versla

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

endur þeirra að jafnaði ekið fyrstu 30-50 kílómetrana eingöngu á rafmagni.

Ef til vill vekur mesta athygli að mest mengandi bílarnir, dísilbílar, seljast enn best. Kannski þarf líka hugarfarsbreytingu hjá landanum, ekki bara markmið og lagasetningar. Þó má vekja athygli á því hve margir tengiltvinnbílar seldust í fyrra og ef þeir eru lagðir saman við hreinræktuðu rafmagnsbílana nam sala þeirra samtals 13,6% í fyrra.

**Stígandi í ár**

Á þessum ofannefndu tölum sést að rafmagnsvæðingin, eða orkuskiptin, er ekki ýkja langt á veg komin. En skyldi hún vera á hraðri leið upp á við? Þegar sala nýrra bíla í þessum mánuði er skoðuð sést að hingað til eru 7% bílanna rafmagnsbílar og 16% tengiltvinn- eða tvinnbílar og í ágúst voru 4% rafmagnsbílar og 20% tengiltvinn- eða tvinnbílar. Hlutfall rafmagns-, tengiltvinn- og tvinnbíla fer því nokkuð hækkandi frá fyrra ári. Biðlistar eru hér á landi eftir nokkrum gerðum vinsælla rafmagnsbíla, svo sem Nissan Leaf, Kia Niro og Hyundai Kona, og ef þeir listar styttast hratt á árinu má búast við því að hlutfall rafmagnsbíla hækki talsvert frá síðasta ári.



**Mikill munur milli landa**

Þegar sölutölur landa heimsins fyrir rafmagns- og tengiltvinnbíla frá upphafi og til enda árs 2017 eru skoðaðar kemur í ljós að í Kína seldust flestir þeirra, eða 1,25 milljónir. Í Evrópu allri eru þeir komnir í 944 þúsund og þar af 209 þúsund í Noregi, 150 þúsund í Frakklandi, 137 þúsund í Bretlandi, 129 þúsund í Þýskalandi og 121 þúsund í Hollandi.

Athygli vekur að í bílasölulandinu Þýskalandi skuli þeir ekki vera fleiri, en Hollendingar standa sig vel í þessum efnum, en Norðmenn eru langfremstir og ryðja hreinlega brautina fyrir heiminn. Í Bandaríkjunum hafa selst 765 þúsund og af þeim 365 þúsund bara í Kaliforníuríki. Í Japan hafa selst 207 þúsund bílar.

**Salan 1,3% í heiminum í fyrra**

Hlutfallsleg sala rafmagns- og tengiltvinnbíla af öllum seldum bílum náði 1,3% í heiminum öllum í fyrra, var 0,86% árið 2016 og 0,62% árið 2015. Hlutfallið milli hreinræktaðra rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla var 66:34 í fyrra, 61:39 árið 2016 og 59:41 árið 2015 og því eru hreinræktaðir rafmagnsbílar að sækja á tengiltvinnbílana í hlutfallslegri sölu.

Ef til vill er þó forvitnilegast að skoða tölur um núverandi hlutfallslega rafmagns- og tengiltvinnbílaeign af öllum bílum í nokkrum löndum og svæðum. Þar sést að hún er 1,5% í Bandaríkjunum, 2,42% í Svíþjóð, 5,63% í Hollandi, 5,83% í Kaliforníu og 21,5% í Noregi.

## Áhugaverð tölfræði um rafbílinn

**Tengiltvinnbíll**
Bíll sem hefur bæði rafhreyfil og bensín- eða dísilvél sem aflgjafa.

**Rafbíll**
Bíll sem gengur alfarið fyrir rafmagni sem geymt er í rafhlöðum um borð.

**Fjöldi rafbíla á Íslandi 2014-2018**
Fjöldi raf- og tengiltvinnbíla á Íslandi er 7.319 til og með 1. ágúst 2018.




Heimild: Orka náttúrunnar

**Kostir og gallar rafbílavæðingarinnar**
Kostir / Gallar

- Framleiðsla enn óumhverfisvænni
- Gjaldeyrissparandi
- Brenna íslenskri orku
- Hærra verð (sem jafnað er út með ívilnunum)
- Þróun bíla verður mest í rafmagnsbílum
- Minna drægi
- Ódýrir í rekstri
- Tími sem tekur að hlaða bílinn
- Minni tekjur í ríkiskassann meðan ívilnanir standa

**Staðreyndir**

- Rafbílum má skipta í tvennt. Annars vegar hreinir rafbílar sem geta einungis keyrt á rafhlöðunni og hins vegar tengiltvinnbílar sem keyra **15-80 km** á rafmagni og skipta síðan yfir í eldsneyti fyrir lengri ferðir.
- **6,8 milljörðum króna** verður varið til sérstakra aðgerða í loftslagsmálum hér á landi á næstu fimm árum.
- Um **500 milljónum króna** verður varið til nýsköpunar vegna loftslagsmála og verður Loftslagssjóður stofnaður til að halda utan um slík verkefni.
- Það tekur um það bil **8-12 klst.** að fullhlaða rafhlöðuna í venjulegum rafbílum.
- Hleðslur sem henta öllum rafbílum má finna víða á eftirfarandi stöðum á landinu: *Í Reykjavík og nágrenni, Hvolsvelli, Hveragerði, Hellisheiði, Ólafsvík, Staðarskála, Blönduósi, Sauðárkróki, Varmahlíð, Húsavík, Mývatni, Skjöldólfsstöðum, Egilsstöðum, Stöðvarfirði, Djúpavogi, Nesjahverfi, Jökulsárlóni, Freysnesi, Kirkjubæjarklaustri og Vík.*

**Áætlun í loftslagsmálum skiptist í tvennt:**

**Orkuskipti í samgöngum** með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum.

**Átak í kolefnisbindingu** þar sem skógrækt og landgræðsla gegna lykilhlutverki og markvisst verður dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis.

# Svifryk og heilsufar

Ísland hefur í huga okkar og líklega flestra sem heimsækja landið þá ímynd að vera hreint, heilsusamlegt og að óspillt náttúran bæti okkur, hressi og kæti. Í því samhengi er oft minnst á loftgæðin sem eru almennt mjög góð en með verulegum undantekningum þó. Svifryksmengun hefur þar borið einna helst á góma og þá mest í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Uppruni þess er bæði af náttúrulegum sem og mannavöldum og hið síðarnefnda tengist þá helst bruna á jarðefnaeldsneyti.

Loftmengun og svifryk eru samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (WHO) eitt af stærstu umhverfisvandamálum samtímans og talið að allt að 7 milljónir dauðsfalla megi rekja til mengunar af þeirra völdum. Þeir ganga meira að segja svo langt að halda því fram að meðalævi Evrópubúa sé 9 mánuðum styttri vegna þessa vanda. Það hefur aftur leitt af sér ýmsar aðgerðir til að stemma stigu við mengun, sérstaklega í borgum og þéttbýli.

Samsetningu svifryks er skipt í gróft og fínt, en ástæða er til að hafa áhyggjur af fínu ryki þar sem þessar smáu agnir geta ferðast djúpt í lungun við innöndun, jafnvel dreifst út í blóðrásina og um líkamann og valdið þar ýmsum skaða. Ljóst er að bæði er um skammtíma- og langtímaáhrif og búið er að skilgreina heilsuverndarmörk að nýju í reglugerð árið 2016.



Heilsufarsáhrifin eru ágætlega skilgreind og rannsökuð erlendis, þar eru astmi og öndunarfærasjúkdómar efstir á blaði, en hjarta- og æðasjúkdómar, ýmsar tegundir krabbameina, ófrjósemi karla og Alzheimer-sjúkdómur hafa verið nefnd í þessu samhengi auk almennt hærri dánartíðni þar sem mengun er mikil. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með, upplýsa almenning og grípa til aðgerða, en við höfum séð samhengi á milli innlagna á sjúkrahús vegna versnunar á lungnastarfsemi og aukinnar notkunar astmalyfja svo dæmi séu tekin. Bráð áhrif við mikla mengun geta lýst sér í brjóstverkjum, heila- og hjartaáföllum sem og truflunum á hjartslætti og jafnvel skyndidauða samkvæmt erlendum rannsóknum. Hérlendis hefur verið áætlað að um 80 ótímabær dauðsföll á ári megi rekja til svifryksmengunar.

Reglubundið er magn fínna ryks yfir heilsuverndarmörkum og mikil umræða hefur skapast á síðustu árum, ekki verður við núverandi ástand unað og ljóst að aðgerðir sem lúta að því að draga úr útblæstri, sérstaklega dísilbíla, eru nauðsynlegar. Akstursbönn í miðborgum víða í Evrópu eru fyrirmynd, en hafa einnig umhirða gatna og önnur úrræði verið reifuð. Huga ætti að sparneytnum og vistvænum ökutækjum og sérstaklega rafbílavæðingu auk þess að efla almenningssamgöngur, göngur og hjólreiðar. Þá er mikilvægt að við öflum betri gagna hérlendis, en engin ástæða er til að ætla að heilsufarsleg áhrif séu önnur hér og styðja nokkrar rannsóknir það nú þegar. Samstillt átak er því nauðsyn og við megum engan tíma missa lengur, ótímabær dauðsföll og heilsubrestir af þessum völdum eru með öllu óásættanleg og við sem samfélag berum ábyrgð á því, þetta er dauðans alvara.

> Samstillt átak er nauðsynlegt og við megum enga tíma missa
>
> Teitur Guðmundsson, læknir

**80** ótímabær dauðsföll á Íslandi.

**7** milljónir dauðsfalla á heimsvísu.

**9** mánuðum styttri ævi að meðaltali í Evrópu.

**20** sinnum á ári yfir heilsuverndarmörkum.

Doktor.is


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# TILVERAN



Kósí sófi með mörgum púðum er alveg málið.



**IKEA** Murbinka grár og gulur púði, kr. 795. Fransine rústrauður púði, kr. 1.690.




**ILVA** L:A Bruket kerti, yndisleg tóbakslykt sem kemur á óvart, kr. 3.600.

# Púðar, lampar og lykt fyrir haustið



**ILVA** Hlýtt Askim ullarteppi í fallegum gráum lit. Kr. 6.995. **EPAL** Dásamlegt rauðlitað ullarteppi frá Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur. Kr. 22.300.



**Snúran** Töff Punk Deluxe lampi sem passar inn í hvaða rými sem er. Kr. 89.900.

Haustið kallar á notalegheit heima við og ekki er úr vegi að kveikja á kertum á kvöldin og láta fara vel um sig í sófanum með hlýtt teppi og góða bók. Tilveran mælir með ýmsum munum sem hjálpa til við að skapa stemninguna.




**Hrím** Meraki Nordic Pine stofuilmur sem minnir á haustið. Kr. 2.990.



**Akkúrat** Dásamlegt reykelsi með reykelsisbrennara úr brassi frá ástralska merkinu Addition Studio, kr. 5.490.



**Snúran** Birtan frá þessu glæsilega veggljósi frá New Wave Optic fegrar alla hlutlausa veggi. Kr. 54.900.



# Fasteign vikunnar

úr fasteignablaði Fréttablaðsins











Glæsilegt og hlýlegt einbýlishús á fallegum stað við sjávarsíðuna á Kársnesi í Kópavoginum. Falleg og viðhaldslítil suðurlóð með harðviðarpalli og heitum potti. Húsið skiptist í þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, eldhús, borðstofu og 3 stofur, rúmgott þvottahús með útgangi og bílskúr með gryfju. Húsið var tekið í gegn árið 2010 og sá Hanna Stína Ólafsdóttir innanhússarkitekt um hönnun.

Rýmingarsala bókaútgefenda í **Holtagörðum**

# Allt að 90% AFSLÁTTUR

**Opnunartími 10-18**
**alla daga vikunnar**

**BÆKUR FRÁ 99 KR.**

**ALLIR SEM VERSLA FÁ BÓK AÐ GJÖF**




**Grænt, grænt og meira grænt**
Verð: 99 kr.




**Hárið**
Verð: 499 kr.




**Alheimurinn**
Verð: 2990 kr.




**Íslenski vegaatlasinn**
Verð: 990 kr.




**Stór og svolítið pirrandi fíll**
Verð: 699 kr.



**Vísindabók Villa**
Verð: 990 kr.




**Mánasöngvarinn**
Verð: 490 kr.




**Vegurinn heim lengist með hverjum morgni**
Verð: 990 kr.

# TILVERAN

**22.9.2018**

## Karlmennskan

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, greindi frá því í helgarblaði Fréttablaðsins hvernig karlmennskan hefði næstum orðið honum að bana. Í einlægu viðtali sagði Kolbeinn að staðlaðar hugmyndir okkar um karlmennskuna væru beinlínis hættulegar.

**En það þarf bara að byrja einhvers staðar. Byrja á því að tala, hvers vegna líður okkur illa?**

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Sjálfur hefur Kolbeinn glímt við vanlíðan en átti lengi vel erfitt með að ræða tilfinningar sínar. Þessi mikla vanlíðan leiddi til sjálfsskaðandi hegðunar og nokkurra tilrauna til að svipta sig lífi.

„Ég held að það sé dálítið algengt. Að fólk hugsi með sér að það sé fast einhvers staðar, í óhamingjusömu sambandi eða í starfi sem það vill ekki vera í. En það þarf bara að byrja einhvers staðar. Byrja á því að tala, hvers vegna líður okkur illa? Og vinna í því. Þá er maður betur í stakk búinn til að taka ákvarðanir um lífið,“ sagði Kolbeinn.

**21.9.2018**

## Að því kominn að hrygna í Eyjafirði

Eldislax sem veiddist í Eyjafjarðará í september var kominn áleiðis í hrygningu og líklegt er að hann hefði náð að hrygna í ánni. Þetta er mat sérfræðinga hjá Hafrannsóknastofnun. Margir óttast erfðablöndun eldislax og íslenska stofnsins, en Einar K. Guðfinnsson, framkvæmdastjóri fiskeldisstöðva, sagði við Fréttablaðið að engin ástæða væri til að hafa áhyggjur af þessu tiltekna máli.

„Af þeim 50 til 55 þúsund löxum sem hafa veiðst í íslenskum ám hafa sex laxar komið á land sem mögulega eru úr eldi,“ segir Einar. „Það er lítið brotabrot og ljóst að áhrifin eru ekki merkjanleg á lífríkið. Ég tel að þessar fréttir gefi ekki tilefni til að hafa áhyggjur af stöðu villta laxastofnsins, öðru nær.“

Formaður Landssambands veiðifélaga, Jón Helgi Björnsson, var á öðru máli: „Við höfum griðarlegar áhyggjur af þessu. Við munum upplifa þetta í auknum mæli næstu árin að þessir fiskar hrygni og blandist þeim stofni sem fyrir er.“

**24.9.2018**

## Ólga vegna árshátíðar

Árshátíð Stjórnarráðsins sem halda átti 6. október næstkomandi var blásin af eftir afskipti tveggja ráðherra í ríkisstjórninni, þeirra Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra, og Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra. Eins og Fréttablaðið greindi frá gætti nokkurrar óánægju með þessa ákvörðun Katrínar og Lilju en þeim þótti óheppilegt að halda fögnuðinn á þessum degi þegar tíu ár verða liðin frá því að Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, bað Guð að blessa þjóðina.

Mun Lilja hafa lýst áhyggjum af dagsetningunni við Katrínu. Hafi þær báðar í kjölfarið lagt bann við því að árshátíðin yrði haldin umrætt kvöld.









# Vikan



Skaðlegar staðalímyndir um karlmennskuna, verndun íslenska laxastofnsins, nýr forstjóri OR og ólga vegna árshátíðar á óheppilegum tíma voru meðal helstu mála sem Fréttablaðið greindi frá í vikunni.



**25.9.2018**

## Helga mætt í OR

Helga Jónsdóttir hefur verið ráðin forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur til tveggja mánaða og mætti til vinnu í byrjun vikunnar. Bjarni Bjarnason steig til hliðar og bíður á hliðarlínunni meðan athugun fer fram á samskiptum innan OR og þeirri vinnustaðamenningu sem viðgengst þar. Undanfarnar vikur hafa nokkur mál komið upp er varða ósæmilega og niðrandi hegðun karlkyns stjórnenda í garð samstarfskvenna sinna.

**Ég fór af fundinum með ríka tilfinningu um að OR sé fyrirtæki í góðum rekstri.**

Helga Jónsdóttir, forstjóri OR

Helga sagði við Fréttablaðið að það væri skýrt að Innri endurskoðun borgarinnar væri algjörlega óháð pólitískum fyrirmælum. Hún væntir niðurstöðu áður en árið er úti. Eftir sinn fyrsta stjórnarfund hafði hún þetta að segja við Fréttablaðið:

„Ég fór af honum með ríka tilfinningu um að OR sé fyrirtæki í góðum og framsæknum rekstri. Það veit hvað það vill, hvert skal stefna og gerir það markvisst,“ sagði Helga.

**19.9.2018**

## Dagur segir pass

Á fyrstu sex mánuðum ársins keypti Reykjavíkurborg það sem kallast sérfræðiþjónusta og önnur vörukaup án útboðs fyrir ríflega 574 milljónir króna. Þetta samsvarar ríflega 7 prósentum af heildarinnkaupum borgarinnar á tímabilinu.

„Þetta er óþægilega há tala á stuttum tíma,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni. Nauðsynlegt sé að fá frekari útskýringar á kostnaðinum.

Fréttablaðið leitaði viðbragða borgarstjóra vegna málsins en aðstoðarmaður hans taldi ekki tilefni til að bregðast frekar við gagnrýni Sjálfstæðismanna.

# Fólkið á götunni

## Tókst þú þátt í plastlausum september?

**Anna Fríða Gísladóttir**
Nei, því miður get ég ekki sagt að ég hafi tekið formlega þátt. En hefði átt að gera það! Hins vegar hafði herferðin áhrif á mig því í mánuðinum minnkaði ég meðvitað plastpokanotkun og við fengum okkur plastflokkunartunnu sem við notum mjög mikið og flokkum plast.



**Aðalbjörn Tryggvason**
Nei, ég get ekki sagt að ég hafi átt plastausan september, finnst eins og maður verði að undirbúa sig fyrir slíkt, og þetta fór nokkuð framhjá mér. Verð tilbúinn næst.



**Bragi Skaftason**
Ég gerði ýmislegt. Bæði heima og hjá fyrirtækinu mínu, Veðurbarnum. Maís- og fjölnotapokar voru notaðir og reynt að sneiða hjá matvörum sem pakkað er í plast. Á barnum eru núna öll ílát fjölnota og takiburtglös úr maís. Rör eru fyrir löngu komin í pappír.



**Margrét Gústavsdóttir**
OK. Sko. Eg tók þátt með því að leggja mig alla fram um að flokka. Næsta skref er að afplasta vörurnar strax í búðinni. Svona til að mótmæla þessu plastrugli „hands on“.



**Herferðin hafði áhrif á mig því í mánuðinum minnkaði ég meðvitað plastpokanotkun.**

Anna Fríða Gísladóttir

## Hvað tekur þig langan tíma að komast í og úr vinnu?

**Ragnhildur Bjarkadóttir**
Ég er ca. 5 mínútur að keyra í og úr vinnu. Það eru forréttindi að vinna nálægt heimili sínu þegar maður á mörg börn og þarf að hagræða tíma sínum stanslaust.



**Sara Dögg Svanhildardóttir**
Ég er fjárans 27 mínútur að keyra úr Garðabæ inn í Borgartún. En um það bil 10 mínútur heim.



**Margeir Steinar Ingólfsson**
Þegar ég keyri, þá tekur það mig ca. tvær mínútur. Reyni frekar að hjóla sem tekur jafnvel enn styttri tíma!



**Þorsteinn J. Vilhjálmsson**
Ég er 12 mínútur rúmar að keyra í vinnuna, en ef ég keyri dóttur mína í skólann, þá er ég 34 mínútur að komast alla leið bæjarenda á milli. Reykjavík vorra tíma!



# Ferðakynning Bjarmalands

## Norræna húsinu aðalsal
## sunnudag 30. september kl. 16:00



Haukur Hauksson, fararstjóri
og magister í alþjóðamálum



### FRAMHALD JÓLA Í MOSKVU

Mesta vetrarhátíð Rússa á götum úti

4.- 8. janúar 166 300 kr.



### INDLAND Í FEBRÚAR

Gullni þríhyrningurinn og strandir GOA

2.- 17. feb. 359 000 kr.



### SILKILEIÐIN MIKLA

Úzbekistan og Túrkmenistan

18. apr.- 2. maí 488 000 kr.



### ÆVINTÝRALJÓMI TRANSILVANÍU

Rúmenía - í fótspor Drakúla greifa

25. maí-1. júní 169 700 kr.




### SVARTAHAF SUÐURSTRÖND RÚSSLANDS

Hin glæsta rússneska ríviera

19.-29. júní 329 000 kr.



### TRANS SÍBERÍULESTIN

í lúxusstíl keisaranna

Moskva - Peking

ágúst



### SIGLING KEISARALEIÐIN

Moskva - Pétursborg

ágúst 307 000 kr.



### GEORGÍA og AZERBÆDSJAN

Kákasusfjöll

14.-24. sept. 385 000 kr.



### HIÐ ÓÞEKKTA INDÓKÍNA

Víetnam og Kambódía

október 598 000 kr.

Smökkun á eðaldrykkjum frá viðkomandi löndum. Önnur mál einnig rædd í lok fundar. Rússland fortíð, nútíð, framtíð ofl.

Bjarmaland ferðaskrifstofa

www.bjarmaland.is sími 770 50 60
bjarmaland@bjarmaland.is

TILVERAN



**Rauðibotn að Fjallabaki virðist vera stakur gígur en tilheyrir þó sjálfri Eldgjá sem teygir sig frá Mýrdalsjökli og nálega alla leiðina að Vatnajökli.** MYNDIR/ÓLAFUR MÁR

# Risaskálin Rauðibotn

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Þótt Rauðibotn suður af Torfajökli sé ein helsta náttúruperlan að Fjallabaki þá er hann lítt þekktur eins og svæðið í kring. Úr lofti líkist Rauðibotn rauðri risaskál með mosagrænu teppi og snoturri tjörn. Síðan má rökræða hvort umhverfið minni fremur á íþróttaleikvang eða óperuleikhús. Það eykur á upplifunina að skammt frá Rauðabotni rennur Hólmsá og myndar stórkostlega fossa.

Við fyrstu sýn virðist Rauðibotn stakur gígur en í raun er hann hluti af Eldgjá, gossprungu sem teygir sig frá Mýrdalsjökli og langleiðina að Vatnajökli. Gosið er talið hafa orðið í kringum 934 og er það stærsta sem orðið hefur á Íslandi á sögulegum tíma, mun stærra en Skaftáreldar. Það er auðvelt að komast að Rauðabotni og Hólmsárlóni af Syðri Fjallabaksleið. Tilvalið er að hefja gönguna við bílastæði á Mælifellssandi, austan við Hólmsá. Gengið er eftir slóða í norðvestur og stefnt á eystri brún Rauðabotns. Þar fæst besta útsýnið yfir skálina. Síðan er gengið meðfram brúninni yfir mosavaxna heiði uns komið er að eystri bakka Hólmsárlóns. Vatnið í lóninu hefur sérkennilegan blágráan lit sem er heillandi andstæða við rauðleitt gjallið og mosavaxin fjöllin í kring. Gaman er að ganga meðfram lóninu að suðurenda þess. Þar taka við tugir fossa í Hólmsá sem brýtur sér leið í gegnum mosavaxið hraun.

Unnt er að skoða Rauðabotn og fossana á innan við þremur tímum og hentar gangan jafnt börnum sem fullorðnum. Vant göngufólk ætti að íhuga að ganga í kringum Hólmsárlón, en þá verður að vaða Hólmsá við bílastæðið. Við norðurenda lónsins er upplagt að skella sér í Strútslaug en þar býðst frábært útsýni yfir Hólmsárlón og Hólmsárbotna. Frá Strútslaug liggur gönguleiðin austan við fjallið Strút og áfram suður að Mælifellssandi. Þar blasir Mælifell við en einnig sést í fjarska hvar Brytalækir og Brennivínskvísl sameinast Hólmsá. Ekki eru mörg ár síðan stóð til að virkja ofanverða Hólmsá og átti að stækka Hólmsárlón með stífluvegg skammt frá Rauðabotni. Umhverfisstofnun hefur lagt til að friða vatnasvæði Hólmsár fyrir orkunotkun, enda skilgreint í verndarflokki rammaáætlunar.



**Hólmsá rennur úr Hólmsárlóni. Í henni eru tugir fossa, margir tignarlegir.**

**Við fyrstu sýn virðist Rauðibotn stakur gígur en í raun er hann hluti af Eldgjá, gossprungu sem teygir sig frá Mýrdalsjökli og langleiðina að Vatnajökli. Gosið er talið hafa orðið í kringum 934 og er það stærsta sem orðið hefur á Íslandi á sögulegum tíma, mun stærra en Skaftáreldar.**



**Horft frá Rauðabotni í átt til Mælifells og Mýrdalsjökuls.**



FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS
Fleiri myndir má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs- appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**



**Útsýni yfir Hólmsárlón. Við norðurenda lónsins er upplagt að leggjast til baða í Strútslaug.**




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is




Stigahúsateppin okkar eru slitsterk, ofnæmisprófuð og auðveld í þrifum. Gerum verðtilboð að kostnaðarlausu.
Komdu og sjáðu úrvalið. Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Parki INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570



Hinir tignarlegu Hólmsárfossar blasa við ásamt Hólmsárlóni, frá leiðinni að Rauðabotni. Unnt er að skoða Rauðabotn og fossana á innan við þremur klukkustundum.



Rauðibotn sést hér vinstra megin á myndinni ásamt Hólmsá með flúðum og fossum.

Unnt er að skoða Rauðabotn og fossana á innan við þremur tímum og hentar gangan jafnt börnum sem fullorðnum. Vant göngufólk ætti að íhuga að ganga í kringum Hólmsárlón, en þá verður að vaða Hólmsá við bílastæðið. Við norðurenda lónsins er upplagt að skella sér í Strútslaug en þar býðst frábært útsýni yfir Hólmsárlón og Hólmsárbotna.



Inni í Rauðabotni kemst göngufólk í návígi við hina rauðu og grænu liti.



Mælifell og Mýrdalsjökull. Göngufólk verður ekki svikið af útsýninu. Gangan er við flestra hæfi.

# Blind andúð



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það er hið besta mál að hafa prinsipp og standa fast á sínu, en það má samt ekki vera þannig að þrjóskan hertaki skynsemina og haldi henni í gíslingu. Einmitt þetta hefur hent hörðustu andstæðinga Evrópusambandsins hér á landi. Þeir láta enn eins og Bretar séu að stíga blessunarríkt spor með útgöngu úr Evrópusambandinu. Það skiptir þá engu að þessi ákvörðun ætlar að verða Bretum dýrkeypt.

Allur aðdragandi Brexit sýnir fram á getuleysi breskra stjórnmálamanna og embættismanna. Þeir virðast alls ekki hafa gert ráð fyrir að þjóðin samþykkti Brexit. Meira að segja lýðskrumararnir sem höfðu hátt í kosningabaráttunni og töluðu í anda Donalds Trump virtust ekki hafa trú á því að málstaður þeirra yrði ofan á. Það var ekkert plan í gangi færi þannig að þjóðin samþykkti Brexit og því ekki skrýtið að eftirleikurinn hefur einkennst af fullkomnu ráðleysi breskra ráðamanna.

Bretar hafa notið góðs af veru sinni í Evrópusambandinu og munu tapa verulega á útgöngu. Stór hópur Breta sem samþykkti Brexit hefur skipt um skoðun og kvíðir afleiðingum þess að kveðja sambandið. Kröfur um aðra þjóðaratkvæðagreiðslu verða æ háværari. Umheimurinn horfir á forsætisráðherra Breta, Theresu May, berjast með kjafti og klóm fyrir pólitísku lífi sínu. Innan hennar eigin flokks bíða andstæðingar hennar glaðhlakkalegir á hliðarlínunni eftir fullnaðarósigri hennar. Það er ljóst að Bretar eru ekki í óskastöðu. Óvissa og glundroði blasir við.

Svo stígur íslenskur ráðherra fram og les það í þessa óheillastöðu að Íslendingar geti ekki verið í Evrópusambandinu af því að erfitt sé að ganga út úr því. Þetta voru vægast sagt einkennileg orð hjá utanríkisráðherra landsins, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, og þar bar andúðin á Evrópusambandinu skynsemina ofurliði. Ef Íslendingar væru í Evrópusambandinu, eins og þeim væri líklega hollast, gætu þeir vel gengið þaðan út. Alveg eins og Bretar eru nú að kveðja. Það er hins vegar ekki hægt að gera samning, slíta honum svo skyndilega og ætlast til að halda öllu því góða sem í samningnum fólst. Þetta veit Guðlaugur Þór mætavel, enda skynsamur maður. Hann kýs hins vegar að snúa hlutunum á hvolf, eins og andstæðingum Evrópusambandsins hér á landi er gjarnt að gera. Þegar Evrópusambandið á í hlut er hreinlega eins og þeir sjái andskotann í hverju horni. Þeir lifa í þeim misskilningi að það sé sáluhjálparatriði fyrir íslenska þjóð að standa fyrir utan Evrópusambandið. Svo mikil er andúðin á sambandinu að stuðningsmönnum þess var ekki vært í stærsta stjórnmálaflokki landsins, Sjálfstæðisflokknum, þar sem þeir urðu ítrekað fyrir aðkasti og hrökkluðust þaðan.

Það er ekki annað hægt en að sárvorkenna Bretum enda illa fyrir þeim komið. Ónýtir stjórnmálamenn lugu að þeim og beittu blekkingum sem varð til þess að þjóðin tók afdrifaríka ákvörðun sem ljóst er að mun ekki verða til heilla.

Á dögunum velti álitsgjafinn Páll Vilhjálmsson því fyrir sér á Útvarpi Sögu hvað yrði um Evrópusambandið. Nær væri að hafa áhyggjur af því hvað verði um Breta, sem eru í slíkum vanda að þeim veitir sannarlega ekki af guðs blessun.

**Þegar Evrópusambandið á í hlut er hreinlega eins og þeir sjái andskotann í hverju horni.**

Húnvetningafélagið í Reykjavík

**Framhaldsaðalfundur**

**Húnvetningafélagsins í Reykjavík verður haldinn í Húnabúð Skeifunni 11 fimmtudaginn 4. október klukkan 20:00**

**Efni fundarins er:**
1. Framhald aðalfundarstarfa, sem ekki tókst að ljúka á fundinum í vor.
2. Afgreiðsla á tillögu stjórnar um sölu á fasteign félgsins Skeifunni 11a samkvæmt 12. gr. í lögum félagsins.
3. Önnur mál.
4. Kosningar.

*Stjórnin*

## Halldór




## Frá degi til dags

**Costco-áhrifin?**

**Miðasala er hafin á tónleika Eds Sheeran á Íslandi þann 10. ágúst á næsta ári. Sjálfsagt komast færri að en vilja en einhverjir þurfa að mæta sem gætu hugsað sér að sleppa því. Samkvæmt ströngum miðasölureglum er ekki hægt að kaupa miða og gefa öðrum án þess að mæta á tónleikana í eigin persónu. Sá sem kaupir fleiri en einn miða þarf að mæta með gestum sínum og hafa meðferðis ekki aðeins kvittun fyrir kaupunum heldur skilríki og greiðslukortið sem notað var við kaupin. Hljómar skuggalega svipað notendaskilmálum Costco þannig að áhrif verslunarrisans eru víða.**

**Fíkniefnalaust Ísland 3000**

**Trauðla er sérstök ástæða til að fagna þverpólitískri sátt á Alþingi um aðgerðir til að stemma stigu við misnotkun ópíóða á Íslandi í kjölfar umræðu sem Miðflokksmaðurinn Þorsteinn Sæmundsson hóf í vikunni. Skemmst er að minnast stefnu sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri og Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra mörkuðu 1997 og miðaði að fíkniefnalausu Íslandi árið 2000. Bætir ekki úr skák að málshefjandi talaði fyrir fjórum árum um að ráðast mætti að rótum vandans með eflingu lög- og tollgæslu. Meðul sem hafa reynst úrelt í áratugi.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Staðreyndir um veiðigjald



Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Fyrstu viðbrögð við frumvarpi um veiðigjald sýna að ágætis sátt getur náðst um að færa álagningu veiðigjalds nær afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og gera alla stjórnsýslu með álagningu gjaldsins einfaldari, gegnsærri og áreiðanlegri. Allt er þetta til þess fallið að bæta framkvæmd þessarar gjaldtöku, til hagsbóta fyrir alla sem að íslenskum sjávarútvegi koma.

Eðlilega eru skiptar skoðanir á því hversu stóran hluta ríkið á að taka af afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Forsvarsfólk þeirra hefur lýst yfir vonbrigðum með það að ríkið taki til sín 33% af hagnaði við fiskveiðar til viðbótar við 20% tekjuskatt og aðra gjaldtöku. Því sjónarmiði sýni ég fullan skilning.

Formaður Viðreisnar og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra náði hins vegar þeim áfanga að gagnrýna frumvarpið tveimur vikum áður en það var tilbúið. Þá sagði hún í viðtali að frumvarpið yrði „óttalegt prjál og í raun einhver sýndarmennska“. Eftir að frumvarpið kom fram er gagnrýni formanns Viðreisnar tvíþætt eins og hún var sett fram á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Annars vegar að með nýju frumvarpi sé verið að taka ákvörðun um lækkun veiðigjalds. Hins vegar að frumvarpið muni „auðvelda pólitíkinni að krukka í veiðigjöldin“. Þetta eru rangfærslur.

Varðandi hið fyrrnefnda liggur fyrir að með frumvarpinu er gjaldhlutfall veiðigjalds óbreytt frá gildandi lögum. Veiðigjald lækkar síðan eða hækkar eftir því hver afkoma sjávarútvegsfyrirtækja er á hverjum tíma. Það væri hins vegar fróðlegt að vita hversu hátt hlutfall af hagnaði fyrirtækja formaður Viðreisnar vill innheimta fyrst 33% af afkomu auk annarra skatta duga ekki til. Varðandi hið síðarnefnda er rétt að upplýsa ráðherrann fyrrverandi um að aðkoma sjávarútvegsráðherra að ákvörðun veiðigjalds verður sú sama og hefur verið, nema í stað þess að ráðherra staðfesti tillögu veiðigjaldsnefndar að veiðigjaldi hvers árs þá staðfestir ráðherra tillögu Ríkisskattstjóra.

Það er mín von að umræða um frumvarpið verði málefnaleg og uppbyggileg. Að við látum ekki innantóma frasa stjórna umræðunni heldur tökum efnislega umræðu um þær áskoranir sem blasa við.

**Allt er þetta til þess fallið að bæta framkvæmd þessarar gjaldtöku, til hagsbóta fyrir alla sem að íslenskum sjávarútvegi koma.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fólk

FIMMTUDAGUR 27. SEPTEMBER 2018

Tíska



Uppáhaldsflík raftónlistarmannsins og heimspekinemans Sveims er svört skyrta frá JÖR. Hann kaupir oftast föt einu sinni á ári erlendis og þá verður engin ein sérstök búð fyrir valinu. →8

# Stofnaði fyrirtæki eftir fæðingarorlof

Karin Kristjana Hindborg förðunarfræðingur myndi líklegast teljast ofurkona í hugum margra. Sjálf segist hún setja fjölskylduna í forgang þótt hún sé á kafi í rekstri á eigin fyrirtæki með tveggja mánaða gamlan son. →2



Karin á þrjá syni, sá yngsti er tveggja mánaða. Hún hefur nóg að gera við fyrirtækjarekstur ásamt heimilisstörfunum. Karin hefur mjög gaman af því að láta hugmyndir sínar verða að veruleika og lætur verkin tala, sannkölluð ofurkona. Karin flytur inn náttúrulegar og hreinar snyrtivörur. MYND/ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR



ERTU KLÁR
Í VETURINN?

*Mikið úrval af fallegum peysum*

comma,
SMÁRALIND


Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is


Framhald af forsíðu ➜

Karin Kristjana ákvað þegar hún var nýkomin úr fæðingarorlofi árið 2014 að opna vefverslun með förðunar-, hár- og líkamsvörur. „Ég var með tvo unga syni sem fæddust með rúmlega árs millibili og sá eldri er langveikur svo það var nóg að gera á heimilinu. Þá datt mér í hug að setja upp lítinn og krúttlegan rekstur á netinu sem ég gæti unnið við heima. Það hentaði mér miklu betur en að vinna frá níu til fimm,“ segir hún. „Ég er afar hlynnt snyrtivörum sem eru náttúrulegar, lífrænar og hreinar. Helst vildi ég flytja inn vörur sem höfðu sérstöðu erlendis og fengust ekki hér á landi. Eftir að hafa setið við tölvuna og kynnt mér slíkar vörur um allan heim af fullum krafti ákvað ég að fara sjálf í innflutning á snyrtivörum. Með eigin rekstri gæti ég stjórnað tíma mínum betur og verið meira með fjölskyldunni,“ útskýrir hún.

## Fyrirtækið óx og dafnaði

Eftir að Karin setti upp vefverslunina fyrir Nola fór boltinn að rúlla. Fyrirtækið óx mjög hratt í höndum hennar og endaði á því að hún opnaði verslun á Höfðatorgi árið 2016. Í dag er hún jöfnum höndum með verslun, netverslun og heildverslun ásamt því að vera með heimili og þrjá unga syni. Fyrirtækið er enn að vaxa og flytur á næstu dögum í stærra húsnæði í Ármúla. „Það er bæði krefjandi og mikil áskorun að standa í öllu þessu ásamt því að vera með lítið barn, ég skal alveg viðurkenna það. Að vera í fæðingarorlofi með eigin rekstur krefst góðs skipulags. Mér finnst starfið ekkert vera erfiðara en áður en vissulega þarf maður góða fjölskyldu og gott fólk í kringum sig,“ segir hún.

„Það er vissulega ákveðið hark að reka eigið fyrirtæki og mikil vinna í kringum það. Áður en ég fór út í reksturinn var ég að vinna hjá öðrum ásamt því að starfa sem sjálfstætt starfandi sminka en mér finnst þægilegra að vera í eigin rekstri. Ég get gefið fjölskyldunni meiri tíma heldur en ef ég væri í fullri vinnu hjá öðrum. Ég legg til dæmis mikla áherslu á að vera heima þegar eldri strákarnir mínir eru búnir í skólanum,“ segir hún. „Síðan þykir mér alltaf mjög skemmtilegt að taka að mér eitt og eitt förðunarverkefni, til dæmis brúðkaup og árshátíðir. Á tímabili vann ég við auglýsingar, stuttmyndir, sem aðstoðarsminka í bíómyndum ásamt því að sminka á tískuvikum erlendis,“ segir Karin og bætir við að sér hafi þótt það virkilega skemmtilegt.

## Erfið lífsreynsla

Það hafa þó ekki alltaf verið gleðidagar í lífi hennar því í fyrra fæddi Karin andvana dreng þegar hún var hálfnuð á meðgöngu. „Þetta var blaut tuska í andlitið og ég áttaði mig á því hversu litlu við stjórnum í lífinu. Ég fæddi í janúar 2017 og drengurinn okkar fékk nafnið Pétur Leó. Það var mikið áfall og eftir þá lífsreynslu ákvað ég að taka því rólega. Ég varð síðan aftur barnshafandi um haustið. Ég viðurkenni að sú meðganga var erfið þar sem maður var litaður af kvíða og hræðslu við að eitthvað kæmi aftur fyrir. Þegar maður verður fyrir svona áfalli finnur maður best hversu gott er að hafa frábært fólk í kringum sig. Ljósmæður og annað starfsfólk á fæðingardeildinni pakkaði mér inn í bómull og hugsaði mjög vel um mig,“ segir hún.



Karin missti dreng á meðgöngu í byrjun árs 2017 sem var gríðarlegt áfall. Þegar hún gekk með Úlf Skugga fann hún fyrir miklum kvíða um að eitthvað kæmi fyrir. Sem betur fer gekk allt vel. MYNDIR/ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR

## Lífið heldur áfram

Þegar Karin er spurð hvort hún hafi tíma til að fylgjast með nýjustu stefnum og straumum í förðunartískunni, svarar hún því játandi. „Ég reyni það,“ segir hún. „Maður nýtir netið þegar tími gefst og ég hef tekið eftir að náttúrulegir litir eru mjög vinsælir í haust. Glimmerið, liquid lipsticks og skarpar línur eru að dvína og útlitið er látlausara. Ungar konur eru mjög meðvitaðar um snyrtivörur, hvað þær innihalda og hvaðan þær koma. Sjálf fylgist ég vel með öllum nýjungum til að geta upplýst viðskiptavini mína betur. Fólk er farið að nota netið meira til að skoða vörur, kemur síðan í sérvöruverslun og vill fá þjónustu. Neytendur eru vandlátir í dag og heimurinn er orðinn lítill í viðskiptum.“

## Annasamir dagar

Dagarnir eru annasamir hjá Karin sem byrjar hvern dag á að græja gengið á heimilinu til skóla og vinnu ásamt Frikka manni sínum og tekur síðan barnið með sér á fundi þar sem hún þarf að mæta. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel,“ segir hún. „Mér finnst ég vera að sinna áhugamálinu mínu þegar ég er í vinnunni en vera í vinnunni þegar ég er í heimilisstörfunum. Það er heilmikil vinna að hugsa um heimili og börn, tómstundir sem fylgja þeim, íþróttir og bekkjarkvöld svo eitthvað sé nefnt. Síðan þarf auðvitað að sinna heimilisstörfum og sjálfum sér,“ bætir hún við og líklegast geta allar mæður ungra barna tekið undir þau orð.




Karin ætlaði sér að vera með lítið og krúttlegt fyrirtæki á netinu en það óx hratt og dafnaði. Hún selur náttúrulegar snyrtivörur hjá Nola.is.

Eiginmaður Karinar, Frikki, er hugbúnaðarsérfræðingur og sér um heimilisstörf til jafns við Karin og aðstoðar við fyrirtækjareksturinn. Synirnir heita Styrmir, 7 ára, Sölvi, 6 ára og Úlfur Skuggi sem er tveggja mánaða. „Mér finnst vinnan mín ótrúlega skemmtileg en geri mér fyllilega grein fyrir því að hún er ekki það mikilvægasta í lífinu,“ segir Karin. „Ég hef alltaf verið uppfull af hugmyndum og reyni að láta þær rætast auk þess að vera skapandi. Ég er mjög meðvituð um að kulnun í lífi og starfi sé raunverulegt fyrirbæri. Ég stunda ekki líkamsrækt, en myndi sennilega gefa mér tíma í það ef ég hefði áhuga en hleyp í staðinn á eftir börnunum. Mér finnst gaman að elda og hlusta á tónlist, auk þess sem er æðislegt að hafa tíma til að hitta vini og ættingja.“









Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,



Tunika frá Gozzip
Stærðir 38-56, verð kr. 12.980



Kápa frá Studio
Stærðir 38-56, verð kr. 38.980



Peysa frá Handberg
Stærðir 42-54, verð kr. 10.980



Peysa frá Handberg
Stærðir 42-54, verð kr. 18.980



Létt-dúnúlpa frá Frandsen - Denmark
Stærðir 40-54, verð kr. 18.980

# FLOTT FÖT...



Treggings frá Yest
Stærðir 36-48, verð kr. 4.980



Pleður-treggings frá Yest og YestA
Stærðir 38-58, verð kr. 7.980



Kápa frá Yest og YestA
Stærðir 38-58, verð kr 18.980



Tunika frá Colletta+
Stærðir 44-60, verð kr. 13.980



Peysa frá No Secret
Stærðir 42-56, Verð kr. 11.980

# ..FYRIR FLOTTAR KONUR



Belti frá Tamaris
Lengdir 80-115 cm, verð kr 4.990



Belti frá Tamaris
Lengdir 80-115 cm, verð kr. 3.990



Skór frá Tamaris
Stærðir 37-41, Verð kr: 12.980



Peysukápa frá Zhenzi og Ze-Ze
Stærðir 40-56, verð kr. 8.990



Peysa frá Ze-Ze og ZHENZI
Stærðir 38-58, verð kr. 7.990



Peysa frá Ze-Ze og ZHENZI
Stærðir 38-56, verð kr. 7.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460
















Amandla Stenberg er yfirlýstur femínisti, skilgreinir sig sem kynsegin og kom út úr skápnum sem lesbía í viðtali nýverið. Hún er óhrædd við að ræða pólitískar skoðanir sínar í viðtölum og á samfélagsmiðlum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rue er orðin stór

**Leikkonan Amandla Stenberg er vaxin úr grasi. Hún öðlaðist heimsfrægð sem Rue í Hunger Games og hefur haldið ótrauð áfram að vinna að bæði leik- og tónlistarferli sínum.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

Amandla Stenberg er þekktust fyrir hlutverk sitt sem hin smáa en knáa Rue í kvikmyndinni Hunger Games. Hún leikur nú aðalhlutverkið í myndinni The Darkest Minds sem frumsýnd verður í bíóhúsum landsins um helgina.

Myndin sem er vísindatryllir fjallar um það þegar sjúkdómur verður 98% bandarískra barna að bana. Þau 2% sem eftir lifa öðlast ofurkrafta og eru send í fangabúðir. 16 ára gömul stúlka sleppur úr búðunum og gengur til liðs við aðra táninga á flótta frá yfirvöldum.

Amandla verður tvítug í október. Hún er hálfbandarísk og hálfdönsk og á ættir að rekja til Grænlands. Hún hefur gert það gott á leiklistarsviðinu en hún er einnig vel þekkuð í tónlistarheiminum og er í dúettinum Honeywater.

Stenberg er femínisti og óhrædd við að ræða pólitískar skoðanir sínar í viðtölum og á samfélagsmiðlum. Hún skilgreinir sig sem kynsegin og kom út úr skápnum sem lesbía í nýlegu viðtali en hún á í sambandi við söngkonuna King Princess.

> **Amandla er hálfbandarísk og hálfdönsk og á ættir að rekja til Grænlands.**



Amandla er verðugur fulltrúi ungu kynslóðarinnar í Hollywood og þykir taka sig vel út á rauða dreglinum.

SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
RolfPRIMA
TRI






LOUISGARNEAU
ParkTool
Tacx
STAGES

#becube #triverslun

CASTELLI kemur í október!
DT SWISS
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
CUBE

SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

# Skjótur og varanlegur árangur

Detox-poki, SPM-meðferðir og súrefnishjálmur eru vinsælustu meðferðirnar hjá Heilsu- og fegrunarstofu Huldu sem veitir líkamsmeðferðir með þýsku tækjunum frá Weyergans High Care sem eru brautryðjendur á sviði lækninga og fegrunar.



Meðferð með súrefnishjálmi sýnir samstundis árangur. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Detox-pokinn hentar vel þeim sem glíma við latan ristil, appelsínuhúð, yfirþyngd, gigt, fótapirring, bjúg og heilsufarsvandamál vegna myglusvepps," útskýrir Hulda Eysteinsdóttir um pokann sem hlutleysir umframbirgðir af sýrum í líkamanum, bætir heilsuna og gerir húðina stinnari. Meðferðin er áhrifarík forvörn við gigtarsjúkdómum og beinþynningu, og getur haft í för með sér hratt þyngdartap og minnkað líkamsummál í tilfellum efnaskiptavillu og hás líkamsþyngdarstuðuls (BMI)."

SPM-meðferðir gefa sýnilegan árangur eftir fyrstu meðferð.

„SPM er sogpumpunudd sem við köllum stundum ryksugu," segir Hulda. „Nuddið hentar öllum sem sækjast eftir skjótum og viðvarandi árangri. Það síar út umfram sogæðavökva, endurnýjar húðvef, örvar efnaskipti og fitubrennslu, og gerir húðina stinnari. Það er einnig frábær meðferð við bólum og rósroða og einkar árangursríkt til andlitslyftingar."

Húðmeðhöndlun með súrefnishjálmi byggir á vísindalegum efnafræðilögmálum.

„Hreint súrefni er leitt inn að húðinni með rafeindatækni sem stuðlar að sjáanlegri yngingu húðar. Það hjálpar húðinni að sinna uppbyggingu, hreinsun, viðhaldi, stinningu og styrkingu," útskýrir Hulda um náttúrulega meðferð sem hentar öllum sem vilja samstundis sjá og finna árangur.

### Fundu strax mikinn mun

**Sigríður Poulsen** var illa haldin vegna þrálátrar vöðvabólgu í öxlum og baki. Eftir aðeins tvo tíma í Vacu Med-tækinu hjá Huldu fann hún strax mikinn mun.

„Ég er mikil handavinnukona og var alveg hætt að geta gert neitt. Ég hafði margoft farið til sjúkraþjálfara en aldrei fengið bata á við þennan og alls ekki á svo fáum skiptum. Nú get ég notað hendurnar á ný og finn ekki fyrir verkjum, stirðleika né máttleysi. Ég er aftur farin að prjóna, sauma og spila golf, en fyrir meðferðina var ég hætt að geta lyft kylfunum," segir Sigríður sem mælir hikstalaust með meðferðum Huldu.

**Þráinn Sigurbjörnsson** var slæmur í liðum og illa haldinn af gigt ofan í fætur þegar hann fór í Vacu Sport-tækið hjá Huldu.

„Eftir fyrsta tímann varð ég eins og nýr maður hvað hreyfigetuna varðar og eftir aðeins fimm tíma hafði ég losnað við alla verki og átti auðveldara með allar hreyfingar. Það trúir því enginn fyrr en hann reynir það hvað þetta tæki gerir manni gott og því ráðlegg ég öllum sem eiga bágt með hreyfingar að upplifa afbragðs árangur sem skilar sér fljótt og vel," segir Þráinn.

Heilsu - og fegrunarstofa Huldu er í Borgartúni 3. Sími 557 4575 og 772 4575. Nánari upplýsingar á hfhulda.is og Facebook. Netfang: hfhulda@gmail.com

# Skapar sjónhverfingar á eigin líkama

Dain Yoon er einstakur listamaður frá Suður-Kóreu sem notar vatnsliti til að mála á sig ótrúlegar sjónhverfingar. Verk hennar eru bæði mjög flott og ruglandi, en þau eru víst ekki unnin í tölvu.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Suðurkóreski listamaðurinn Dain Yoon hefur vakið mikla athygli fyrir flotta og frumlega förðun, en þessi einstaki listamaður notar vatnsliti til að mála á sig magnaðar sjónhverfingar sem er ótrúlegt að séu ekki tölvugerðar.

Dain kallar verk sín sjónhverfingalist og sýnir þau á Instagram-síðu sinni undir nafninu designdain. Við fyrstu sýn virðast mörg verk hennar vera unnin í Photoshop, en Dain segir að þau séu að öllu leyti gerð með málningu.

Dain er einstaklega fær málari, svo verk hennar ögra skynjun okkar. Sumum finnst erfitt að horfa á þau og flestir þurfa smá stund til að átta sig á því sem fyrir augu ber.

Dain er alin upp af listamönnum og hefur málað síðan hún var barn. Hún gekk í virta listaháskóla í Suður-Kóreu og útskrifaðist efst í sínum bekk, enda einstakur listamaður. Hún nýtir málninguna bæði til að túlka fjölbreytileika einstaklinga og tilfinningar sem hún segir að eigi uppruna sinn í listrænu uppeldinu. Sjón er sögu ríkari.





Listamaðurinn Dain Yoon notar vatnsliti til að mála á sig einstakar sjónhverfingar. MYNDIR/DAIN-YOON.COM



List Dain Yoon er virkilega fjölbreytt, frumleg og flott og hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim.






# Veitingastaðir

FIMMTUDAGUR 27. SEPTEMBER 2018

**Kynningar:** Reykjavík Meat, Skelfiskmarkaðurinn, Kolabrautin, Center Hotels, Ostabúðin, Essensia



## Nýr veitingastaður í miðbæ Reykjavíkur

Reykjavík Meat er nýr veitingastaður við Frakkastíg 8B sem vakið hefur athygli fyrir framúrskarandi mat. Á matseðlinum eru nautasteikur, vegan, grænmetis- og fiskréttir. Almar Yngvi Garðarsson veitingastjóri segir að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. →2

Almar segir eigendur Reykjavík Meat himinlifandi yfir frábærum viðtökum gesta. Staðurinn er fyrst og fremst steikhús með mikið úrval af góðum vínum og jafnframt veganvænn. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Framhald af forsíðu ➜

Reykjavík Meat er fyrst og fremst steikhús með mikið úrval af góðum vínum. Við leggjum áherslu á fjölbreyttan matseðil, fallegt umhverfi, notalega stemningu og hagstætt verð. Víðir Erlingsson er yfirmatreiðslumaður og matseðillinn er undir áhrifum norræna eldhússins,“ segir Almar Yngvi Garðarsson, veitingastjóri og einn af eigendum staðarins.

Á matseðli Reykjavík Meat eru nautasteikur úr fyrsta flokks hráefni sem bókstaflega bráðna í munni. „Hægt er að velja um margs konar steikur sem samanstanda af því besta úr ýmsum áttum, bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Við erum mjög stolt af því að geta boðið upp á hinar vinsælu sashi steikur frá danska kjötframleiðandanum Jn Meat. Hann hefur unnið til verðlauna fyrir framleiðslu sína, nú síðast sem besti kjötframleiðandinn í World Steak Challenge 2018. Við erum einnig í samstarfi við Kjötkompaníið sem útvegar okkur frábærar steikur á hverjum degi. Allt nautakjötið á matseðlinum er því sérvalið,“ upplýsir Almar.

## Metnaðarfullur matseðill

„Reykjavík Meat er veganvænn staður, þótt steikur séu vissulega í aðalhlutverki. Við leggjum mikinn metnað í fiskrétti, grænmetis- og vegan rétti. Svo skemmtilega vill til að vinsælasti forrétturinn hjá okkur er vegan réttur, en það er kolaelduð rauðrófa með heslihnetum, fáfnisgrasi, perum og dilli en fast á eftir kemur túnfiskur,“ segir Almar.

Reykjavík Meat er sérlega fjölskylduvænn staður og boðið er upp á sérstakan matseðil fyrir börn. „Á sunnudögum erum við með sannkallaða steikarveislu. Þá er hægt að panta nautasteik og fá margs konar meðlæti svo öll fjölskyldan getur sameinast í góðum kvöldverði,“ segir Almar en steikarveislan hefur mælst mjög vel fyrir.

## Reynslumikið fagfólk

Hugmyndin að Reykjavík Meat kviknaði fyrir tveimur árum og eftir það varð ekki aftur snúið. Bæði starfsfólk og eigendur Reykjavík Meat búa yfir mikilli starfsreynslu innan veitingahúsageirans og segir Almar góða þjónustu og fagmennsku í fyrirrúmi. „Auk mín eru Ásta Steina Skúladóttir, Guðmundur Víðir Víðisson, Hanna Kristín Eyjólfsdóttir og Stefán Magnússon eigendur Reykjavík Meat. Við stöndum öll vaktina, bæði í eldhúsi og sal. Hanna, Guðmundur og Stefán unnu saman á Argentínu á sínum tíma og langaði til að opna steikarstað í þeim anda.



Víðir Erlingsson er yfirmatreiðslumaður Reykjavík Meat og matseðillinn er undir áhrifum norræna eldhússins.

> Á sunnudögum eru sannkallaðar steikarveislur á Reykjavík Meat svo fjölskyldan getur sameinast í góðum kvöldverði.

Þegar Stefáni bauðst þetta húsnæði var ákveðið að láta þennan draum rætast,“ segir Almar en þess má geta að veitingastaðirnir Mathús Garðabæjar og Nü Asian Fusion í Garðabæ eru einnig í eigu Stefáns en þeir staðir hafa heldur betur slegið í gegn.

## Vín frá gamla og nýja heiminum

Vínseðillinn á Reykjavík Meat er sérvalinn og segir Almar að vínbúrið sé hjarta staðarins. „Við bjóðum upp á vín frá nýja og gamla heiminum og stillum verðinu mjög í hóf þannig að fólk geti gert vel við sig. Við erum með sérsamning við vínframleiðandann Hess í Kaliforníu sem flytur inn vínið sérstaklega fyrir okkur. Stefán heimsótti mörg vínhéruð til að finna rétta vínið og Hess varð fyrir valinu.“



Hjá Reykjavík Meat er mikið lagt upp úr fallegu umhverfi og notalegri stemmingu. Staðurinn er mjög fjölskylduvænn.

Aðeins eru tvær vikur frá því að Reykjavík Meat var opnaður og strax frá fyrsta degi hefur aðsóknin verið gríðarleg góð en staðurinn tekur 96 manns í sæti.

„Við erum afar þakklát fyrir þessar góðu móttökur, sem fóru í raun fram úr okkar björtustu vonum. Fólk hefur tekið okkur ótrúlega vel. Margir hafa komið til okkar oftar en einu sinni á þessum stutta tíma sem hefur verið opið. Við gætum ekki verið ánægðari með móttökurnar,“ segir Almar.

Reykjavík Meat býður 20% kynningarafslátt af öllum réttum á hádegismatseðlinum til miðvikudagsins 3. október.

Eldhúsið er opið í hádeginu frá kl. 11.30-14.00 virka daga, frá 17.30-22.00 á kvöldin virka daga og frá 17.30-23.00 um helgar.

Nánari upplýsingar fást á www.rvk.meat.is og Facebook.com/rvkmeat.



Kolaelduð rauðrófa með heslihnetum, fáfnisgrasi, perum og dilli er veganréttur og vinsælasti forrétturinn.



Nautalund deluxe með seljurót, sveppum, svörtum hvítlauk og soðgljáa er meðal þess sem er á matseðlinum.



Hjá Reykjavík Meat er allt hráefnið fyrsta flokks. Grísarifin á hádegisverðarseðlinum hafa slegið í gegn, enda bragðmikil og bráðna bókstaflega í munni.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 512 5483 | Veffang: frettabladid.is

# Beitukóngur er herramannsmatur

Skelfiskmarkaðurinn er þriðji staðurinn sem Hrefna Sætran opnar á ellefu árum en hinir tveir, Fiskmarkaðurinn og Grillmarkaðurinn, hafa fyrir löngu unnið sér fastan sess í veitingastaðaflóru landsins enda þekktir fyrir gæði og frumleika í matargerð. Skelfiskmarkaðurinn er til húsa á Klapparstíg við Laugaveg og býður upp á léttari mat, kaffi og brunch og svo auðvitað skelfisk.



Hrefna Sætran og Axel B. Clausen eru eigendur og yfirmatreiðslumenn á Skelfiskmarkaðinum. MYND/BJÖRN ÁRNASON

Við byrjuðum með Fiskmarkaðinn í lok ágúst 2007, sama dag og við opnuðum Skelfiskmarkaðinn ellefu árum síðar," segir Hrefna Sætran aðspurð um þróun veitingastaða sinna. Þegar hann hafði gengið vel í fjögur ár opnuðum við Grillmarkaðinn fyrir sjö árum og ákváðum að tengja þá saman með því að halda í markaðsendinguna þó áherslurnar væru að ýmsu leyti ólíkar því það væri ákveðinn gæðastimpill fyrir gesti að vita hvað stendur á bakvið nafnið. Og nú opnum við þriðja veitingastaðinn, Skelfiskmarkaðinn."

## Ræktum eigin ostrur

Hún segir að Skelfiskmarkaðurinn verði að mörgu leyti léttasti veitingastaðurinn af þessum þremur. „Fiskmarkaðurinn er fínn staður sem er bara opinn á kvöldin, Grillmarkaðurinn er svona mitt á milli, með hádegisverðartilboð og þess háttar og svo er Skelfiskmarkaðurinn svona „brasserie" staður þar sem verður hægt að koma í notalegan kaffibolla, þægilegan hádegisverð en líka kvöldverð og kokteila." Og náttúrlega skelfisk. „Á brasserie-stöðum erlendis er alltaf boðið upp á ostrur," segir Hrefna aðspurð um nafnið. „Við ákváðum fyrir fjórum árum að byrja á hráefninu, ekki byrja á því hvar staðurinn átti að vera heldur hvað við ætluðum að hafa á boðstólum og niðurstaðan varð sú að við förum út í ostrurækt með fyrirtæki á Húsavík sem heitir Víkurskel. Þeir rækta ostrurnar og við erum í því með þeim og það varð svona kveikjan að þessu öllu." Hún segir að sér finnist skelfiskur vannýttur hérlendis. „Við eigum auðvitað okkar rækjusamlokur og svo er humarinn borðaður og bláskel má finna á stöku stað en allur hinn skelfiskurinn er lítið nýttur, svona eins og beitukóngur til dæmis sem er herramannsmatur. En það er auðvitað ekki bara skelfiskur á matseðlinum, við erum með steikur og grænmetisrétti og fisk, þarna verður skelfiskurinn bara á boðstólum líka."

## Gæðavín í glasavís

Skelfiskmarkaðurinn er til húsa við Klapparstíg. „Hádegisseðillinn er frá hálf tólf til fimm og hægt að koma í fisk dagsins allan þann tíma. Eldhúsið lokar ekki fyrr en klukkan hálfellefu á kvöldin virka daga og ellefu á föstudögum og laugardögum og staðurinn sjálfur verður opinn til allavega eitt eftir miðnætti," segir Hrefna. „Við erum með „happy hour" frá þrjú til sex og aftur frá ellefu til eitt á kvöldin og svo verður plötusnúður að störfum á föstudags- og laugardagskvöldum. Í kjallaranum er svo lítill veislusalur þar sem er rúm fyrir átján til fjörutíu gesti með fullbúnu eldhúsi og bar sem er fullkominn fyrir hópa."

Hún nefnir að einnig verði hægt að koma í háte sem nýtur vaxandi vinsælda um allan heim, og svo dögurð eða brunch. „High tea er á boðstólum frá hálfþrjú til fimm alla daga og þar færðu blöndu af alls konar, gúrkusamlokur, sætmeti og makkarónur og hægt að velja um kaffi eða te og svo verður líka hægt að fá vín eða kampavín með. Brunch verður svo í boði um helgar."

Þá er einnig í boði fjölbreytt úrval húsvína. „Við flytjum sjálf inn gæðavín frá Ítalíu og á Skelfiskmarkaðnium erum við með mikið úrval af glasavíni. Þú þarft ekki endilega að kaupa flösku heldur getur keypt fínt vín í glasi og valið úr fleiri tegundum."

## Fyrir og eftir tónleika

Og fleiri nýjungar eru í farvatninu. „Við verðum með tónleikamatseðil þar sem fólk getur komið til okkar í forrétt og aðalrétt, farið svo á tónleika í Hörpu eða í leikhúsið og komið svo aftur til okkar í desert og dottið þá kannski inn í happy hour," segir Hrefna og bætir við: „Stundum langar fólk ekki að borða alveg þriggja rétta máltíð fyrir tónleika eða leikhús og þá er kjörið að eiga það inni að koma aftur, ræða um tónleikana eða leikritið og fá sér eftirrétt og drykk eða kaffi."

Aðspurð hvort næsti staður sé kominn á teikniborðið svarar hún neitandi. „Grillmarkaðurinn er sjö ára og það var ekki fyrr en hann var orðinn þriggja ára sem við fórum að pæla hvort við ættum að gera eitthvað meira. Skelfiskmarkaðurinn hefur verið í þróun í fjögur ár og miklar pælingar í matseðlum, hráefni, staðsetningu og svo framvegis þannig að þetta er ekki hugmynd sem kviknaði fyrir stuttu síðan. Það er mikil vinna að baki og nú tekur við að festa þennan stað í sessi. Við myndum aldrei byrja að pæla í nýjum stað fyrr en þessi væri orðinn stöðugur."

Skelfiskmarkaðurinn er til húsa að Klapparstíg 28-30 og er opinn frá 11.30 til 01 alla daga. Nánar á skelfiskmarkaðurinn.is.


Ostrur eru ómissandi á brasserie og ostrurnar á Skelfiskmarkaðinum eru sérstaklega ræktaðar hjá Víkurskel á Húsavík.



Skelfiskmarkaðurinn er opinn frá hálf tólf alla daga og hægt er að panta rétti af hádegisverðarseðli til klukkan fimm eins og til að mynda fisk dagsins.



Gleðistundirnar eru tvær á sólarhring á Skelfiskmarkaðinum, milli þrjú og sex og svo kringum miðnættið.


Dögurðurinn á Skelfiskmarkaðinum er einstaklega girnilegur og í boði bæði laugardaga og sunnudaga.

# Ítölsk upplifun í hjarta borgarinnar




Gestir eru í opnu rými og geta fylgst með kokkum og þjónum að störfum. MYND/EYÞÓR

**Hákon Már Örvarsson opnaði veitingahúsið Essensia fyrir tveimur árum þar sem boðið er upp á ítalskan mat úr gæðahráefni. Pastað er gert frá grunni og pitsurnar bakaðar í sérstökum eldofni. Glæsilegt veitingahús í miðbænum.**

Áherslurnar á Essensia eru ítalskar og hugmyndin að staðnum sótt til Ítalíu. Það voru þarlendir arkitektar sem hönnuðu staðinn sem er bjartur og fallegur. Opið eldhús setur svip á umhverfið og stórir gluggar gefa gestum tækifæri til að horfa út á Arnarhól og að Hörpu. Essensia er staðsett á Hverfisgötu 4-6.

„Við bjóðum ítalska smárétti, ferskt heimalagað pasta, eldbakaðar pitsur sem eru bakaðar við 350°C hita, kálfasnitsel og fisk dagsins svo eitthvað sé nefnt. Matseðillinn er fjölbreyttur og við allra hæfi,“ segir Hákon Már sem dvaldi á Ítalíu og kynnti sér Miðjarðarhafsfæði áður en hann opnaði staðinn. „Staðurinn er hannaður og gerður af Ítölum og gestir finna það þegar þeir koma inn. Ég er búinn að vera lengi starfandi sem matreiðslumaður og ég fann að smekkur minn var orðinn einfaldari en áður í matargerðinni og þess vegna leitaði ég til Ítalíu. Ég vil vinna með ósvikið gæðahráefni. Við flytjum inn skinku og osta frá Ítalíu. Hveitið í pitsuna og sósan eru sömuleiðis beint frá Ítalíu. Síðan notum við að sjálfsögðu okkar góða íslenska hráefni og búum til frábæra rétti sem gestum okkar hefur líkað mjög vel og þeir koma aftur og aftur,“ segir Hákon.

Hann segir að öll matreiðsla sé einföld en virkilega góð. „Við viljum eingöngu selja gæði og heiðarleika,“ greinir hann frá. „Um þessar mundir er staðurinn tveggja ára og hefur gengið framar öllum vonum. Í tilefni af því bjóðum við upp á hádegistilboð. Við bjóðum fiskrétt dagsins, pastarétt eða pitsu á 1.990 krónur. Fólk getur valið um þetta þrennt í hádeginu á þessu verði. Síðan höfum við nýlega tekið upp brunch í hádeginu um helgar,“ segir Hákon en gestir staðarins eru flestir Íslendingar. „Við miðum okkur við þarfir Íslendinga enda erum við vinsæll kostur fyrir þá sem eru að fara í leikhús eða tónleika. Það er stutt að ganga í Þjóðleikhúsið, Gamla bíó eða Hörpuna. Við getum líka tekið á móti fólki eftir sýningar þar sem eldhúsið er opið til 23 um helgar.“

Hákon vildi hafa opinn stað þar sem gestir geta fylgst með kokkunum að störfum. „Upplifun gestanna er hluti af stemmingunni,“ segir hann. „Humarpitsan okkar hefur til dæmis slegið í gegn og er einn vinsælasti rétturinn. Annar vinsæll réttur er ravioli með spínat- og ricotta-fyllingu. Kálfasnitselið okkar, milanese að okkar hætti, hefur dregið fólk á staðinn aftur og aftur. Síðan erum við með tiramisu sem allir ættu að smakka en það er einstaklega gott. Við leggjum sömuleiðis áherslu á gæðafiskrétti. Þessa dagana bjóðum við meðal annars upp á heilsteiktan kola.“

Essensia er með góða heimasíðu, essensia.is, þar sem hægt er að skoða matseðil og panta borð. „Það er þægileg leið að panta á netinu en auðvitað er líka alltaf hægt að hringja í okkur í síma 517-0030,“ segir Hákon og segir að mikið sé lagt upp úr þægilegri og góðri þjónustu. „Fólk getur komið til okkar við alls konar tækifæri og við reynum að gera upplifunina skemmtilega. Við erum með flottan vínseðil, mikið úrval af ítölskum vínum og töluvert af eldri árgangsvínum ef fólk vill prófa eitthvað alveg sérstakt. Við bjóðum líka upp á limoncello spritz sem hefur verið mjög vinsæll drykkur í sumar.“

Essensia verður með jólaseðil sem byrjar í lok nóvember.

Essensia er opinn sex daga vikunnar í hádegi og á kvöldin en lokað er á mánudögum eins og tíðkast víða erlendis. Hægt er að skoða matseðil á essensia.is og kynna sér nýjungar á Facebook-síðu staðarins.



Hákon Már Örvarsson fagnar tveggja ára afmæli Essensia um þessar mundir og er ánægður með móttökur. MYND/EYÞÓR



Essensia var hannaður af ítölskum arkitektum og hönnuðum. Umhverfið er glæsilega innréttað. MYND/EYÞÓR



Heimagert ravioli með spínat- og ricottafyllingu er réttur sem er í uppáhaldi hjá mörgum.



Humarpitsan er með vinsælustu réttunum á Essensia.



Kálfakjöt milanese að hætti hússins sem heillar alla.

# Ómótstæðilegar upplifanir

CenterHotels geyma þrjá dýrindis veitingastaði á þremur heillandi hótelum í miðborg Reykjavíkur. Þar er að finna ljúffenga matargerð í einstöku umhverfi.




Guðrún Elva Hjörleifsdóttir er forstöðumaður veitingasviðs CenterHotels. Hér er hún tilbúin að taka á móti gestum á Jörgensen Kitchen & Bar á CenterHotel Miðgarði. MYND/EYÞÓR

### Ísafold Restaurant

„Ísafold er litla perlan okkar,“ segir Guðrún Elva Hjörleifsdóttir, forstöðumaður veitingasviðs CenterHotels, um veitingastaðinn Ísafold sem er á CenterHotel Þingholti við Þingholtsstræti 5.

„Á Ísafold leggjum við mikla áherslu á ferskleika í matargerð og allt hráefni er valið af alúð. Íslenskt gæðahráefni er því aðalsmerki okkar, sem kemur bersýnilega fram í ljúffengum réttum sem eru í boði bæði á kvöldin, á daginn og í hádeginu. Daglega bjóðum við upp á sértilboð á súpu dagsins með brauði á aðeins 950 krónur, sem hægt er að njóta á veitingastaðnum eða taka með,“ upplýsir Elva.

Veitingastaðurinn er á besta stað í bænum og býður upp á einstaklega notalega kvöldstund í miðborginni.

„Það er fullkomið að tylla sér í sófana á Ísafold í notalegu andrúmslofti og fá sér drykk og smakk af nýja lounge-seðlinum okkar,“ segir Elva. „Einnig er hægt að taka dekrið enn lengra og njóta þess að fara í spa fyrir eða eftir kvöldverð en Ísafold spa er staðsett rétt við veitingastaðinn. Núna eru í boði spennandi dekurpakkar sem fela í sér aðgang að Ísafold spa ásamt þriréttuðum matseðli að hætti kokksins á aðeins 5.990 kr.“

Maturinn á Ísafold Restaurant er ekki það eina sem staðurinn er þekktur fyrir heldur fæst þar einstakt úrval vína.

„Einn af færustu vínþjónum landsins, Stefán Guðjónsson, hefur verið með námskeið í pörun á víni og mat og vill svo skemmtilega til að næsta námskeið verður haldið 4. október næstkomandi. Mikil eftirspurn hefur verið eftir námskeiðunum hans Stefáns og því um að gera að tryggja sér sæti við borðið við fyrsta tækifæri,“ segir Elva.

Á Ísafold er einnig frábær aðstaða fyrir litla hópa sem vilja vera með fundi eða einkasamkvæmi á veitingastaðnum og er aðstaðan tilvalin fyrir allt að sextán manns.

### SKÝ Restaurant & Bar

Veitingastaðurinn SKÝ Restaurant & Bar er staðsettur á efstu hæð á CenterHotel Arnarhvoli við Ingólfsstræti 1.

„Frá SKÝ er stórbrotið útsýni yfir til Esju, Akrafjalls, Skarðsheiðar og Faxaflóa. Það er einstök upplifun að gæða sér á gómsætum réttum undir litríku sólsetri og dansandi norðurljósum,“ segir Elva um upplifun þess að njóta gæðastundar á SKÝ. Fjölbreytt úrval af réttum er í boði á la carte seðli SKÝ sem gerir það að verkum að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Að auki er í boði mjög gott úrval af kokteilum.

„Stoltust erum við af fjallastél-



Á SKÝ er hægt að njóta dásamlegra veitinga og panta af sérstökum sýningarmatseðli sem hentar vel þeim sem eru á leið í leikhús.



Á Jörgensen er hægt að taka á móti smáum og stórum hópum en einfalt að skipta rýminu til að hóparnir geti verið út af fyrir sig.



Útsýnið á 8. hæð SKÝ er óviðjafnanlegt yfir hafið, fjöllin og höfuðborgina.



Jörgensen er vinsæll í hádeginu en líka á kvöldin, og í desember verður þar freistandi jólamatseðill fyrir hópa.



Á Ísafold er mikið lagt upp úr fallegri hönnun og notalegri upplifun.

> Það er ekki hægt að lýsa því nógu vel í orðum hversu stórkostlegt það er að láta fara vel um sig á SKÝ á kvöldin, njóta þar afbragðs veitinga og horfa á ljósadýrðina í Hörpu.

unum okkar sem eru sérvaldir kokteilar, nefndir eftir fjallstoppunum sem sjást frá veitingastaðnum. Í hverjum mánuði bjóðum við upp á eitt fjallastél á sértilboði, á aðeins 1.700 krónur,“ útskýrir Elva, en í september hefur Geirmundartindur verið á tilboði.

„Auk fjallasýnarinnar er einstaklega skemmtilegt útsýni yfir til Hörpu og því einstakt að njóta þess að horfa á ljósadýrð Hörpu yfir vetrartímann,“ segir Elva.

„Við bjóðum upp á sérstakan sýningarseðil sem er tilvalinn fyrir gesti sem eru til dæmis að fara á tónleika í Hörpu eða á leiksýningu í Þjóðleikhúsinu. Sýningarseðillinn inniheldur tvo gómsæta rétti frá aðeins 4.600 krónum,“ upplýsir Elva og bætir við: „Í desember verður einnig boðið upp á freistandi jólaseðil fyrir hópa en það hefur verið mjög vinsælt að heimsækja SKÝ fyrir jólin og njóta þess að snæða jólamat umvafin jólaljósadýrðinni í Hörpu og miðborginni.“

### Jörgensen Kitchen & Bar

Jörgensen er einstaklega notalegur veitingastaður á CenterHotel Miðgarði við Laugaveg 120.

„Jörgensen er léttur og litríkur veitingastaður sem býður upp á mjög gott úrval af réttum í hádeginu og á kvöldin. Réttirnir sem ýmist eru fiskur, pasta eða kjöt ásamt grænmetisréttum eru samsettir úr gæðahráefni með ferskleika í fyrirrúmi,“ upplýsir Elva.

Veitingastaðurinn er rúmgóður og getur tekið á móti smærri og stærri hópum, allt að 145 manns í einu. „Hægt er að skipta rýminu niður og því einfalt að vera út af fyrir sig þótt staðurinn sé þéttsetinn.

Hópmatseðillinn á Jörgensen hefur verið mjög vinsæll allt frá því að veitingastaðurinn var opnaður og nú í desember ætlum við að gera enn betur og bjóða upp á dýrindis jólaseðil fyrir hópa. Það er nýjung sem við ætlum að bæta við sökum mikillar eftirspurnar,“ segir Elva.

Í hádeginu er spennandi hádegisseðill á Jörgensen og súpa dagsins fylgir með öllum réttum. Hádegisseðillinn er í boði til klukkan 17 á daginn en eftir það tekur við fjölbreyttur á la carte seðill á góðu verði.

„Fimmtudagskvöld hafa verið sérstaklega lífleg á Jörgensen í sumar og verða sömuleiðis í vetur þar sem við munum bjóða upp á lifandi tónlist; djass, söng eða DJ undir heitinu Tónlist í garðinum. Á meðan á viðburðunum stendur bjóðum við 20 prósent afslátt af barseðlinum og Happy Hour á drykkjum. Einnig höfum við boðið reglulega upp á vínkynningu sem vínþjónninn margfróði Sævar Már Sveinsson hefur séð um. Næsta vínsmökkun hjá Sævari verður 11. október og því um að gera að panta sér sæti því vínsmökkunin hefur verið mjög vinsæl síðustu mánuði,“ segir Elva.

Nánari upplýsingar á centerhotels.is/veitingastadir.

BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery
REYKJAVÍK

# JÓLASEÐILL EÐA HLAÐBORÐ FYRIRTÆKI OG HÓPAR.

Jólaseðillinn (hægt er að fá vegan útgáfu)

Forréttir:
Marineruð síld í IPA bjór og bláberjum á rúgbrauði
Grafinn lax í Fagnaðarerindinu (jólabjór) og sinnepssósa
Bjórgrafið lamb með epli, basil og hindberjadressingu
Rækjukokteill með mangó og sítrussósu

Aðalréttur:
Confit de Canard
(andalæri) með beikon-kartöflumús, döðlumauki, vorlauk, ostrusveppum og appelsínu-soðsósu

Eftirréttur:
Bjór-ís (stout) með piparköku mulning, bökuðu hvítu súkkulaði og kirsuberjasósu

– 7.990 kr.
(hægt að fá drykkjarpörun á 4.990 kr. aukalega)

**Pantanir í síma 456 4040 eða booking@bryggjanbrugghus.is**

Jólahlaðborð (50 manns eða fleiri)

Forréttir
Bláberja & IPA marineruð síld með rúgbrauði
Sinnepssíld með rúgbrauði
Lax, grafinn í Fagnaðarerindinu með sinnepssósu
Reyktur lax með piparrótarsósu
Reyktar rækjur í skel og chilitartarsósa
Bjórgrafið lamb með hindberja- og basildressingu
Vegan jóla taco með döðlumauki & stökkri gulrót
Vegan paté á rúgbrauði með bjórsýrðri gúrku & sætum lauk ( inniheldur hnetur )
Jólasalat með eplum, hnetum & hindberjadressingu

Aðalréttir
Andalæri – confit de canard
Purusteik af bjórgrís
Hnetusteik

Meðlæti
Sykurbrúnaðar kartöflur
Rósakál
Gljáðar gulrætur
Appelsínugljái

Eftirréttir
Bjórís með kirsuberjasósu og piparkökumulning
Súkkulaðikaka Bryggjunnar og fersk ber
Kókostoppar

– 9.990 kr.

GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK * 00354 456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

# Einstakur staður með gamlar rætur

**Veitingastaður Ostabúðarinnar er opinn í hádeginu og fram á kvöld. Þar fæst einstakur gæðamatur sem er að mestu gerður úr íslensku hráefni sem er unnið á staðnum og eðalvín á sanngjörnu verði.**

Ostabúðin er rótgróin sælkeraverslun á Skólavörðustígnum sem býður upp á eitt breiðasta úrval íslenskra og erlendra osta sem völ er á á landinu.

Veisluþjónustan þeirra er einnig vinsæl fyrir hin ýmsu tilefni og nýverið opnaði Ostabúðin fallegan veislusal á Grandanum sem tekur allt að 100 manns í sæti.

Ostabúðin rekur einnig notalegan veitingastað sem er opinn í hádeginu og fram á kvöld. Staðurinn býður upp á einstakan og fjölbreyttan gæðamat sem er að mestu unninn úr íslensku hráefni, fagmannlega þjónustu og eðalvín á sanngjörnu verði.

„Ég stofnaði Ostabúðina árið 2000 en à la carte veitingastaðurinn sem er opinn á kvöldin fór af stað 2015,“ segir Jóhann Jónsson, eigandi Ostabúðarinnar. „Frá 2003 höfum við verið með hádegisstað í kjallaranum í Ostabúðinni samhliða búðinni sjálfri. Árið 2015 sáum við svo tækifæri til að taka pláss við hliðina á Ostabúðinni og opna á milli kjallarans og nýja plássins og opna kvöldverðarstað líka.“

## Frábær matur og skynsamlegt verð

„Við bjóðum upp á evrópska matargerð með frönskum áherslum. Við höfum rausnarlegar skammtastærðir og stillum verði í hóf eftir besta megni,“ segir Jóhann. „Við vinnum mikið frá grunni úr íslensku hráefni; gröfum, reykjum og þess háttar sjálf.

Í hádeginu bjóðum við upp á fisk dagsins, súpur, bruschettur og salöt. Á kvöldin bjóðum við svo upp á flottan matseðil sem samanstendur af ljúffengum forréttum, aðalréttum og eftirréttum og að sjálfsögðu erum við með vegan rétt líka,“ segir Jóhann.

Við bjóðum líka upp á nokkrar tegundir af ostabökkum bæði á veitingastaðnum og í veisluþjónustunni okkar. Þar erum við með einstaklega bragðgóða osta, bæði íslenska og erlenda, ásamt gröfnu og reyktu kjöti og fleira tilheyrandi,“ segir Jóhann. „Það er dálítil stemning yfir því að koma til okkar í svona bakka, þeir eru mjög flottir og svolítið öðruvísi.

Hér er alveg frábært úrval af eðalvínum á sanngjörnu verði,“ segir Jóhann. „Nýlega fórum við af stað með breyttan vínseðil með talsvert fjölbreyttara úrvali og sanngjarnara verði en áður því mín skoðun er sú að verðlag á víni á veitingastöðum hafi verið of hátt hér á landi árum saman.“

## Notaleg og þægileg upplifun

„Veitingastaður Ostabúðarinnar er lítill og persónulegur staður. Salurinn er tvískiptur, efri og neðri salur, og við höfum ekki nema 50 sæti í allt,“ segir Jóhann. „Fyrir vikið fær fólk notalega upplifun af því að koma til okkar og persónulega og góða þjónustu.“

Hægt er að fræðast nánar um Ostabúðina á Facebook, Instagram og www.ostabudin.is.



Jóhann Jónsson og félagar í Ostabúðinni bjóða upp á einstakan gæðamat í hjarta borgarinnar. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI


Það er hægt að fá kjöt, vegan rétt og nokkrar tegundir af fiski á veitingastað Ostabúðarinnar.


Á veitingastað Ostabúðarinnar er unnið mikið frá grunni úr íslensku hráefni.


Á veitingastað Ostabúðarinnar er flott úrval af frábærum mat.


Á ostabökkunum eru einstaklega bragðgóðir ostar og grafið og reykt kjöt.


Veitingastaður Ostabúðarinnar býður upp á evrópska matargerð með frönskum áherslum.


Það er hægt að fá alls kyns forrétti, aðalrétti og eftirrétti.



Á jólahlaðborði Kolabrautarinnar er að finna klassíska rétti í bland við nýjungar. Boðið er upp á fjölbreytt úrval af góðu meðlæti með bæði heitum og köldum réttum.

# Klassískur matur í einstöku útsýni

Jólahlaðborð Kolabrautarinnar í Hörpu hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Boðið er upp á klassískar og nýjar veitingar, einstakt útsýni og notalegt andrúmsloft í hjarta Reykjavíkur.

Jólahlaðborð Kolabrautarinnar í Hörpu er rómað fyrir mjög góðan mat, einstakt útsýni og afar notalegt andrúmsloft. Það er lítil þörf að breyta því sem gengur vel ofan í gesti og því verður jólahlaðborðið í ár með svipuðu sniði og undanfarin ár, segir Bjarni Gunnarsson, yfirmatreiðslumeistari Hörpu. „Eins og fyrri ár verður jólahlaðborðið með klassísku sniði í bland við ýmsar spennandi nýjungar. Áhersla er lögð á fersk salöt, villta gæs og stökka purusteik með klassísku meðlæti í bland við gott úrval forrétta og hlaðið eftirréttaborð með fullt af gómsætum réttum.“

Meðal ferskra salata nefnir Bjarni rauðrófusalat með fennel, strengjabaunasalat, grillað jólasalat og waldorf-salat. „Meðal kaldra og heitra aðalrétta má nefna íslenska hangikjötið, gljáða skinku, hægeldaða nautarifjasteik og ristaðan kalkún. Meðlætið er fjölbreytt og afar gómsætt en þar má m.a. finna sveppakruðerí, kartöflu- og geitaostssalat, epla- og nýpukartöflumús og hunangsgljáðar regnbogagulrætur.“

## Spennandi nýjungar

Þrátt fyrir að flestir kjósi klassíska rétti er nauðsynlegt að bjóða upp á nýja og spennandi rétti að sögn Bjarna. „Meðal nýrra rétta sem við bjóðum upp á þessi jólin eru íslensk gæs „a la mamma“ með villiberjasultu og gráðostasósu og „eggnog crème brûlée“ sem er dásamlegt, ásamt ítölskum Panettone brauðbúðingi.

Undir ljúffengum veitingum verða leikin klassísk jólalög segir Bjarni. „Það mun sannarlega ríkja kósí stemning hér. Við þurfum engin sérstök skemmtiatriði hér því dásamlegt útsýni og góður félagsskapur eru yfirleitt besta skemmtiatriðið.“



Gamla góða síldin stendur alltaf fyrir sínu og er sívinsæl.



Umhverfi Kolabrautarinnar er einstaklega glæsilegt og vel fer um gesti.

## Frábært útsýni

Auk Bjarna stendur fríður hópur matreiðslumeistara Hörpu og annars fagfólks á bak við jólahlaðborð Kolabrautarinnar. „Þar eru fremst í flokki Árni Hjartarson, Kristinn Gissurarson, Þóra Rebekka Karlsdóttir og Freyr Karel Branolte sem eru undir handleiðslu Bjarna Gunnarssonar. Félagarnir Guðni Hrafn og Laufar sjá um að stýra stemmingunni í salnum.“

Kolabrautin er af mörgum talin einn fallegasti veitingasalur í Reykjavík. „Útsýnið yfir smábátahöfnina og jólaljósin skapa mikla stemningu á svæðinu og svo finnst mörgum spennandi að fylgjast með allri þessari uppbyggingu. Gestir okkar eiga eftir að njóta veru sinnar hér á aðventunni.“

Nánari upplýsingar má finna á www.kolabrautin.is.



Hangikjöt og laufabrauð er ómissandi á jólahlaðborð landsmanna.



Eftir ljúffenga máltíð er notalegt að fá sér góðan drykk á barnum.

# FLÖSKUR

## í íslensku sjávarríki

Marine bottles of Iceland | Flaschen im isländischen Meer



**Norðursjávar Kóli**
Atlantic Cola



**Lúði**
Plastysis
Aukreitis



**Plastbítur**
Virus Plastikus



**Spuri**
Flaskus Flaskus



**Ískóli**
Plastus Vesenis



**Sóðabikkja**
Mengunis Majoris



**Maghnútur**
Sodapop Virus



**Slorsíli**
Úrgangus Óþolandis



**Skarskólpi**
Kippis Kippus



**Djúpsjávar lufsi**
Maritima Polyurethane

Ef plastnotkun þróast áfram eins og hún er í dag þá er því spáð að árið 2050 verði jafnmikið af plasti og fiski í höfunum í kílóum talið. Leggðu þitt af mörkum og tryggðu að allar drykkjarumbúðir á þínu heimili skili sér í Endurvinnsluna. Þannig leggur þú þitt af mörkum og færð greitt fyrir það!

**Flöskumóttaka**
**Endurvinnslan**

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ ENDURVINNA
ISK

# Náttúrulitirnir eru ríkjandi

Uppáhaldsflík raftónlistarmannsins og heimspekinemandans Sveims er svört skyrta frá JÖR. Hann kaupir oftast föt einu sinni á ári erlendis og þá verður engin ein sérstök búð fyrir valinu.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Raftónlistarmaðurinn og heimspekineminn Guðlaugur Bragason semur tónlist undir listamannsnafninu Sveimur. Fyrsta plata hans, Reset, kom út á síðasta ári og um þessar mundir vinnur hann að annarri plötu sinni sem mun bera heitið Skuggadans. „Skuggadans er persónuleg plata sem ég hef verið með í kollinum lengi. Ég mun alltaf halda viðfangsefni hennar með sjálfum mér en get þó upplýst að um einhvers konar þroskasögu er að ræða. Titillag hennar kom raunar út fyrir um 3-4 árum en ég var einhvern veginn aldrei sáttur við útkomuna. Mér fannst svolítið eins og ég þyrfti að verða betri tónlistarmaður áður en ég gæti skilað plötunni af mér."

Á fyrstu plötunni söng Ylfa Marín flest lögin en nú tekur Sveimur við því hlutverki. „Þetta er fyrsta platan sem ég hljóðblanda sjálfur og sé um allan söng svo að þetta er stórt skref. Mér fannst einhvern veginn eins og þessi plata yrði að koma frá mér einum og yrði að standa og falla með því."

## Svört skyrta í uppáhaldi

Fatastíll Guðlaugs samanstendur helst af fötum í náttúrulitum. „Ég er lítið fyrir að punta mig og held að hversdagsklæðnaðurinn sé ansi líkur sparifötunum ef út í það er farið."

Uppáhaldsflíkin hans, sem hann sýnir lesendum hér, er svört skyrta frá JÖR sem hann segir vera um 3-4 ára gamla. „Mér fannst hún grípa mig strax þegar ég sá hana á herðatré í JÖR búðinni á Laugaveginum. Ég klæddist henni alltaf þegar ég var að spila á mínum fyrstu tónleikum sem Sveimur og því hefur hún smá sögulegt gildi fyrir mig. Ég nota hana þó ekkert lengur, ætli ég sé ekki bara að passa að hún haldist í góðu standi."

Fyrir nokkrum árum klæddist hann nær eingöngu svörtum fötum. „Ég man ekki eftir að það hafi verið sérstaklega meðvituð tískuákvörðun en síðustu ár hafa litirnir fært sig meira upp á skaftið."

## Stöðug þróun

Guðlaugur var sextán ára þegar hann byrjaði að semja tónlist, þá nýbyrjaður í MH. „Ég samdi mikið á píanó og fannst hinn klassíski hljóðheimur gefa mér mestu andagiftina þrátt fyrir að ég hlustaði næstum eingöngu á raftónlist. Það var svo ekki fyrr en 2011 að ég byrjaði að demba mér út í raftónlistina af alvöru þegar ég keypti mér minn fyrsta hljóðgervil. Þróunin hefur svo verið stöðug síðan þá og þá bæði í hljóðhönnun og textasköpun. Ætli tilfinningin sé ekki að maður sé að þróa sinn einkennishljóðheim sem mun svo þróast út í hið óendanlega eða þar til ferlinum lýkur. Stöðug þróun er málið."

*Hvernig fylgist þú helst með tískunni?*

Ég verð að viðurkenna að tíska hefur eiginlega alltaf farið alveg framhjá mér og ég fylgist ekki sérstaklega með henni. Það er helst þegar fólk er að hugsa út fyrir boxið í fatahönnun að það grípur athygli mína. Þá meina ég svona hönnun sem er ekki að finna fjöldaframleidda.




Platan Reset kom út í fyrra og er fyrsta plata Sveims.

> „Ég hugsa að ég hafi ansi oft um ævina verið valdur að tískuslysi en þó aldrei meðvitað.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?*

Yfirleitt kaupi ég fötin einu sinni á ári erlendis. Þá er svo sem engin sérstök búð í forgangi heldur bara það sem er á útsölu hverju sinni.

*Hvaða litir eru helst í uppáhaldi hjá þér?*

Þegar ég velti því fyrir mér þá eru ákveðnir náttúrulitir mest heillandi fyrir mig, kannski mosagrænn og ákveðnir brúnir litir.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*

Ég hugsa að ég hafi ansi oft um ævina verið valdur að tískuslysi en þó aldrei meðvitað.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn?*

Ég hugsa að elstu flíkurnar mínar séu þær sem hafa mest hagnýtt gildi, þ.e. hlý föt og göngugræjur. Lítið spennandi þar.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?*

Þó ég kaupi mér föt yfirleitt einu sinni á ári í útlöndum þá datt ég inn í Farmers Market um daginn. Þar fann ég jakka sem heillaði mig mikið svo ætli ég geti ekki sagt að hún sé uppáhaldsverslunin mín á Íslandi.

*Bestu og verstu fatakaupin?*

Ég hef nú yfirleitt notað allar flíkur sem ég hef keypt til hinsta dags og get því lítið talað um slæm kaup. Ef spurningin er tískulegs eðlis þá er ég ekki alveg dómbær á það.

*Notar þú fylgihluti?*

Nei. Það er helst úr sem ég fékk einu sinni í jólagjöf frá mömmu sem ég nota sem spari.



Uppáhaldsflík raftónlistarmannsins Sveims er svört skyrta frá JÖR. „Mér fannst hún grípa mig strax þegar ég sá hana á herðatré í JÖR búðinni á Laugaveginum. Ég klæddist henni alltaf þegar ég var að spila á mínum fyrstu tónleikum sem Sveimur og því hefur hún smá sögulegt gildi fyrir mig." MYND/ERNIR

JÓLAHLAÐBORÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um Jólahlaðborð kemur út 5. október nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.




**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Arnar Magnússon
Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins, arnarm@frettabladid.is Sími: 512-5442

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


Haukur Heiðar öll föstudagskvöld
Magnús og Jóhann öll laugardagskvöld
Yfir 50 jólaréttir
Tryggðu þér borð
Jólahlaðborð
á Grand Hótel Reykjavík
með
Úlfari Finnbjörnssyni
Stórglæsilegt jólahlaðborð allar helgar frá og með 16. nóv – 15. des
Verð 11.500 á mann
Nánari upplýsingar: islandshotel.is/jolahladbord • jolahladbord@grand.is • 514 8000
Jólabrunch alla sunnudaga frá 25. nóv – 16. des
5800 kr. á mann • 50% afsláttur fyrir börn 6-12 ára • Frítt fyrir börn 0-5 ára
ÍSLANDS HÓTEL
Grand HÓTEL REYKJAVÍK



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS


## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Viðgerðir

**VAKA**

VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!

VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða manninn@hotmail.com

### Rafvirkjun

Gvendarbás Rafvirki- Alhliða raflagnir. Sími 853-1199 gvendarbas@simnet.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

**Tækjaleiga**




*Allt hjá okkur*

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
Draghálsi 4 - Sími: 535 1300
verslun@verslun.is


GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar




**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.


Vissir þú að...
börn eiga rétt á næðum svefni

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


### Námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið:**
**Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00**
**Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00**
**Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30**

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
**Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00**

**Framhaldsnámskeið spænska IV:**
**Þriðjudaga og fimmtudaga: : 13:30 - 15:00**

**Framhaldsnámskeið spænska V:**
**Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30**



**Námskeiðin hefjast 1. og 2. október.**
**Verð á mann er 29.000**

**Upplýsingar í síma 859 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**

***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

Hjón á fimmtugsaldri óskar eftir leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu. S. 773-0444

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Þjónusta


**LAUSIR MENN**
Erum með nokkra lausa menn sem geta hafið störf nú þegar.
• Málara
• Aðstoðarmenn við ýmsar framkvæmdir

Allar upplýsingar hjá Aleksöndru í síma 775-7373 eða netfang alexandra@proventus.is

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


## Þjónusta




**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000
info@handafl.is | **handafl.is**


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Bílvogur eh/f**
Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi
Láttu okkur gera bílinn kláran fyrir veturinn.
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.
Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Ferðaþjónustuhús**

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**
**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**
Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com
HÖFÐABÓN

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**

• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bárustál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.
Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

HÖFÐABÓN
**BÓN OG ÞVOTTUR**
**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**
Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# 534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI



Bergsveinn S: 863 5868 | Sigurður J. S: 534 1026 | Helgi Már S: 897 7086 | Magnús S: 861 0511 | Ólafur S: 824 6703




## Til sölu rekstur BÍLKÓ

Til sölu rekstur BÍLKÓ sem er smurstöð og hjólbarðaverkstæði. Fyrirtækið hefur verið starfrækt í mörg ár á Smiðjuvegi 34 í Kópavogi. Við söluna verður gerður langtímasamningur um leigu á núverandi húsnæði. Húsnæðið er 610 m² með þremur stórum innkeyrsluhurðum. Lofthæð er um 5 metrar. Stórt bílastæði fyrir framan húsnæðið. Framundan er mesti annatími ársins í dekkjaskiptum. Fyrirtækið verður afhent við kaupsamning.

**Allar frekari upplýsingar um eignina**
veitir Bergsveinn Ólafsson löggiltur fasteignasali í síma 863-5868, bergsveinn@jofur.is

**Sérhæfum okkur í sölu og leigu á atvinnuhúsnæði**

Pantaðu verðmat eða skoðun – 534 1020 // sala@jofur.is

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Einbýlishús í Vesturbænum

Vorum að fá í sölu eitt af virðulegustu einbýlishúsunum í Vesturbænum. Húsið sem er um 430 fm skiptist m.a. í 3 glæsilegar samliggjandi stofur, 7-8 herbergi, tvö baðherbergi og fl. Sér íbúð í kjallara. Bílskúr. Falleg lóð.
Frábær staðsetning.

**Nánari upplýsingar veita:**
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
fs. 861 8514

Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
fs. 824 9093



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali



**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Framkvæmdastjóri - Heilbrigðiseftirlit Kóp., Hafnarf., og Garðab.

capacent

Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar, Kópavogs og Garðabæjar óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að leiða daglegan rekstur starfseminnar.
Leitað er að öflugum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á þjónustu við nær samfélagið í umhverfis- og lýðheilsumálum..

## Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Vegagerðarinnar

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs á sæti í yfirstjórn Vegagerðarinnar og ber ábyrgð á gerð og framkvæmd fjárhagsáætlana Vegagerðarinnar. Framkvæmdastjórinn stýrir fjármálasviði sem nær yfir fjárhagsdeild, greiningardeild og rekstrardeild með alls um 30 starfsmenn. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á stefnumótun og þróun sviðsins.

Nánari upplýsingar um starfið veita Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri **(bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is)** og Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri **(sigurbjorg.helgadottir@vegagerðin.is)**

Umsóknarfrestur er til og með 8. október 2018.
Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið **starf@vegagerdin.is**

## Deildarstjóri - Heilbrigðiseftirlit Kóp., Hafnarf., og Garðab.

capacent

Heilbrigðiseftirlit Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar óskar eftir að ráða deildarstjóra til að sinna verkefnum á sviði matvæla og hollustuhátta.
Leitað er að áhugasömum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á þjónustu við nærsamfélagið í umhverfis- og lýðheilsumálum. Viðkomandi þarf að hafa eða afla sér réttinda sem heilbrigðisfulltrúi.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10051**

## Framkvæmdastjóri-Icelandic lamb

capacent

Icelandic lamb ehf. óskar eftir að ráða til starfa fjölhæfan og metnaðarfullan framkvæmdastjóra með brennandi áhuga á íslenskum sauðfjárafurðum.
Leitað er að aðila með framúrskarandi samskiptahæfni og löngun til að upplýsa og auka áhuga erlendra ferðamanna og söluaðila á erlendum mörkuðum á afurðunum.
Um fjölbreytt starf er að ræða þar sem viðkomandi efst færi á að taka þátt í að þróa tækifæri og framtíð fyrir íslenskan landbúnað.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10050**

## Rarik ohf - Innkaupastjóri

intellecta

RARIK óskar eftir að ráða innkaupastjóra. Viðkomandi ber ábyrgð á innkaupum, birgðahaldi og útboðum ásamt annarri umsýslu. Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að vinna að þessum verkefnum. Starfsstöð innkaupastjóra er í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran **(thelma@intellecta.is)** og Þórður S. Óskarsson **(thordur@intellecta.is)** í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 8. október 2018.

Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is**

## Borgarplast - Tækni- og þróunarstjóri

intellecta

Borgarplast leitar að drífandi og metnaðarfullum aðila til að leiða tækni- og þróunarvinnu fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa drifkraft og metnað til að efla enn frekar iðnaðarfyrirtæki sem er í umbreytingu og vexti. Starf þetta heyrir beint undir framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson **(thordur@intellecta.is)** og Thelma Kristín Kvaran **(thelma@intellecta.is)** í síma 511-1225.

Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2018.

Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is**

# Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

# Langar ævir, litlar fjölskyldur

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

New York – Þegar föðurafi minn fæddist norður í landi 1867 gat hann vænzt þess að verða þrítugur. Meðalævi íslenzkra karlmanna fyrir 150 árum var m.ö.o. 30 ár svo sem fræðast má um t.d. í Hagskinnu, merku riti Hagstofu Íslands frá 1997. Barnadauði grúfði eins og skuggi yfir fólkinu í landinu.

Ekkert land heimsins er nú svo aumt að þessu leyti sem Ísland var þá. Meðalævin mælist nú stytzt í Síerra Leóne í Vestur-Afríku, 52 ár, og lengst í Hong Kong, 84 ár. Ísland skipar 11. sæti listans með sín 82 ár og hálfu betur, 84 fyrir konur og 81 fyrir karla. Meðalævi heimsbyggðarinnar í heild hefur lengzt úr 53 árum 1960 í 72 ár 2016. Af því má ráða gríðarlega framför sem á engan sinn líka í samanlagðri sögu heimsins til þessa. Íbúafjöldi jarðar nálgast nú átta milljarða. Þrír af hverjum fjórum jarðarbúum, sex milljarðar, búa í miðlungstekjulöndum, þ.m.t. Indland og Kína. Einn milljarður býr í hátekjulöndum og annar í lágtekjulöndum, allra fátækustu löndunum. Fimmtán fátækustu lönd heimsins eru öll í Afríku.

**Hans Rosling, sænski læknaprófessorinn, orðaði þessa hugsun ágætlega þegar hann sagði: Framför heimsins snýst m.a. um að færa sig frá stuttum ævum í stórum fjölskyldum yfir í langar ævir í litlum fjölskyldum.**

**Amma mín gifti sig í Keníu**

Þegar fyrrnefndur afi minn fæddist voru lífskjör í Þýzkalandi mæld í kaupmætti þjóðartekna á mann svipuð og þau eru nú í Kongó. Lífskjör á Íslandi voru mun lakari. Þegar afi kvæntist ömmu minni um það leyti sem landið fékk heimastjórn 1904 voru lífskjör Íslendinga svipuð og þau eru nú í Keníu. Sem sagt: Amma mín gifti sig í Keníu þótt hún kæmist aldrei út fyrir landsteinana. Þegar forfeður okkar og -mæður fögnuðu fullveldi 1918 voru kjörin hér svipuð og þau eru nú í Gönu. Með líku lagi fögnuðu Íslendingar þúsund ára afmæli Alþingis 1930 á Indlandi og stofnuðu lýðveldið 1944 í Marokkó. Þessum samanburði er ætlað að sýna hversu langt við höfum náð undangengin 150 ár þrátt fyrir þessa daga og þrátt fyrir allt og þá um leið hversu vonglaðar fátækar þjóðir í öðrum heimsálfum geta horft fram á veginn.

**Færri börn**

Um 1860, um hundrað árum áður en fyrstu Afríkulöndin fengu sjálfstæði, eignuðust íslenzkar konur sex börn að jafnaði og stóðu þá að því leyti í svipuðum sporum og afrískar konur stóðu við sjálfstæðistökuna um 1960. Það ár eignuðust íslenzkar konur að jafnaði 4,3 börn. Nú eru eftir aðeins 35 lönd af rösklega 200 löndum í heiminum þar sem konur eignast fleiri börn en 4,3. Öll nema þrjú af þessum 35 eru í Afríku.

Barnsfæðingum hefur fækkað nær alls staðar. Það tók Íslendinga 109 ár, frá 1860 til 1969, að fækka barnsfæðingum úr sex í þrjár á hverja konu að jafnaði. Sama breyting tók 95 ár í Bandaríkjunum, 82 ár á Bretlandi og 11 ár í Kína. Kínverjum tókst að fækka barneignum niður fyrir þrjú börn á hverja konu 1978. Þetta var ári áður en ríkisstjórn landsins leiddi í lög að hver fjölskylda mætti ekki eiga fleiri börn en eitt. Sveitafjölskyldur voru þó undanþegnar lögunum sem voru afnumin 2015. Kínverjum fjölgar hægt, eða um 0,5% á ári mörg undangengin ár.

**Framför heimsins**

Hvers vegna halda konur í mörgum fátækum löndum áfram að eignast þetta 4, 5, 6, 7 börn að meðaltali? – þótt þær segist margar helzt vildu láta sér duga færri. Svarið er tvíþætt. Annars vegar snýst vandinn um kúgun kvenna sem birtist m.a. í ónógum menntunartækifærum. Sums staðar fær einungis elzti sonurinn að ganga í skóla, önnur systkini ekki. Í Níger í Miðvestur-Afríku þar sem konur eignast ennþá sjö börn hver að meðaltali sitja þær ekki nema röskt ár á skólabekk hver og ein að jafnaði. Iss, segir þá vinur minn einn: „Hérna í Flóanum var algengt að hjón ættu 10 til 15 börn. Amma mín átti 16 og enga tvíbura.“

Hitt skiptir einnig máli að efnalítil lönd búa flest við fátækleg velferðarkerfi. Fátækar fjölskyldur telja sig því til þess knúnar að eignast mörg börn í þeirri von að eitthvert þeirra verði eftir á heimilinu til að sjá foreldrunum farborða í ellinni. Eftir því sem almannatryggingar styrkjast í fátækum löndum skreppa fjölskyldurnar saman. Otto van Bismarck, kanslari Þýzkalands, lagði grunninn að almannatryggingum þar um og eftir 1880. Fátækustu Afríkulöndin standa nú í sömu sporum og Þjóðverjar stóðu þá.

Hans Rosling, sænski læknaprófessorinn, orðaði þessa hugsun ágætlega þegar hann sagði: Framför heimsins snýst m.a. um að færa sig frá stuttum ævum í stórum fjölskyldum yfir í langar ævir í litlum fjölskyldum.




# Ísland og Brexit



Michel Sallé
doktor í stjórnmálafræðum

Guðlaugi Þór verður að orði um erfiðleika Brexit: „Við hljótum að draga þá ályktun að við getum alls ekki verið inni í Evrópusambandinu. Því allt það sem hefur verið sagt um að það sé ekkert mál að fara út af okkur líkar ekki við veruna, það eru röksemdir sem enginn getur notað aftur.“ Það tekur því ekki að gifta sig nema vera viss um að geta skilið auðveldlega.

Ráðherrann hefur sjálfsagt góðar ástæður til að vera á móti inngöngu lands síns í ESB, en Brexit getur ekki verið ein þeirra, nema hann vilji ekki vita í hverju ESB er raunverulega fólgið, rétt eins og Brexitar gera. Evrópusambandið er fólgið í hinu svokallaða fjórfrelsi sem tryggir frjálsa för fólks, varnings, þjónustu og fjármagns. Það er þessu öllu að þakka að tilgangi stofnenda þess hefur verið náð: að vera svæði friðar og samræðu. Aldrei nokkurn tíma áður í sögu Evrópu hefur verið friður í þessum löndum í 70 ár. Barack Obama fagnaði því með þessum orðum: „Evrópuráætlunin er lífsnauðsynleg og stórkostleg þegar hugsað er til eyðileggingarinnar í stríðinu.“

Bretland gekk í ESB til þess að spyrna á móti þróun þess og draga það niður í frjálst viðskiptasvæði. Bretar hafa í sífellu beðið um og fengið undanþágur. Munum viðkvæði Margrétar Thatcher: „I want my money back.“ Þetta er nákvæmlega það sem þeir vilja með Brexit: henda burt því sem þeim geðjast ekki, sérstaklega frjálsri för fólks, og halda hinu. Í staðinn myndu þeir samþykkja að greiða þessa 50 milljarða evra sem eru í raun framlag þeirra til ESB fram að 29. mars 2019, ásamt óborguðum skuldum.

Ekki kemur til mála fyrir ESB-löndin 27 að breyta lögum sínum til þess að þóknast landi sem vildi ganga í bandalagið, og enn síður ef land vill ganga úr því. Það eina sem hægt er að semja um eru skilyrði og aðlögunarfrestur. Þetta er ástæðan fyrir því að inngangur og útgangur lands verður að hvíla á raunverulegum pólitískum framtíðaráætlunum. En þegar Brexitar, þeir sem Gunnlaugur hefur svo gaman af að sýna sig með, náðu því sem þeir vildu, voru þeir alveg ófærir um að bjóða landi sínu nokkrar pólitískar stjórnunaráætlanir í staðinn. Hver hefur heyrt Boris Johnson koma með nokkra áþreifanlega tillögu til að koma landi sínu upp úr förunum

**Ráðherrann hefur sjálfsagt góðar ástæður til að vera á móti inngöngu lands síns í ESB, en Brexit getur ekki verið ein þeirra, nema hann vilji ekki vita í hverju ESB er raunverulega fólgið, rétt eins og Brexitar gera.**

sem hann festi það í? Hefur hann nokkurn tímann hugsað til Írlands, hættunnar á nýju borgarastríði þar? Hann, og vinir hans, hafa eingöngu gagnrýnt og hindrað starf Theresu May. Og þótt hún hafi sýnt mikið hugrekki, hefur hún ekki enn náð að komast upp úr þessari prúttrökfræði sem hefur einkennt samskipti ESB og Bretlands. Evrópskir ráðendur eru að missa þolinmæðina.

Eru þá erfiðleikar Brexits nóg ástæða til að vilja ekki ganga í ESB? Brexitið er sársaukafullt, ekki aðeins vegna ábyrgðarleysis Brexita heldur líka vegna hinna nánu tengsla sem hafa myndast á 45 árum, þrátt fyrir þrálátan misskilning, milli Breta og ESB; þau eru einmitt vottur um góðan árangur. Þessi sömu tengsl hafa myndast milli Íslands og ESB í gegnum EES, og hafa Íslendingar haft mikinn hagnað af. En nú er það orðið of seint, háttvirtur ráðherra, skaðinn er skeður.

*Höfundur er doktor frá Sorbonne-háskóla í stjórnmálafræðum. Doktorsritgerð hans fjallaði um stjórnmála- og efnahagsmál á nútíma Íslandi. Hann gaf út tvær bækur um Ísland : « Islande » í desember 2013, og „Histoire de l'Islande“ í júní 2018 í samstarfi við Æsu Sigurjónsdóttur, dósent í listfræði og listasögu við HÍ.*

# Mörk sannleikans



Helgi Þorláksson
fv. prófessor við Háskóla Íslands

Þrír heiðursborgarar Reykjavíkur gengu á fund borgarstjóra og formanns borgarráðs á þriðjudaginn 25.9. og skoruðu á þau að láta hætta við áformaða hótelbyggingu í Víkurgarði, hinum gamla garði Reykjavíkurkirkju. Haft er eftir borgarstjóra í Fréttablaðinu á miðvikudag 26.9. að byggingin „fari ekki inn í gamla kirkjugarðinn“.

**Forkólfar borgarinnar glíma við þann vanda að deiliskipulag frá 1988 leyfir byggingu þarna. En það byggist einfaldlega á vanþekkingu sem veldur kannski þessum feluleik þeirra. Árið 1967 lá fyrir eins skýrt og gat orðið að kirkjugarðurinn stóð líka þar sem viðbygging Landssímahússins var reist, sú sem var brotin niður í sumar.**

Hafa heiðursborgararnir misskilið málið algjörlega? Eða kýs borgarstjóri að hagræða sannleikanum? Skýring kemur kannski fram í ummælum formanns borgarráðs: „Borgin metur það sem svo að ekki sé verið að byggja ofan á sjálfum garðinum heldur á bílastæði sem var fyrir framan Landssímahúsið.“

Á þessum tilgreinda stað við Kirkjustræti var grafið á útmánuðum 2016. Auk rofinna grafa fundust þarna tveir tugir af heillegum kistum með heillegum beinagrindum og var allt flutt brott til að rýma fyrir hóteli. Var þetta ekki gamli kirkjugarðurinn? Jú, auðvitað, hann náði allmiklu austar en núverandi Fógetagarður, langleiðina að Austurvelli.

Forkólfar borgarinnar glíma við þann vanda að deiliskipulag frá 1988 leyfir byggingu þarna. En það byggist einfaldlega á vanþekkingu sem veldur kannski þessum feluleik þeirra. Árið 1967 lá fyrir eins skýrt og gat orðið að kirkjugarðurinn stóð líka þar sem viðbygging Landssímahússins var reist, sú sem var brotin niður í sumar. Í febrúar 1967 komu þar í ljós sex grafir og voru þar jarðneskar leifar fólks og leifar fimm kistna. Á einni þeirra stóð að þar væri grafin Margrét Pétursdóttir sem dó 1829. Hún á mikinn fjölda afkomenda. Árið 1967 var á vitorði fólks almennt að leg Margrétar var í gamla kirkjugarðinum af því að enn 1966 var þarna rétt hjá legsteinn á gröf og hermdi að þar hefði verið jarðsett 1882 og 1883. Í traustum heimildum frá 1882 segja stiftsyfirvöld og dómkirkjuprestur að þessi legstaður sé í „gamla kirkjugarðinum“. Á fjórða áratug síðustu aldar höfðu verið þarna nærri nokkur minningarmörk á gröfum en voru flutt.

Gröfum var hlíft þarna 1967 og eru rök til að halda að þær geymi enn jarðneskar leifar fólks. Kristjáni Eldjárn taldist til, þegar hann var þjóðminjavörður, að bygging sem óskað var eftir að reisa 1965, þar sem hótelið skal reist núna, tæki yfir h.u.b. 360 fermetra hins gamla kirkjugarðs, eða fimmtung hans a.m.k. Kristján barðist af þunga gegn þessum áformum og ríkisstjórnin lét hætta við þau 1965. Enn geta borgarstjórn, ráðherra og Kirkjugarðaráð komið í veg fyrir nýbyggingar á reitnum.

# Gáttatif, falið vandamál




Sigfús Gizurarson
hjartalæknir á Landspítala

Kristján Guðmundsson
hjartalæknir á Landspítala

September ár hvert er vitundarvakning um gáttatif í Bandaríkjunum, (e. atrial fibrillation awareness month). Af því tilefni þótti okkur rétt að vekja landsmenn til umhugsunar um þennan sjúkdóm sem ekki fer hátt en getur haft mikil áhrif á lífsgæði og líf einstaklinga.

Gáttatif er algengur sjúkdómur, sér í lagi hjá eldra fólki. Fjöldi einstaklinga með gáttatif fer vaxandi samfara breyttri aldurssamsetningu og bættri meðferð annarra langvinnra sjúkdóma. Talið er að algengi sjúkdómsins hér sé svipað og hjá nágrannaþjóðunum og því eru um sjö til tíu þúsund Íslendingar með gáttatif. Margir fá gáttatifið í köstum sem koma og fara en aðrir hafa stöðugt gáttatif.

Gáttatif er hjartsláttartruflun sem á upptök sín í vinstri gátt hjartans. Aukaslög frá lungnabláæðum sem tengjast vinstri gátt hjartans eiga oftast upptökin að gáttatifi. Gáttatif er nokkurs konar „rafstormur“ í gáttum hjartans. Gáttirnar slá hratt og óreglulega og enginn eiginlegur samdráttur þeirra á sér stað. Við slíkar aðstæður geta blóðtappar myndast. Alvarlegasti fylgikvillinn er heilablóðfall orsakað af þessum blóðtöppum.

Um þriðjung heilablóðfalla má rekja til gáttatifs. Auk þess eru einstaklingar með gáttatif í hættu á að þróa með sér hjartabilun. Gáttatif getur átt þátt í að valda ótímabærum dauða. Miðast meðferð gáttatifs fyrst og fremst að því að finna þá einstaklinga sem í mestri hættu eru og fyrirbyggja blóðtappamyndun með blóðþynningu, slík meðferð er oftast ævilöng.

Áhættan fyrir gáttatifi eykst með aldri og er framan af ævinni algengari hjá körlum en konum. Aðrir áhættuþættir eru hár blóðþrýstingur, sykursýki, offita, kæfisvefn, kransæðasjúkdómur, lungnasjúkdómar, skjaldkirtilsvandamál, hreyfingarleysi, áfengisneysla o.fl. Þar sem stór hluti einstaklinga með gáttatif er einkennalaus hafa farið fram ýmis átök í að finna sjúkdóminn með skimun. Þetta hefur þó ekki verið gert hérlendis.

Nýlega setti Apple fyrirtækið í Bandaríkjunum á markað forrit sem tengja má snjalltækjum þess og getur það með nokkuð góðri vissu greint sjúkdóminn. Hingað til hefur gáttatif verið greint á hefðbundinn hátt með hjartalínuriti eða hjartasíritun. Þó gagnsemi áhættumats hjá einstaklingum með gáttatif sé óumdeild, hefur ekki verið sýnt fram á gagnsemi skimunar hjá einkennalausum, þó reikna megi með því að bætt tækni til greiningar bæti skilning okkar á hverju eigi að nálgast þennan stóra hóp.

Einkenni eru mismunandi milli

**Við höfum síðastliðin 3 ár ríflega tvöfaldað fjölda aðgerða en samt sem áður eru rúmlega 400 einstaklingar sem bíða eftir aðgerðum vegna hjartsláttartruflana. Ljóst er að samstillt átak Landspítala og heilbrigðisyfirvalda þarf til að koma þessum málum í ásættanlegt horf fyrir sjúklinga. Sem stendur er biðin hið minnsta 2 ár eftir þessum aðgerðum.**

einstaklinga. Algengustu einkennin eru óþægilegur hjartsláttur en sumir finna ekki fyrir óþægindum frá hjartslætti, finna þess í stað fyrir þreytu, slappleika, mæði, eða brjóstverkjum.

Það má skipta meðferð við gáttatifi í þrjá meginflokka. Hindra heilablóðföll, hindra versnandi hjartastarfsemi (hjartabilun) og meðhöndla einkenni. Ekki allir einstaklingar með gáttatif þurfa blóðþynnandi meðferð til að fyrirbyggja blóðtappa en það fer eftir aldri og undirliggjandi áhættuþáttum. Ávallt þarf að fara fram áhættumat við greiningu. Sé gáttatifið viðvarandi getur í sumum tilvikum verið ástæða til að framkvæma



s.k. rafvendingu, þar sem fólk er svæft stutta stund og gefið rafstuð á brjóstkassann sem endurstillir takt hjartans.

Oft fara þessir einstaklingar aftur í gáttatif og er því þörf á langvinnri lyfjameðferð til að halda takti til lengri tíma. Sú meðferð sem síðustu ár hefur vaxið hraðast í meðferð við gáttatifi eru brennsluaðgerðir eða frystingar. Þessar aðgerðir eru gerðar með þræðingartækni og taka um 2-4 klst. að framkvæma. Þessar aðgerðir eru mun árangursríkari en lyf, og u.þ.b. 70-80% sjúklinga verða einkennalausir. Það er hins vegar ekki óalgengt að endurtaka þurfi þessar aðgerðir þar sem sjúkdómurinn er oft langvinnur og þróast mismunandi milli einstaklinga. Þessar aðgerðir miða fyrst og fremst að því að minnka einkenni sjúklinga og um leið geta þeir oft losnað við taktstillandi hjartalyf sem oft þolast illa og geta haft alvarlegar aukaverkanir. Hjá vissum hópi sjúklinga með gáttatif hefur brennsluaðgerð sýnt fram á betri langtímahorfur. Slíkar aðgerðir eiga þó við í minnihluta sjúklinga með gáttatif.

Brennsluaðgerðir eru framkvæmdar á þræðingarstofu Landspítalans. Eins og staðan er núna önnum við ekki öllum þeim sjúklingum sem vísað er til okkar. Biðlistinn fyrir brennslur er eins og margir aðrir biðlistar fyrir aðgerðum á Íslandi langur. Við höfum síðastliðin 3 ár ríflega tvöfaldað fjölda aðgerða en samt sem áður eru rúmlega 400 einstaklingar sem bíða eftir aðgerðum vegna hjartsláttartruflana. Ljóst er að samstillt átak Landspítala og heilbrigðisyfirvalda þarf til að koma þessum málum í ásættanlegt horf fyrir sjúklinga. Sem stendur er biðin hið minnsta 2 ár eftir þessum aðgerðum.




### OPEL MOKKA
Raðnúmer 444929
Nýskráður: 04'17 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 31.000 km.
**Verð:** 3.290.000 kr.
**Tilboð: 2.990.000 kr.**




### NISSAN QASHQAI TEKNA
Raðnúmer 445063
Nýskráður: 08'18 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 24.000 km.
**Verð:** 4.390.000 kr.
**Tilboð: 3.990.000 kr.**




### PEUGEOT 508 TXH ALLURE HYBRID
Raðnúmer 340017
Nýskráður: 12'12 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 78.000 km.
**Verð:** 2.990.000 kr.
**Tilboð: 2.490.000 kr.**




### TOYOTA YARIS
Raðnúmer 445082
Nýskráður: 03'18 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 25.000 km.
**Verð:** 1.890.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**




### HYUNDAI SANTA FE V6
Raðnúmer 680142
Nýskráður: 05'06 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 163.000 km.
**Verð:** 990.000 kr.
**Tilboð: 590.000 kr.**




### SSANGYONG TIVOLI DLX
Raðnúmer 340164
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 28.000 km.
**Verð:** 3.000.000 kr.
**Tilboð: 2.790.000 kr.**




### OPEL ASTRA
Raðnúmer 445095
Nýskráður: 05'16 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 58.000 km.
**Verð:** 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.490.000 kr.**




### OPEL ZAFIRA TOURER
Raðnúmer 444782
Nýskráður: 09'12 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 82.000 km.
**Verð:** 2.390.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**




### CHEVROLET CRUZE
Raðnúmer 444747
Nýskráður: 04'14 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 76.000 km.
**Verð:** 1.790.000 kr.
**Tilboð: 1.390.000 kr.**




### FORD MONDEO TITANIUM
Raðnúmer 640435
Nýskráður: 04'13 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 50.000 km.
**Verð:** 2.590.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**

# Smelltu þér á notaðan á nýrri heimasíðu



**Smelltu á**
notadir.benni.is




### SSANGYONG TIVOLI XLV
Raðnúmer 740007
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
**Verð:** 2.990.000 kr.
**Tilboð: 2.750.000 kr.**




### SSANGYONG KORANDO DLX
Raðnúmer 340158
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
**Verð:** 3.790.000 kr.
**Tilboð: 3.490.000 kr.**




### SSANGYONG REXTON HLX
Raðnúmer 445134
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 57.000 km.
**Verð:** 5.290.000 kr.
**Tilboð: 4.790.000 kr.**




### OPEL ASTRA ENJOY
Raðnúmer 740103
Nýskráður: 04'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
**Verð:** 2.690.000 kr.
**Tilboð: 2.390.000 kr.**




### OPEL ASTRA ST INNOVATION
Raðnúmer 103718
Nýskráður: 10'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
**Verð:** 3.390.000 kr.
**Tilboð: 3.190.000 kr.**




### VW TIGUAN
Raðnúmer 720049
Nýskráður: 02'14 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 116.000 km.
**Verð:** 2.290.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**




### OPEL INSIGNIA SPORST TOURER SW
Raðnúmer 445126
Nýskráður: 06'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 22.000 km.
**Verð:** 3.790.000 kr.
**Tilboð: 3.390.000 kr.**




### SKODA YETI AMBITION
Raðnúmer 150056
Nýskráður: 10'12 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 84.000 km.
**Verð:** 2.290.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**




### SUZUKI BALENO GLX
Raðnúmer 150004
Nýskráður: 12'16 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 27.000 km.
**Verð:** 2.490.000 kr.
**Tilboð: 2.190.000 kr.**




### TOYOTA AURIS
Raðnúmer 444850
Nýskráður: 06'10 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 105.000 km.
**Verð:** 1.190.000 kr.
**Tilboð: 890.000 kr.**




### OPEL CORSA E
Raðnúmer 740107
Nýskráður: 01'18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 46.000 km.
**Verð:** 2.490.000 kr.
**Tilboð: 2.190.000 kr.**




### CHEVROLET SPARK
Raðnúmer 445135
Nýskráður: 05'14 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 117.000 km.
**Verð:** 790.000 kr.
**Tilboð: 620.000 kr.**




### SSANGYONG REXTON HLX
Raðnúmer 103564
Nýskráður: 06'14 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 129.000 km.
**Verð:** 3.190.000 kr.
**Tilboð: 2.690.000 kr.**




### NISSAN QASHQAI
Raðnúmer 740029
Nýskráður: 01'08 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 149.000 km.
**Verð:** 1.390.000 kr.
**Tilboð: 1.190.000 kr.**




### SSANGYONG KORANDO HLX
Raðnúmer 150063
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
**Verð:** 3.990.000 kr.
**Tilboð: 3.490.000 kr.**

Bílabúð Benna

## NOTAÐIR BÍLAR
**Skoðaðu úrvalið á notadir.benni.is**

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2035

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl. Útreikningur miðaður við 20% útborgun og 84 mánaðarlegar greiðslur. **150.000 kr. útborgun og 60 mánaðarlegar greiðslur.

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# Hausthátíð

## Húsasmiðjunnar og Blómavals



**Erikur, 3 stk.**

Erikur/Callunur, margar gerðir, þú velur lit og tegund. Blómapottar seldir sér.

**999 kr**



**25% afsláttur**

**890 kr**

~~1.190 kr~~

**Ástareldur**

11328235/11328305



**50% afsláttur**

**HAUSTLAUKAR** MAGNPAKKNINGAR

**990 kr/pk.**

~~1.990~~ kr/pk.

| | |
|---|---|
| Vnr. 10200295 | Túlípanar, rauður, Riding Hood 10/12, 50 stk. |
| Vnr. 10200296 | Túlípanar, Elite tvílitur rauður & gulur, 50 stk. |
| Vnr. 10200297 | Túlípanar, rauður, Apeldoorn, 50 stk. |
| Vnr. 110200312 | Páskaliljur, magnpakning, 20 stk. |
| Vnr. 10200315 | Túlípanar, Peacok Mixed, 50 stk. |
| Vnr. 10200319 | Krókus, Flower Record, 50 stk. |
| Vnr. 10200320 | Krókus, Jeanne D'ARC, 50 stk. |
| Vnr. 10200323 | Túlípanar, Purissima, hvítir lágvaxnir, 50 stk. |
| Vnr. 10200568 | Krókusar, blandaðir litir, 50 stk. |
| Vnr. 10200304 | Túlípanar, gulur, Golden Oxford, 50 stk. |



**28% afsláttur**

**2.490 kr**

~~3.490~~ kr

**Rósir, 10 stk.**



**25% afsláttur**

**749 kr**

~~999~~ kr

**Nóvember kaktus**

1132820

LADY litur mánaðarins: 1877 **VALMUEFRØ**

# 25% afsláttur

Af allri LADY innimálningu




## Ráðgjöf

laugardag í Skútuvogi




**LADY Llitaráðgjöf, laugardag kl. 11-16**

Maja Ben hjá „Ég er komin heim" veitir litaráðgjöf á laugardaginn í Skútuvogi og aðstoðar þig að velja rétta litinn.




**Haustlaukar-ráðgjöf, laugardag og sunnudag kl. 13-17**

Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur veitir fræðandi ráðgjöf um haustlauka í Blómavali í Skútuvogi alla helgina.

# Málningardagar

## í Húsasmiðjunni

**25% afsláttur** af allri málningu og málningarverkfærum



**25% afsláttur**

Öll málningarverkfæri




**25% afsláttur**

Öll sprey




**25% afsláttur**

Öll útimálning




**25% afsláttur**

Öll viðarvörn



ÍR féll úr Inkasso-deild karla og leikur því í 2. deild á næsta tímabili. Leiknir R. endaði hins vegar í 7. sæti Inkasso-deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þurfum að hugsa um krakkana frekar en tindáta í Breiðholtinu

**Formaður Leiknis segir að það þjóni hagsmunum ÍR og Leiknis R. að sameina knattspyrnudeildir félaganna í eina öfluga knattspyrnudeild. Hugmyndin hefur verið lengi í umræðunni en á fundi á dögunum var tekin ákvörðun um að utanaðkomandi aðili myndi leggja fram tillögur eftir hagsmunum beggja félaganna.**

**FÓTBOLTI** Umræðan um sameinað lið í Breiðholtinu hefur lifað í þó nokkurn tíma án þess að nokkur árangur hafi náðst í samningaviðræðum. Um er að ræða félögin Leikni R. sem er knattspyrnufélag og ÍR sem er með tíu íþróttagreinar. Félögin hafa verið í samstarfi með yngri flokka störf í kvennaflokki í sumar og hafa margoft rætt möguleikann á samstarfi en þær umræður hafa yfirleitt ekki farið langt.

Á dögunum féll ÍR niður í 2. deildina á meðan Leiknir hélt sæti sínu í Inkasso-deildinni. Eiga þau bæði bara eitt ár í efstu deild í knattspyrnu þrátt fyrir að vera úr einu af fjölmennustu hverfum höfuðborgarsvæðisins.

Guðmundur Ólafur Birgisson, formaður Leiknis, segir að það sé mikill áhugi af hálfu Leiknis á að sameina félögin en þau eigi bæði sök á því að viðræður hafi ekki farið lengra.

„Reykjavíkurborg hefur verið að reyna að sameina félögin í fjöldamörg ár og þessi hugmynd hefur lifað lengi en hún hefur alltaf strandað hjá báðum félögum. Að mínu mati er ekki vit í því að reka tvö knattspyrnufélög á svæðinu. Það kemur niður á starfinu, það eru vandræði í ýmsum flokkum hjá báðum félögum að manna lið og það væri hagur allra að fara í samstarf. Við höfum verið að missa út flokka og missa efnilega knattspyrnumenn í önnur lið. Leiknismenn eru á því að það eigi að stofna nýtt knattspyrnufélag fyrir Breiðholt," segir Guðmundur og heldur áfram:

> **Reykjavíkurborg hefur reynt að sameina félögin undanfarin ár en það hefur alltaf strandað á báðum félögunum.**
>
> Guðmundur Ó Birgisson, formaður Leiknis

„Það þarf að horfa á þetta út frá iðkendunum í hverfinu og hagræðingunni af því að vera með eitt félag. Alveg sama hvað félagið heitir, hversu gamalt það er og hvernig grunnstoðirnar eru. Landslagið er breytt og reksturinn er erfiðari. Samkeppnin um krakkana er meiri og því fyrr sem við áttum okkur á því að hafa þetta fyrir krakkana í hverfinu en ekki einhverja tindáta í bæði Efra- og Neðra-Breiðholti, því betra. Þá gæti okkur tekist að gera sterka einingu fyrir Breiðholt því að mínu mati ætti Breiðholt að geta teflt fram liði af heimamönnum í efstu deild. Það þarf að setja þessa pólitík um aldur og sögu félaga til hliðar. Það á ekkert að leggja niður ÍR sem er fjölgreinafélag. Það er hugmynd okkar að stofna nýtt knattspyrnulið sem kemur fram fyrir hönd Breiðholts. Við höfum átt marga spjallfundi í nokkur ár en þegar kemur að ákvörðun hefur aldrei neitt verið gert," segir Guðmundur sem sýnir því þó einhvern skilning.

> **Það var samþykkt á dögunum að það kæmi utanaðkomandi aðili og skoðaði möguleikann á samstarfi eða sameiningu.**
>
> Þráinn Hafsteinsson, framkvæmdastjóri ÍR

„Þetta er flókið ferli, eitthvað sem gerist ekki bara á einni nóttu og við tökum tillit til þess að ÍR er stærra félag með fleiri nefndir sem það þarf að leggja þetta fyrir en við erum með. Nú er Reykjavíkurborg komin með verkefnastjóra í málið sem ræðir við bæði félög, metur hagsmuni og stillir upp möguleikum, hvað er í boði, fyrir bæði félög. Svo munum við setjast niður og skoða þetta. Þetta gefur okkur verkfæri til að vinna með, vinnulínu sem hægt er að notast við og það leiðir vonandi til samkomulags sem báðir aðilar eru ánægðir með því hugur okkar að minnsta kosti er að það sé eitt öflugt knattspyrnufélag úr Breiðholti."

Þráinn Hafsteinsson, framkvæmdastjóri ÍR, staðfestir að viðræður standi yfir.

„Það var samþykkt á dögunum að það kæmi utanaðkomandi aðili og kannaði grundvöll fyrir samstarfi eða sameiningu. Þannig standa málin í dag og þetta er komið í ferli en við ætlum ekki að tjá okkur fyrr en að viðræðum loknum. Við viljum vinna þetta faglega og erum í samstarfi við Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur."

kristinnpall@frettabladid.is

## Norðanstúlkur úr leik eftir tap í Wolfsburg

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir og stöllur hennar í Wolfsburg eru komnar áfram í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu eftir 2-0 sigur á Þór/KA á heimavelli í gær. Þýsku meistararnir unnu fyrri leikinn á Akureyri 0-1 og einvígið því 3-0 samanlagt.

Ljóst var að verkefni Þórs/KA yrði gríðarlega erfitt, sérstaklega í ljósi þess að mexíkósku landsliðskonurnar Sandra Mayor, Ariana Calderon og Bianca Sierra voru fjarri góðu gamni. Líkt og í fyrri leiknum sótti Wolfsburg stíft og átti alls 41 skot að marki Þórs/KA. Gestirnir frá Akureyri vörðust hins vegar af krafti.

Danska landsliðskonan Pernille Harder, sem skoraði eina markið í fyrri leiknum, kom Wolfsburg yfir á 28. mínútu. Staðan var 1-0 í hálfleik. Á 66. mínútu bætti Ella Macleod öðru marki við þegar hún fylgdi eftir skoti sem Stephanie Bukovec, markvörður Þórs/KA, varði.

Sara Björk var að vanda í byrjunarliði Wolfsburg sem komst alla leið í úrslit Meistaradeildarinnar á síðasta tímabili. Dregið verður í 16-liða úrslit 1. október. – iþs



Úr fyrri leik Þórs/KA og Wolfsburg á Þórsvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**Wolfsburg - Þór/KA 2-0**

1-0 Pernille Harder (28.), 2-0 Ella Mcleod (66.).

*Wolfsburg vann einvígið 3-0 samanlagt og er komið áfram í 16-liða úrslit.*



**Þórey Rósa Stefánsdóttir og Karen Knútsdóttir eru á sínum stað í landsliðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Stelpurnar mæta Svíum

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir því sænska í Schenker-höllinni í Hafnarfirði í kvöld. Þetta er fyrri vináttulandsleikur liðanna af tveimur en þau mætast aftur á sama stað á laugardaginn.

Íslenska liðið kom saman á mánudaginn og fær því næstum því viku saman í tengslum við leikina gegn Svíþjóð. Svíar eru með gríðarlega sterkt lið sem lenti í 4. sæti á HM í Þýskalandi á síðasta ári.

Tveir nýliðar eru í íslenska hópnum að þessu sinni; Berglind Þorsteinsdóttir og Sigríður Hauksdóttir úr HK. Þrettán af 22 leikmönnum í íslenska hópnum leika í Olís-deildinni hér heima.

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.30 og fer, sem áður sagði, fram í Schenker-höllinni. – iþs



**Kristján gerði ÍBV að bikarmeisturum í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Kristján hættir með Eyjamenn

**FÓTBOLTI** Kristján Guðmundsson stýrir ÍBV í síðasta sinn þegar liðið mætir Grindavík í lokaumferð Pepsi-deildar karla á laugardaginn.

Kristján hefur stýrt ÍBV undanfarin tvö tímabil. Í fyrra enduðu Eyjamenn í 9. sæti Pepsi-deildarinnar og urðu bikarmeistarar eftir 1-0 sigur á FH í úrslitaleik. Það var fyrsti stóri titill ÍBV síðan 1998. Fyrir vikið unnu Eyjamenn sér þátttökurétt í forkeppni Evrópudeildarinnar.

ÍBV er í 7. sæti Pepsi-deildarinnar og gæti endað í því sjötta ef úrslitin í lokaumferðinni á laugardaginn verða hagstæð.

Þrjú lið í Pepsi-deildinni eru í þjálfaraleit fyrir næsta tímabil en þeir Óli Stefán Flóventsson og Srdjan Tufedgzic hætta með Grindavík og KA eftir lokaumferðina á laugardaginn. – iþs

Frjáls framlög

SAMFERÐA
GÓÐGERÐARSAMTÖK

enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation



†

Eiginmaður minn, ástvinur,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Lúðvíg A. Halldórsson**
fv. skólastjóri í Stykkishólmi,

lést í faðmi fjölskyldunnar miðvikudaginn 19. september. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 28. september kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Alzheimersamtökin.

**Guðrún R. Kristjánsdóttir**
**Grétar F. Jakobsson**
**Lára Lúðvígsdóttir**
**Halldór Lúðvígsson**
**María R. Lúðvígsdóttir**
**Guðrún I. Árnadóttir**
**Guðrún H. Hjálmarsdóttir**
**Sigurður G. Guðjónsson**
**Margrét Sigurðardóttir**
**Björgvin G. Sigurðsson**
**afa og langafabörn.**



†

Ástkær faðir minn,
sonur, bróðir og frændi,

**Guðjón Vídalín Magnússon**

lést mánudaginn 10. september. Útför hans fer fram frá Landakirkju laugardaginn 29. september klukkan 14. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans eru bent á Kraft, stuðningsfélag ungs fólks með krabbamein.

**Tómas Ingi Guðjónsson**
**Magnús S. Magnússon**
**Signý Magnúsdóttir**
**Birgir Magnússon**
**Magnús S. Magnússon**
**Sigurlína Sigurjónsdóttir**
**Hermann Guðmundsson**
**Guðný Ósk Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

Elskulegur sonur minn,

**Kenneth Páll Price**

andaðist þriðjudaginn 11. september. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Arnheiður Karlsdóttir**



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir,
amma og langamma,

**Ingibjörg Eðvarðsdóttir**
Oddagötu 7, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Lögmannshlíð 24. september. Útför hennar fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gunnlaugur Kárason**
**og fjölskylda.**



†

Ástkær sambýliskona mín,
móðir okkar, tengdamóðir og
amma, dóttir mín og systir okkar,

**Laufey Dís Einarsdóttir**
Vogagerði 1,
Vogum á Vatnsleysuströnd,

sem lést á heimili sínu mánudaginn 17. september, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju í Reykjavík, föstudaginn 28. september klukkan 13.

**Þorsteinn Frímann Sigurgeirsson**
**Ríkharður Leó Magnússon**
**Telma Dögg Magnúsdóttir**
**Margrét Erla Gísladóttir**
**Elísa Hafdís Hafþórsdóttir**
**Ingibjörg Árnadóttir**
**Óli Sigdór Konráðsson**
**Sigurður Lúther Lúthersson**
**Þráinn Júlíusson**
**Mikael Leó Antonsson**
**Ríkharður Leonard Ríkharðsson**
**Ragnar Týr Ríkharðsson**
**Margrét Erla Einarsdóttir**
**Einar Marel Þórðarson**
**Arnbjörg Þórðardóttir**
**Erla Björk Einarsdóttir**

## Guðshúsin gefa innblástur

**Áheit nefnist sýning Ingu S. Ragnarsdóttur myndlistarkonu í forsal Hallgrímskirkju. Hún átti að standa til 30. september en hefur verið framlengd til 11. nóvember.**

Sýning Ingu S. Ragnarsdóttur myndlistarmanns, Áheit, í fordyri Hallgrímskirkju hefur vakið athygli og góð viðbrögð gesta frá því hún var opnuð á hvítasunnunni. Því hefur verið ákveðið að hafa hana uppi við til 11. nóvember. Þar eru skúlptúrar af ýmsum stærðum á þremur veggjum. Skyldi hún sjá hvern og einn vegg sem heild? „Já, ég sé hvern vegg í raun sem innsetningu sem við getum kallað líka eitt listaverk.“

Skúlptúrarnir hennar Ingu taka mið af fórnargjöfum fyrri alda. Á suðurvegg eru tveir stórir diskar, bláir og hvítir. Gegnt þeim eru mörg minni verk á bleikum grunni, hvít að lit með rauðum yrjum. Þar má greina einstaka líffæri en flest verkin virðast óhlutbundin.

Eins og nafn sýningarinnar bendir til tengir Inga hana við áheit eða fórnargjafir, sem hafa verið hluti ólíkra menningarheima í aldanna rás. Hér á landi hafa áheit verið þáttur í íslenskum menningararfi og ekki hvað síst hefur verið heitið á kirkjur. Inga kveðst vera kirkjurækin, miðað við það sem gengur og gerist. „Mér finnst mjög gott að fara í kirkju hvort sem þar eru messur í gangi eða ekki,“ segir hún.

Inga notar svokallaðan stucco-marmara í verk sín. Hann var fyrst notaður af byggingarmeisturum í stað alvöru marmara til að minnka kostnað við glæsilegar byggingar. Með tímanum breyttist það þó og stucco-marmari var notaður í meiri mæli vegna listrænna eiginleika sinna, enda gátu meistararnir búið þar til litasamsetningar sem fyrirfinnast ekki í náttúrunni. Þennan efnivið hefur Inga mótað í hin listrænu form. En er hann erfiður í vinnslu? „Já, þetta er mikið og nokkuð krefjandi handverk, bæði í sambandi við blöndunina á efninu og að vinna það, slípa og kítta margar umferðir.“

Inga hefur búið í Þýskalandi í áratugi þó hún hafi líka dvalið löngum stundum á Fróni milli þess sem hún ferðast um heiminn sem fararstjóri. „Fyrst þegar ég kom til Suður-Þýskalands fannst mér kirkjurnar þar ofhlaðnar skrautmunum frá barokktímanum, svipað og hof í hinum fjarlægari heimshlutum,“ segir hún en kveðst svo hafa orðið fyrir innblæstri frá þessu umhverfi. „Það má segja að ég sæki andagift í guðshúsin hvort sem þau eru kristin, búddísk eða taóísk. Ég hef verið mikið í Asíu sem hefur verið áhrifaríkt fyrir mig og inntök þessara trúarbragða heilla mig mikið en rætur mínar finn ég þó í kristninni.“ **gun@frettabladid.is**



**Hér fæst myndhöggvarinn Inga við að móta stucco-marmarann og blanda í hann lit.**



**Á vesturveggnum, við hlið útidyranna, fara þessir skúlptúrar vel.**

ÞETTA GERÐIST 27. SEPTEMBER 1908

## Fyrsti T-Model Fordinn á götuna

Model T var vinsælasti bíllinn í Bandaríkjunum á öðrum og þriðja áratug tuttugustu aldarinnar. Allt frá því að fyrsti bíllinn af þeirri gerð var afgreiddur frá verksmiðjunum í Detroit þann 27. september 1908 seldist hann eins og heitar lummur og þann 26. maí 1927 fylgdist Henry Ford með því þegar bíllinn sem fyllti fimmtándu milljónina rann af færibandinu í verksmiðjunni í Highland Park í Michigan.

Model T var fyrsti bíllinn sem var fjöldaframleiddur á færiböndum og hugsaður sem bíll á viðráðanlegu verði fyrir millistéttina. Henry Ford lýsti hugmyndinni að baki framleiðslu hans þannig: „Ég ætla að smíða bíl fyrir fjöldann. Hann verður nógu stór fyrir fjölskyldu en nógu lítill til að einstaklingur geti rekið hann. Hann verður svo ódýr að allir með góð laun verða færir um að eignast bíl – og njóta með fjölskyldunni blessunar- og ánægjustunda í guðsgrænni náttúrunni.“ Honum tókst ætlunarverkið og Model T hefur oftar en einu sinni verið valinn sá bíll sem mest áhrif hafði á tuttugustu öldina í alþjóðlegum könnunum. Framleiðslu hans var hætt í október 1927.




GRAL KYNNIR
SVARTLYNG
SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR
eftir Guðmund Brynjólfsson
TJARNARBÍÓ
Frumsýnt 21. september | Miðasala á tix.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Spáð er vestan 5 til 10 metrum á sekúndu með skúrum eða slydduéljum fram eftir degi, en seinnipartinn styttir upp. Austanlands verður hins vegar þurrt og bjart veður allan daginn. Hiti 3 til 7 stig.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 5° | 6° |
| ↗15 | ↗18 | ↗17 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° | 6° | 1° |
| ↑10 | ↗12 | ↑19 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 1° | 5° |
| →8 | ↙11 | →4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 7° | 8° | 1° |
| →9 | →10 | ↗7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | | | 8 | | 5 | |
| | | | 5 | | | | | |
| | 9 | 1 | | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 8 | 4 | 3 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 2 | | | | 9 | | | 3 | |
| | | 8 | 6 | | | 9 | | 2 |
| | 5 | | 4 | | | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. hallmæla
5. rölt
6. íþróttafélag
8. stafn
10. samtök
11. hlé
12. rétt
13. bættu við
15. frárein
17. andin

**LÓÐRÉTT**
1. ofnréttur
2. nabbi
3. atvikast
4. nytjar
7. markvís
9. flossilki
12. listi
14. þakbrún
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** lasta, **5.** ark, **6.** fh, **8.** stefni, **10.** aa, **11.** lot, **12.** satt, **13.** juku, **15.** afrein, **17.** sálin.
**LÓÐRÉTT: 1.** lasanja, **2.** arta, **3.** ske, 4. afnot, **7.** hittinn, **9.** flauel, **12.** skrá, **14.** ufs, **16.** ii.

## Skák Gunnar Björnsson

Sajtar átti leik gegn Dietze í Prag 1943.

Hvítur á leik



**1. Dg6!! fxg6** (1...f5 2. exf6 Bxf6 3. Hxf6 Hxf6 4. De8+) **2. Hxf8+ Kh7 3. h5! 1-0.** Íslandsmót skákfélag hófst í gær í fyrstu deild. Í kvöld hefjast einnig deildir 2-4.

**www.skak.is:** Allt um Ólympíuskákmótið.




Kynntu þér Opel Grandland X og bókaðu reynsluakstur á grandland.opel.is
Sýningarsalur Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Opnunartímar Virka daga 9–18 Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**
**YAMAHA NIKEN**

**Afturbremsa:** 282 mm diskur, ABS
**Hjólhaf:** 1.510 mm
**Ferill:** 74 mm
**Breidd milli hjóla:** 410 mm
**Sætishæð:** 820 mm
**Blautvikt:** 263 kg
**Bensíntankur:** 18 lítrar

**Vél:** 847 rsm vatnskæld, 3 strokka
**Drif:** Keðja
**Framdekk:** 120/70 R15
**Afturdekk:** 190/55 R17
**Frambremsur:** Tveir 298 mm diskar, ABS



Yamaha Niken kom fyrst fram á sjónarsviðið á Tokyo Motorshow í fyrra. Nafnið er tilvísun í japanska bardagatækni.

# Yamaha Niken-hjólið

**Yamaha Niken-hjólið hefur mikla sérstöðu með sín tvö hjól að framan. Niken er mjög vel útbúið hjól, skemmtilegt og öruggt og alveg sér á parti.**

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Hjólið heitir Yamaha Niken og kom fyrst fram á sjónarsviðið á Tokyo Motorshow í fyrra. Nafnið er tilvísun í japanska bardagatækni með tveimur sverðum frá sextándu öld sem gjörbreytti bardögum í návígi, eitthvað svipað og Yamaha vonast til að þetta hjól geri fyrir akstur mótorhjóla. Við höfum séð þríhjól áður, meira að segja nokkur með tveimur hjólum að framan. Can-Am er með Spyder og Piaggio MP3, en hér sjáum við í fyrsta skipti alvöru mótorhjól sem hallar báðum framdekkjunum í gegnum beygjur.



Til Íslands kemur Niken snemma næsta vor og mun almenningi þá verða boðið til reynsluaksturs á þessu sérstaka mótorhjóli. Fylgist því vel með.

### Prófun við verstu aðstæður

Kynningin á Niken-hjólinu var í boði umboðsaðila Yamaha í Svíþjóð en þeir sjá um að þjónusta mestalla Skandinavíu. Bærinn sem ferðinni var heitið til nefnist Borås og er í nágrenni Gautaborgar. Veðrið fyrir ferðina hafði lofað mjög góðu enda sumarið í Svíþjóð besta hjólasumar í manna minnum. Því var þó ekki að heilsa þegar Íslendingarnir mættu á svæðið því þeir tóku íslenska sumarið með sér. Prófunardaginn var hitastigið aðeins um 12 gráður og það hellirigndi. Auk þess voru fræ og ber af trjánum að skapa talsverða hálku á köflum og segja má að þarna hafi skapast kjöraðstæður til að láta reyna virkilega á alla þætti Niken-hjólsins.

Útúrsnúningur á máltækinu „Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi“ átti þá vel við því að ekki veitti af helmingi meira gripi að framan á sleipum skógargötunum. Hjólið hallast mest 45 gráður sem er aðeins minna en hefðbundið mótorhjól getur ráðið við en tvöföld framfjöðrunin snýst ekki um það að ná fram meiri halla, heldur meira gripi. Óhætt er að segja að þrátt fyrir slæmar aðstæður fann maður aldrei fyrir að hjólið missti grip að framan. Öðru máli gegndi um afturendann sem rann oft til í beygjunum en þökk sé góðri spólvörn, þá kom það ekki að sök. Það er eitthvað sérstakt við að keyra mótorhjól með meira grip að framan en aftan.

### Léttara í stýri en búist var við

Vélin í Niken kemur úr Tracer 900 og er þriggja strokka og skilar 115 hestöflum við 10.000 snúninga. Athyglisvert er að bera saman tölur um Niken og Tracer 900 hjólið sem það byggir á. Sætishæð Niken er til dæmis 30 mm lægri en ökumaður situr aftar á Niken en sambærilegum mótorhjólum og hjálpar það til við að jafna þyngdardreifinguna. Þrátt fyrir minni feril á framfjöðrun er hjólhafið 10 mm lengra en það helgast af lengri afturgaffli. Síðast en ekki síst er Niken 48 kg þyngra en Tracer 900 og munar þar að sjálfsögðu mest um tvöfalda framfjöðrun, sem er stillanleg fyrir bæði þjöppu og bakslag og svo aukadekk. Einnig er meiri búnaður á Nikenhjólinu en meðal staðalbúnaðar er akstursstölva, spólvörn, skriðstillir og hraðskiptir.

Þar sem dekkin eru aðeins 15 tommur þurfti að láta útbúa sérstök dekk fyrir hjólið. Það er ekki að finna á hjólinu að það beri meiri þyngd en hefðbundið mótorhjól því það er mjög létt í akstri. Það kom undirrituðum talsvert á óvart að finna hversu létt það var í stýri, en fyrirfram hefði maður haldið að aukin þyngd að framan fyndist vel í stýrinu. Það er ekki nema þegar ekið er á gönguhraða og þar undir sem það verður erfiðara en mótorhjól með einu framdekki. Ef það ætti að finna eitthvert annað umkvörtunarefni hefði framrúðan mátt vera örlítið fyrirferðarmeiri til að veita meiri vindvörn.

### Verður á Íslandi næsta vor

Umboð Yamaha-mótorhjóla á Íslandi er hjá Arctic Trucks á Kletthálsi. Verðið á Niken samkvæmt verðlista á heimasíðu er 3.500.000 kr. sem er vel í lagt enda hjólið sérstakt og vel búið. Að sögn talsmanns Yamaha í Svíþjóð er hjólið staðsett efst í virðingarstiganum hjá Yamaha sem þýðir í raun að það þarf að keppa við hjól af sama kaliberi frá öðrum framleiðendum. Vandamálið er bara að það er ekkert hjól sem keppir beint við Niken. Hjólið er algjörlega sér á parti og ef kaupandinn getur sætt sig við sérstakt útlit þess er hann með hjól í höndunum sem er í senn skemmtilegt og öruggt aksturshjól og þægilegt ferðahjól á malbiki.

Hvort við sjáum í nánni framtíð Adventure-útgáfu af þessu hjóli kemur líklega fljótlega í ljós. Til Íslands kemur Niken snemma næsta vor og mun almenningi þá verða boðið til reynsluaksturs á hjólinu. Fylgist því vel með.














„Hugmyndin að baki verkinu er ágæt en útfærslan leggur ekkert nýtt til málanna,“ segir í dóminum.

# Ónauðsynleg heimkoma

**LEIKRIT**

**Dúkkuheimili, 2. hluti**

★★½☆☆

**eftir Lucas Hnath**

**Borgarleikhúsið**

**Leikstjóri:** Una Þorleifsdóttir
**Leikarar:** Unnur Ösp Stefánsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Margrét Helga Jóhannsdóttir og Ebba Katrín Finnsdóttir
**Leikmynd:** Börkur Jónsson
**Búningar:** Stefanía Adolfsdóttir
**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson
**Danshöfundur:** Sveinbjörg Þórhallsdóttir
**Tónlist:** Una Sveinbjarnardóttir
**Hljóðmynd:** Garðar Borgþórsson og Una Sveinbjarnardóttir
**Leikgervi:** Guðbjörg Ívarsdóttir
**Þýðing:** Salka Guðmundsdóttir

Hurðarskellur Nóru markaði kaflaskil í leikhússögunni og var sem löðrungur í andlit borgaralegra leikhúsgesta fyrir um hundrað og fjörutíu árum. Til þess að lifa af varð Nóra að flýja hjónabandið og lýsti þannig yfir stríði á hendur feðraveldinu með því að gera það eina sem hún gat, að fara og finna sjálfa sig. Nú hefur ameríska leikskáldið Lucas Hnath skrifað framhald af sögunni leiddur áfram af spurningunni: Hvað ef Nóra sneri aftur fimmtán árum seinna?

Leikritið var fyrst frumsýnt í Bandaríkjunum á síðasta ári og hefur síðan þá ferðast um heim allan. Ekkert annað leikrit verður sýnt í jafn mörgum bandarískum atvinnuleikhúsum á komandi leikári þar í landi. Þessar vinsældir eru merkilegar því handritið er lítið annað en áhugaverð grunnhugmynd. Stærsta vandamálið er skortur á undirtexta, allar vangaveltur um málefni leikritsins eru útskýrðar, ræddar í þaula og stundum síendurteknar. Persónur verksins eyða líka töluverðum tíma í að rifja upp atburði sem gerðust áður en Nóra fór eða atburði sem gerðust áður en hún kom aftur. Slík notkun á texta fjarlægir áhorfandann sýningunni og setur hugmyndafræðina í forgang. Gallinn við slíka tækni er að persónurnar fjarlægjast líka, þær verða málpípur fyrir ákveðinn málstað eða sjónarhorn frekar en manneskjur af holdi og blóði.

Unnur Ösp Stefánsdóttir og Hilmir Snær Guðnason endurtaka hér leikinn í hlutverkum Nóru og Þorvalds, en þau fóru á kostum í Dúkkuheimili fyrir nokkru. Unnur Ösp virðist aldrei ná utan um þessa nýju Nóru sem snýr aftur á heimilið sem hún yfirgaf fyrir fimmtán árum. Hún sveiflast á milli öryggis og örvæntingar en nær sjaldan að smíða heildstæðan karakter. Hilmir Snær tæklar Þorvald á annan og áhrifameiri máta, nánast á skjön við sýninguna í heild. Honum tekst að finna tilfinningalega fótfestu í hlutverki Þorvalds og gera hann mannlegan. Þeim til halds og traust eru leikkonurnar Margrét Helga Jóhannsdóttir og Ebba Katrín Finnsdóttir, önnur hokin af sviðsreynslu en hin að stíga sín fyrstu skref í atvinnuleikhúsi. Gleðilegt er að sjá Margréti Helgu á sviði aftur þó að frammistaða hennar sé frekar eintóna. Ebba Katrín leikur Emmu, dóttur Nóru og Þorvalds, af öryggi en blæbrigðin eru fá.

Þýðing Sölku Guðmundsdóttir er fíngerð og ljóðræn en flæðið í textanum týnist í sýningunni. Tempóið sem leikstjórinn Una Þorleifsdóttir leggur upp með er sundurslitið, óstöðugt og stíft. Þessi póst-dramatíska nálgun hentar hugmyndafræði textans ágætlega en er ekki ákjósanleg til áhorfs; karakterar verða orkulausir og senurnar andlausar. Sýningin tapar einnig slagkrafti með hléinu, upphaflega var leikverkið sýnt án þess. Atriðin eru afgirt með stuttum dansatriðum, sömdum af Sveinbjörgu Þórhallsdóttur, sem virðast vera úr öðru verki og eru uppbrot sem falla illa inn í framvinduna.

Aftur móti er tónlist Unu Sveinbjarnardóttur sem fylgir dansatriðunum algjörlega frábær, stuðandi og framúrstefnuleg. Allt sem sýningin ætti að vera. Börkur Jónsson töfrar fram yfirþyrmandi leikmynd, ótrúlega vel lýsta af Birni Bergsteini Guðmundssyni, sem minnir á grafhýsi gamalla minninga en í stað þess að styðja við sýninguna undirstrikar brútalísk hönnunin einungis tilfinningalega kuldann. Sömuleiðis eru búningar Stefaníu Adolfsdóttur virkilega vel heppnað mótvægi við þessa litlausu veröld en leikgervið hans Hilmis hefði mátt endurhugsa því gráu skellurnar í hári hans og skeggi voru óþarfar.

Hugmyndin að baki verkinu er ágæt en útfærslan leggur ekkert nýtt til málanna nema útúrsnúninga og óskýrar vangaveltur um valkosti kvenna, ábyrgð og ást. Í stað þess að upplifa einangrun og angist Nóru á eigin skinni eru áhorfendur talaðir í kaf og úrlausn málanna í lok verksins er ósannfærandi. Harmræni hurðarskellurinn umbreytist þannig í kurteislega kveðjustund.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fagurfræðilega sterk en tilfinningalega veik rannsókn á samskiptum kynjanna og stöðu kvenna í heiminum.







# Ást, svik og blekkingar

**BÆKUR**

**Óboðinn gestur**

★★★½☆

**Höfundur:** Shari Lapena
**Þýðandi:** Ingunn Snædal
**Útgefandi:** Bjartur
**Blaðsíður** 301

Hin kanadíska Shari Lapena vakti athygli glæpasagnaunnenda víða um heim með bók sinni Hjónin við hliðina sem varð metsölubók. Nú kemur út eftir hana Óboðinn gestur sem er sömuleiðis ágætis afþreying.

Karen vaknar á sjúkrahúsi, en veit ekki hvað leiddi til þess að hún er þangað komin. Grunur vaknar um að hún hafi framið morð. Eiginmaður hennar vill ekki trúa því að hún hafi gert neitt rangt en það reynir mjög á hjónabandið sem virðist vera fullkomið. Besta vinkona Karenar tekur síðan til sinna ráða.

Sagan fer fremur hægt af stað, en verður áhugaverðari eftir því sem líður á. Það kann að trufla lesandann nokkuð að frásögnin er sögð í köldum, hlutlausum stíl sem stundum virkar jafnvel stirður. Það gerir að verkum að þótt tilfinningum persóna sé lýst þá eru þær jafnframt nokkuð fjarlægar og erfitt er að fá samúð með þeim. Smám saman verður greinilegra að persónurnar eru þeirrar gerðar að það er engin sérstök ástæða til samúðar. Þær hafa ýmsu æði misjöfnu að leyna.

Nokkrar fremur óvæntar vendingar eru í sögunni, eins og þarf helst að vera þegar bók er markaðssett sem spennutryllir. Helsti gallinn á þeirri ágætu glæpasögu Hjónunum við hliðina var endir þar sem dramatík var keyrð í botn. Hér tekst mun betur til. Endirinn er óvæntur og á honum er lítil slaufa, sem ætti að geðjast þeim sem hafa smekk fyrir ísköldum og dálítið skepnulegum húmor.

Ekki er víst að allir unnendur spennusagna hafi smekk fyrir Óboðnum gesti, kannski helst vegna þess að stíllinn er fremur kuldalegur og persónur bókarinnar eru ekki geðugar. Aðrir kunna þó einmitt að sjá forvitnilega vinkla á þeirri tvöfeldni sem einkennir persónurnar.

Líkt og í Hjónunum við hliðina vekur höfundur upp spurningar um það hversu vel hjón þekkja í rauninni hvort annað og bendir jafnframt á að vel kunni að vera að nágrannarnir séu ekki allir þar sem þeir eru séðir. **Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ágæt spennusaga með óvæntum vendingum og ísköldum húmor.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 27. SEPTEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** U2 – Kvöldvaka
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla kaupfélagið
Í dag, fimmtudaginn 27. september, verður mikið um dýrðir í Gamla kaupfélaginu þar sem tónlist U2 verður leikin af nokkrum af vandaðri einstaklingum íslenska poppgeirans.

**Hvað?** Dillon Fönk
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Hljómsveitin Mókrókar mun steikja allra heitustu og sveittustu fönk-lummurnar í matreiðslubókinni á fimmtudögum á Dillon. Hver veit nema þeir fái til liðs við sig góða gesti? Gleðin hefst stundvíslega klukkan 21.30, þannig að það er eins gott að allir séu búnir að stilla vasaúrið sitt.

### Viðburðir

**Hvað?** Útgáfuhóf – Þriðja bindi Landsnefndarskjala kemur út
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Þjóðskjalasafn Íslands, fundarsalurinn Viðey
Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur segir frá útgáfu Landsnefndarskjala og bréfum embættismanna og kaupmanna sem koma út í þriðja bindi verksins. Hrefna er ritstjóri bæði þessa og fyrri binda ásamt Jóhönnu Þ. Guðmundsdóttur sagnfræðingi. Torfi Arason sagnfræðingur fjallar um Magnús Ketilsson sýslumann og skrif hans 1771 sem birtast í hinu nýútgefna riti. Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður fjallar um Dönsku sendinguna 1928 og landsnefndarskjöl sem þar er að finna. Danska sendingin fól í sér mikið magn skjala varðandi Ísland sem Danir afhentu Íslendingum þetta ár. Af þessu tilefni verður líka sett upp sýning á frumritum skjala Landsnefndarinnar.

**Hvað?** Kvöldstund með Arnari Eggerti Thoroddsen
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstig
Arnar Eggert Thoroddsen, aðjúnkt við Háskóla Íslands og helsti dægurtónlistarfræðingur landsins, heldur tölu um samfélag dægurtónlistarmanna á Íslandi í Hljóðbergi, Hannesarholti byggða á doktorsritgerð hans um efnið. Þar leiðir hann í ljós einstaka virkni hins íslenska dægurtónlistarsamfélags, en ritgerðin er byggð á tugum viðtala auk reynslu hans sem tónlistarblaðamanns í hartnær tvo áratugi.

**Hvað?** Myndbandsfrumsýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Við komum saman og skálum fyrir glænýju myndbandi við lag Teits Magnússonar, Orna, í leikstjórn Loga Hilmarssonar eftir handriti Magnúsar Björns Ólafssonar. Þetta er titillag plötunnar sem kemur út á Spotify þennan sama dag og því öllu tjaldað til! Eftir frumsýningargleðina tekur Formaðurinn við og spilar eðaltónlist inn í nóttina.

**Hvað?** Svartlyng – Glænýr og blóðugur íslenskur farsi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Svartlyng er glænýr sprenghlægilegur og blóðugur íslenskur farsi. Svartlyng er fimmta verk GRAL en leikhópurinn hefur áður sett upp 21 manns saknað, grímuverðlaunaverkið Með horn á höfði, Endalok alheimsins og Eiðurinn og eitthvað eftir Guðberg Bergsson.

**Hvað?** Coney Island Sideshow Circus
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Hinn heimsfrægi Coney Island Sideshow Circus sýnir okkur allt það helsta, furðulegasta, ógeðslegasta og fáránlegasta sem mannslíkaminn býður upp á. Komið og sjáið sverðgleypa, mannlega nálapúða, furðufólk og frík! Sérstakir gestir eru Lalli töframaður og Perró limalist.

**Hvað?** Útgáfuhóf – Samningatækni eftir Aðalstein Leifsson
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi
Verið velkomin að fagna útgáfu bókarinnar Samningatækni eftir Aðalstein Leifsson með okkur fimmtudaginn 27. september kl. 17.30 í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18. Léttar veitingar, bókin á frábæru verði og góður félagsskapur innifalinn.

**Hvað?** Fyrirlestur: Fallvelti heimsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Heiðar Kári Rannversson sýningarstjóri fjallar um hugmynd og framkvæmd sýningarinnar Fallvelti heimsins. Þar er skoðað hvernig myndlist getur birt og tekist á við samtíma sem er undiropinn stöðugum efnahagslegum og vistfræðilegum breytingum. Leitað er eftir möguleikum lífs í rústum kapítalismans.

### Sýningar

**Hvað?** Sýningaropnun – Erla S. Haraldsdóttir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta
Erla S. Haraldsdóttir vinnur með málverk, hreyfimyndir, myndbandsverk og ljósmyndaverk. Hún er lærður listmálari sem um þessar mundir einbeitir sér að málaralistinni og verkum þar sem náttúrulegir eiginleikar málningarinnar og litanna skapa rými, ljós og skugga. Af fágun listmálarans leikur hún sér með fígúratíf mótíf, abstrakt liti og mynstur í verkum sínum. Verkin endurspegla gjarnan samspil minninga, tilfinninga og skynjunar. Aðferðafræði og ferlið sjálft eru lykilþættir í verkum Erlu og þau lúta oft ýmsum reglum eða hömlum og taka mið af stöðum eða frásögnum, eða fyrirmælum frá öðrum.















## BÍÓ



Jonas Mekas, einn heiðursgesta Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, var áberandi í listasenunni í New York á 7. áratugnum og dagbókarmyndir hans eru sannkallaður hvalreki fyrir íslenskt kvikmyndaáhugafólk. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kvikmyndaðar dagbækur Mekas sannkallaður hvalreki

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík hefst í dag. Jonas Mekas er heiðursgestur. **Yrsa Roca Fannberg** fagnar komu hans og hitaði upp með hópi kvenna með því að horfa á nokkrar mynda hans.

Jonas Mekas, einn heiðursgesta RIFF, verður 96 ára á þessu ári og þótt nafn hans sé ef til vill ekki mjög þekkt á Íslandi þá er hér sannkallaður risi í heimildarmyndagerð á ferðinni og ljóst að honum verður tekið fagnandi.

Mekas er fæddur í Litháen 1922 en settist að í Bandaríkjunum 1949 eftir að hafa verið á vergangi og flótta og dvalið í fangabúðum nasista í seinni heimsstyrjöldinni.

Í Bandaríkjunum haslaði hann sér völl í kvikmyndagerð og er kallaður faðir amerískrar framúrstefnukvikmyndagerðar eftir sex áratuga ævistarf á hinum ýmsu sviðum lista og fjölmiðlunar.

Mekas vann meðal annars náið með listamönnum eins og Andy Warhol, Salvador Dali, John Lennon og fleira fólki sem kemur við sögu í verkum hans. Hann var reglulegur gestur í hinum goðsagnakennda klúbbi Studio 54 og hafði mikil áhrif á listasenuna í New York á sjöunda áratugnum sem setti mark sitt á heiminn allan.

Mekas er ekki síst þekkur fyrir dagbókarkvikmyndir sínar en fjöldi þekktra einstaklinga og listafólks hefur komið fram í þeim; Jackie Kennedy, Allen Ginsberg, Marina Abramovic og Björk svo einhver séu nefnd.

### Einstakt tækifæri

„Hann er mjög stórt nafn í kvikmyndagerð og þá bæði í tilrauna- og heimildarmyndagerð þótt hann sé ekki mjög þekktur hérna. En það er nú margt í kvikmyndagerð sem er ekki þekkt hérna og þá sérstaklega í heimildarmyndagerð,“ segir kvikmyndagerðarkonan Yrsa Roca Fannberg sem meðal annars kynntist verkum hans þegar hún var í námi.

„Þetta er einstakt tækifæri og ótrúlega flott hjá þeim,“ segir hún um þann heiður sem RIFF sýnir Mekas.

„Hann er ljóðskáld, kvikmyndagerðarmaður, rithöfundur og myndlistarmaður og gaman að hann sé að koma hingað. Hann er náttúrlega af Warhol-skólanum og var í öllum þeim heimi með Yoko Ono, Jackie Kennedy og fleirum,“ segir Yrsa og bendir á að í raun leynist saga Bandaríkjanna á síðustu öld í manninum.

### Heillandi dagbók

Yrsa kynntist Mekas þó ekki aðeins í kvikmyndanáminu og varð djúpt snortin þegar hún komst yfir dagbók hans á spænsku fyrir mörgum árum. „Ég varð mjög hrifin af henni en þarna segir hann frá flótta sínum frá Litháen til Bandaríkjanna. Þarna er hann á flandri, svangur á flótta með tóma vasa en það sem sló mig er hvernig hann er einhvern veginn fullur af lífi. Þetta er ótrúlega falleg dagbók og ég mæli með henni,“ segir Yrsa og bendir á að bókin er komin út í enskri þýðingu, I Had Nowhere to Go.



Yrsa Roca Fannberg, höfundur heimildarmyndarinnar Salóme sem fjallar um móður hennar, mælir eindregið með myndum Mekas.

### Vildi komast í Mekas-stuð

Í tilefni af komu Mekas ákvað Yrsa að smala saman hópi kvenna sem hafa komið saman og horft á nokkrar mynda hans. „Mig langaði bara að komast í Mekas-stuð, ef svo má segja, og horfa á nokkrar myndir áður en hann kemur. Það er líka svo langt síðan ég hef séð þessar myndir og mig langaði að rifja þær upp þannig að ég athugaði hvort við gætum ekki sett af stað svona Mekas-aðdáendaklúbb.“

Yrsa segir stemninguna í hópnum vera góða enda mikið hægt að spjalla um verk Mekas. Hún mælir eindregið með myndum hans á RIFF og þar fyrir utan „hvet ég Íslendinga til þess að vera duglegri að fara í bíó. Mér finnst alger skömm að fólk geri ekki meira af því.“

Og hún leggur sitt af mörkum til þess að reyna að ýta við fólki og þannig segir hún Mekas-klúbbinn tengjast öðrum kvikmyndaklúbbi, Í myrkri, sem sýnir heimildarmyndir mánaðarlega á veturna í Kling & Bang.

**HANN ER MJÖG STÓRT NAFN Í KVIKMYNDAGERÐ OG ÞÁ BÆÐI Í TILRAUNA- OG HEIMILDARMYNDAGERÐ ÞÓTT HANN SÉ EKKI MJÖG ÞEKKTUR HÉRNA.**

„Þetta byrjaði þannig að ég var með kvikmyndaklúbb með vinkonu minni, Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttur, og við hugsum þetta þannig að þegar veturinn færist yfir er upplagt að færa stofubíóið í Kling & Bang.

Við byrjum í október og erum með ótrúlega góðar heimildarmyndir á dagskrá í vetur en markmiðið er að fá fólk til að fara aftur í bíó og koma því áleiðis að heimildarmyndir eru ekki fréttamyndir heldur listform og Mekas er í raun tilvalinn til þess vegna þess að það er ótrúlega fallegt hvernig hann fangar lífið og færir dagbækur í kvikmyndum.“

thorarinn@frettabladid.is

DILLON OG GULLBYLGJAN KYNNA

STÓRKOSTLEGIR TÓNLEIKAR MEÐ HINUM UPPRUNALEGA JERSEY BOY

# FRANKIE VALLI

AND THE FOUR SEASONS



## UPPLIFÐU SUM AF FRÆGUSTU LÖGUM SÍÐUSTU ALDAR!

"Grease" • "Can't Take My Eyes Off You" • "December, 1963 (Oh, What a Night)" • "Sherry" • "Walk Like a Man" • "Big Girls Don't Cry" • "Rag Doll" • "My Eyes Adored You" • "Working My Way Back To You" • "Beggin" • "The Night" • "Swearin' To God" • "Who Loves You" • "Dawn (Go Away)"

# LAUGARDALSHÖLL 8. DESEMBER

## TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS

WWW.FRANKIEVALLIFOURSEASONS.COM

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur



**STARTUP**
KL. 22:35
Skemmtileg og öðruvísi þáttaröð með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bökum saman.


**Frábær fimmtudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**







**MASTERCHEF USA**
KL. 19:50
Gordon Ramsay og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



**LETHAL WEAPON**
KL. 20:35
Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.



**ANIMAL KINGDOM**
KL. 21:20
Þau eru ekki öll þar sem þau eru séð og láta ekkert stoppa sig þegar gróðavonin er annars vegar. Meinfyndin þáttaröð með Ellen Barkin í aðalhlutverki.




**BALLERS**
KL. 22:10
Frábærir þættir með Dwayne Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp leikmanna NFL deildarinnar og fjölskyldur þeirra en það er aldrei lognmolla í kringum þær.



BÍÓ
**THE LEGEND OF TARZAN**
KL. 22:00
Ævintýraleg spennumynd með Alexander Skarsgaard, Margot Robbie og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum.



**LITTLE BRITAIN USA**
KL. 22:00
Frábærir gamanmættir með fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams.


Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**


## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Anger Management
**10.40** World of Dance
**11.20** Grey's Anatomy
**12.05** Lögreglan
**12.35** Nágrannar
**13.00** Apple of My Eye
**14.25** Lego: The Adventures of Clutch Powers
**15.45** Brother vs. Brother
**16.30** Enlightened
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Kevin Can Wait Önnur syrpa þessara stórskemmtilegu gamanþátta með Kevin James í hlutverki lögreglumanns sem er kominn á eftirlaun. Hann hyggst eyða meiri tíma í faðmi fjölskyldunnar en kemst fljótlega að því að heima fyrir mætir hann jafnvel enn meiri áskorunum heldur en á götum úti við almenn lögreglustörf.
**19.45** Masterchef USA
**20.35** Lethal Weapon Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.
**21.20** Animal Kingdom
**22.05** Ballers
**22.35** StartUp
**23.20** Real Time with Bill Maher
**00.15** The Sinner
**01.00** Shameless
**01.55** Vice
**02.25** S.W.A.T.
**03.10** We Don't Belong Here
**04.40** Apple of My Eye
**06.05** Wyatt Cenac's Problem Areas

## STÖÐ 2 SPORT

**06.30** Sevilla - Real Madrid
**08.10** Leganés - Barcelona
**09.50** Juventus - Bologna
**11.30** Napoli - Parma
**13.10** Fulham - Watford
**14.50** Liverpool - Southampton
**16.35** Manchester United - Wolves
**18.20** Premier League World
**18.50** Empoli - AC Milan
**20.55** NFL Gameday
**21.25** Liverpool - Chelsea
**23.05** Arsenal - Brentford

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Arsenal - Brentford
**08.40** Liverpool - Chelsea
**10.20** Tottenham - Watford
**12.00** Crystal Palace - Newcastle
**13.40** Leicester City - Huddersfield
**15.25** Messan
**16.25** Ítölsku mörkin
**16.55** Aston Villa - Sheffield
**18.40** Football League Show
**19.10** Sevilla - Real Madrid
**20.50** Leganés - Barcelona
**22.30** Inter - Fiorentina

## STÖÐ 3

**19.10** Great News
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The New Girl
**21.15** Boardwalk Empire
**22.10** Little Britain USA
**22.40** The Simpsons
**23.05** American Dad
**23.30** Bob's Burgers
**23.55** The Big Bang Theory
**00.45** Friends
**01.10** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Tindur
**07.23** Mæja býfluga
**07.35** K3
**07.46** Grettir
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Lalli
**09.54** Rasmus Klumpur
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Gulla og grænjaxlarnir
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Tindur
**11.23** Mæja býfluga
**11.35** K3
**11.46** Grettir
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Gulla og grænjaxlarnir
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Tindur
**15.23** Mæja býfluga
**15.35** K3
**15.46** Grettir
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Gulla og grænjaxlarnir
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Stubbur stjóri

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.12, 12.24 og 16.24**



## GOLFSTÖÐIN

**07.50** Golfing World
**08.40** Tour Championship
**15.00** Ryder Cup
**16.00** US Open
**18.05** Countdown to the Ryder Cup
**18.30** Inside the PGA Tour
**18.55** PGA Highlights
**19.50** Evian Championship
**22.05** Ryder Cup
**23.05** Champions Tour Highlights
**00.00** Countdown to the Ryder Cup
**06.00** Ryder Cup

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.35** Spotlight
**12.45** Paterno
**14.30** Never Been Kissed
**16.15** Spotlight
**18.25** Paterno Óskarsverðlaunahafinn Al Pacino fer með hlutverk Joe Paterno í mynd frá HBO sem byggð er á sönnum atburðum. Paterno, sem var goðsögn í bandarískum háskólaruðningi og aðalþjálfari Penn State-liðsins, var sakaður um að hylma yfir grófa kynferðslega misnotkun gegn drengjum í liðinu.
**20.10** Never Been Kissed
**22.00** The Legend of Tarzan Ævintýraleg spennumynd frá 2016 með Alexander Skarsgaard, Margot Robbie og Samuel L. Jackson. Það eru mörg ár liðin frá því að John Clayton, öðru nafni Tarzan, kom til Lundúna.
**23.50** Max Steel
**01.20** Enter The Warrior's Gate
**03.05** The Legend of Tarzan

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: 360 gráður
**14.20** Venjulegt brjálæði - Hvað kostar hégóminn?
**15.00** Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur
**15.50** Úr Gullkistu RÚV: Orðbragð
**16.20** Úr Gullkistu RÚV: Hæpið
**16.50** Úr Gullkistu RÚV: Tíu fingur
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Gullin hans Óðins
**18.25** Hvergidrengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Til borðs með Nigellu
**20.35** Máttur fegurðarinnar
**21.10** Indversku sumrin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Ófærð
**00.00** Sýknaður
**00.45** Kastljós
**01.00** Menningin
**01.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**11.50** Everybody Loves Raymond
**12.10** King of Queens
**12.30** How I Met Your Mother
**12.55** Dr. Phil
**13.40** American Housewife
**14.05** Kevin (Probably) Saves the World
**14.50** America's Funniest Home Videos
**15.15** Royal Pains
**16.00** Everybody Loves Raymond
**16.25** King of Queens
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Dr. Phil
**17.55** The Tonight Show
**18.40** The Late Late Show
**19.25** Ný sýn - Sigfús Sigurðsson
**20.00** Með Loga
**21.05** Spectre
**23.30** On Her Majesty's Secret Service
**01.50** The Tonight Show
**02.35** The Late Late Show
**03.15** Marvel's Cloak & Dagger
**04.00** Marvel's Agent Carter
**04.45** Marvel's Inhumans
**05.30** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBÆKLINGI NETTÓ




**124 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM!**

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar inn á netto.is og Facebook síðu Nettó varðandi kynningar í verslunum á heilsudögum.

## OFURTILBOÐ!

**Fimmtudagur 27. sept.**
*Tilboð dagsins*



34% AFSLÁTTUR

**Vit Hit**
Lean & Green og Immunitea
500 ML



50% AFSLÁTTUR

**Bláber** (125 G)

**Föstudagur 28. sept.**
*Tilboð dagsins*



40% AFSLÁTTUR

**Himnesk Hollusta Rískex**
100 G - Með dökku súkkulaði



50% AFSLÁTTUR

**Avókadó** (hass)

**Laugardagur 29. sept.**
*Tilboð dagsins*



37% AFSLÁTTUR

**Good Good sultur**
Jarðarberja, bláberja og apríkósu



50% AFSLÁTTUR

**Sítrónur** (kg)

**Sunnudagur 30. sept.**
*Tilboð dagsins*



45% AFSLÁTTUR

**Guli Miðinn C-1000**
60 töflur



50% AFSLÁTTUR

**Sætar kartöflur** (kg)

## HELGARMÁLTÍÐIN KLÁR!



-50%

KJÖTBORÐ

**GRÍSABÓGUR**
HRINGSKORINN
**499 KR/KG**
ÁÐUR: 998 KR/KG



-27%

**LAMBAPRIME**
FERSKT
**3.175 KR/KG**
ÁÐUR: 4.349 KR/KG



-40%

**LAMBALÆRI**
LÉTTREYKT
**1.679 KR/KG**
ÁÐUR: 2.798 KR/KG



-40%

**NAUTAHRYGGVÖÐVI STRIPLOIN**
FROSIÐ
**2.999 KR/KG**
ÁÐUR: 4.998 KR/KG



-50%

**SÆNSK SKINKA**
**998 KR/KG**
ÁÐUR: 1.995 KR/KG

**Helgartilboðin gilda 27. - 30. september 2018    www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

Á NETINU
www.netto.is

# Ef fetað væri í fótspor Dunkin’

Ef fyrirtæki hér á landi tækju bandaríska kaffihúsarisann Dunkin’ Donuts sér til fyrirmyndar og slepptu öðru nafninu myndu margir lenda í vanda við að þekkja þau. Íslensk fyrirtæki heita reyndar flest einu nafni eins og Eimskip, Mýflug, Vodafone eða Samherji. En ekki öll. Fréttablaðið skoðaði hvernig nöfn íslenskra fyrirtækja litu út ef orði úr þeim væri sleppt.






### NÓI SÍRÍUS

Sælgætiskóngarnir í Árbænum framleiða svo sem sína vöruna undir hvoru merkinu, Nói og Síríus. Það væri alveg hægt að stelast í súkkulaðið frá Síríusi og bryðja brjóstsykurinn frá Nóa.




### 66°NORÐUR

Útivistarverslunin er nú yfirleitt kölluð 66 af flestum. Myndi ekki missa marks en fjarlægjast enn frekar rætur sínar, að búa til sjóklæði fyrir alla landsmenn svo ekki þyrfti að reiða sig á innflutt föt.

### DUNKIN’

Dunkin’ Donuts greindi frá því að fyrirtækið hygðist fjarlægja orðið Donuts alfarið úr nafni sínu. Samkvæmt Reuters hefur sala á kaffi og morgunmat drifið fyrirtækið áfram. Þessi stefnubreyting kemur á sama tíma og fyrirtæki á borð við Starbucks eiga í erfiðleikum með að takast á við stöðnun í eftirspurn eftir kaffi á bandaríska markaði.



### SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

Vissulega þekktara undir nafninu SS en ef þeir færu Dunkin’-leiðina myndi það verða Sláturfélagið. Suðurland myndi ekki segja neitt enda mestöll starfsemin í Reykjavík. Kannski færi það aftur á Hvolsvöll með nafnabreytingunni?



### BLÁA LÓNIÐ

Eitt verðmætasta fyrirtæki landsins gæti vel hent út bláa litnum og kallað sig Lónið. Það myndi nú ekki skemma eitt né neitt. Gæti meira að segja haft Bláa lónið fyrir útlendinga og Lónið fyrir Íslendinga. Þá kæmust Íslendingar að.

### ENGIN VANDMÁL – BARA LAUSNIR

**Fiskikóngurinn**
Ein besta fiskbúð landsins myndi aðeins heita Kóngurinn. Það vita allir að hann selur fisk.

**BYKO**
Hvers vegna ekki að losa sig við Kópavogsstimpilinn og kalla sig By. Það er hipp og kúl.



**Emmessís**
Losa sig við ísnafnið og kalla sig Emmess. Svolítið nýmóðins.

**SagaFilm**
Eðlilega myndi kvikmyndafyrirtækið heita Saga. Frábært nafn og þekkist erlendis.

**Hamborgarafabrikkan**
Þarna eru hamborgarar. Það vita allir. Fabrikkan myndi steinliggja. Ekkert vandamál.




**Hlöllabátar**
Hér er möguleiki. Hlölli eða bátar. Alveg eins og Homblest. Bæði betra.

**Kringlukráin**
Stórkostleg krá og færi létt með nafnabreytinguna. Skola henni niður með yndislegum Guinness.

**Orkuveita Reykjavíkur**
Hér þyrfti reyndar að gera meira en bara að fara í nafnabreytingu enda nafn þess skreytt ljótustu fjöðrum landsins.



### ÞRÍR FRAKKAR

Eitt svalasta fyrirtækjanafnið hér á landi. Vonandi feta þeir ekki í fótspor kleinuhringjakeðjunnar. Þrír eða Frakkar ... Það passar bara alls ekki og myndi algjörlega missa marks.





### POTTURINN OG PANNAN

Dunkin’ ætlar að veðja á kaffið en hvort myndi Potturinn og pannan veðja á? Pottinn eða pönnuna? Þetta er ein stærsta spurningin.


Ed Sheeran
LAUGARDALSVÖLLUR LAUGARDAGINN 10. ÁGÚST 2019
MIÐASALA HEFST
Í DAG KL. 9!
AEG PRESENTS
MIÐASALA Á TIX.IS/ED · NÁNARI UPPLÝSINGAR Á SENALIVE.IS/ED
sena LIVE!
EDSHEERAN.COM
THE ALBUM ÷
OUT NOW



Amadeus borðstofuhúsgögn

Komið og skoðið úrvalið

Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Vatnskælar á frábæru verði

Kælitækni

25-35% Afsláttur



• Keyptann og eigðann
• Ekkert mánaðargjald
• Lítið viðhald
• Sjá nánar á heimasíðu Kælitækni www.kaelitaekni.is

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · kaelitaekni.is



Okkar þekking nýtist þér

SUNSTAR G·U·M HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum



ARTASAN

www.artasan.is

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn


# Þolinmæðin þrautir vinnur allar

Miðasala á eina stærstu tónleika Íslandssögunnar dettur í gang nú í dag. Miðar á Ed Sheeran fara í sölu klukkan 9 en hægt verður að koma sér fyrir í stafrænu röðinni klukkan 8. Sena Live og Tix eru með allt klárt og nóg af fólki í startholunum.



Við erum með nóg af fólki í að svara öllum skilaboðum, sama hvaðan þau koma. Það er extra vakt að svara símanum sem og á samfélagsmiðlum – það verða allir komnir upp á dekk. Tix eru með alla sína sérfræðinga á vaktinni, bæði innan lands og utan og allir uppi á dekki þar líka. Þeir fylgjast með hvernig gengur. Tix er með þetta sniðuga biðraðakerfi – það heldur álaginu frá kerfinu sjálfu og hefur svo fullkomna stjórn á því á hvaða hraða fólki er hleypt inn í söluferlið sjálft. Það verður til eins konar biðstofa þar sem fólkið er geymt áður en það kemst inn í sjálft kaupferlið þannig að netþjónarnir eru ekkert að fara að hrynja. Auk þess eru þeir með öflugt, skalan- og sveigjanlegt kerfi enda miklir sérfræðingar – Sindri Már sem bjó þetta kerfi til er búinn að vera í þessu í einhver 20 ár og algjör sérfræðingur," segir Ísleifur Þórhallsson hjá Senu Live aðspurður hvernig þau séu að undirbúa sig undir það sem verður mögulega stærsta miðasala Íslandssögunnar, nefnilega sala á miðum á tónleika söngvarans rauðhærða Eds Sheeran. Í boði eru tæplega 30 þúsund miðar – um 10 þúsund í sæti og 20 í stæði.

*Er eitthvert stress hjá ykkur?*

„Nei, nei, það er ekkert stress hjá okkur. Maður finnur það samt að þjóðin er öll að stressast upp – ég finn það með hverri klukkustund sem líður að fólk verður stressaðra og stressaðra. Fólk er hrætt um að það fái ekki miða. Svo er þetta líka viðkvæmt mál – það er auðvitað engin forsala og Sheeran vill fá þetta allt í sölu á sama tíma. Við erum að fá hringingar frá fólki sem segir að hinir og þessir séu að skella myndum af sér á netið með miða á tónleika – fólk hefur gaman af því að henda inn svona bulli til að æsa aðra upp. Auðvitað er enginn kominn með miða."

Ísleifur segir að það þýði ekkert fyrir fólk að vera með einhver læti – hamast á tölvunni, „refresha" eða reyna einhver bellibrögð. Þolinmæðin þrautir vinnur allar.

„Röðin verður opnuð klukkan átta en það verður ekki raðað í hana fyrr en klukkan níu þegar salan hefst. Þegar röðin fer í gang klukkan níu þá fá allir handahófskennt númer: það er alveg „random" hvar þú lendir. En þeir sem koma eftir klukkan níu fara aftast – það er ekkert sem er hægt að gera til að komast framar: ekki að vera með nokkrar tölvur opnar eða eitthvað slíkt, þannig hamagangur virkar ekki. Þetta tekur bara eins langan tíma og það þarf að taka."

stefanthor@frettabladid.is

## Sheeran í tölum

**2004**
Árið sem Ed Sheeran tók upp fyrstu tónlistina.

**1**
Platan x var númer 1 á lista yfir bestu plötur ársins.

**6**
Fyrsta platan + seldist í sexfaldri platínusölu.

**13.**
desember 2016 sneri Sheeran aftur úr pásu og gaf í skyn að ný plata væri á leiðinni.

**58.000**
eintök seldi Sheeran á einni viku af fyrstu smáskífunni sinni, The A Team.

**120**
lög samdi Ed Sheeran fyrir plötuna x, en aðeins 12 komust á hana.

## Hver er þessi Ed Sheeran?

- Edward Christopher Sheeran.
- Fæddur 17. febrúar 1991.
- Fæddur í Halifax en ólst upp í Framlingham í Suffolk. Hann á hús þar núna.
- Mamma hans er skartgripahönnuður.
- Eldri bróðir hans, Matthew, er tónskáld í klassískri tónlist.
- Gítararnir hans heita Lloyd, Felix, Cyril og Nigel.
- Hann samdi lagið Moments fyrir strákabandið One Direction.
- Er vel flúraður. Meðal annars skreyttur tebolla og tómatsósuflösku.
- Hann er með svarta kortið frá Nando's. Þá borðar hann frítt þar til æviloka og má bjóða fimm vinum sínum með sér.
- Lagið hans Don't fjallar um framhjáhald Ellie Goulding með Niall Horan úr One Direction.
- Hann brenndist á fæti síðast þegar hann var hér á landi.
- Hann notast ekki við snjallsíma.
- Hann hefur komið 41 Maltesers upp í sig í einu.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


25%
afsláttur
öll ljós
&
allar perur
OSRAM
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Helga Vífils Júlíussonar




## MR og Versló keppa við Asíu

Það vill oft gleymast að íslenska menntakerfið á í harðri alþjóðlegri samkeppni. Sú yfirsjón leiðir af sér að áherslur í skólakerfinu eru rangar. Það getur reynst dýrkeypt.

Góð menntun er og verður undirstaða velmegunar. Þegar fram líða stundir munu lífsgæði hér á landi ráðast af því hversu vel okkur tekst upp við að byggja upp hátækniiðnað í útflutningi. Ekki er hægt að treysta á að náttúruauðlindir dragi vagninn á 21. öldinni eins og á þeirri tuttugustu.

Alþekkt er að margir nemendur í Asíu, og raunar mun víðar, eru metnaðarfullir. Þeir verða því erfiðir keppinautar þegar kemur að tækniþróun. Þar liggur hin raunverulega samkeppni; við erlenda nemendur en ekki á milli Hagaskóla og Valhúsaskóla eða Versló og MR, eins og sumir telja.

Róttækra breytinga er þörf í menntakerfinu til að mæta þeirri áskorun að mennta hæfileikaríkt fólk í tækni. Hið opinbera þarf að stíga til hliðar. Árangri íslenskra barna í PISA-könnunum hefur enda farið hrakandi síðustu ár. Það er ekki nógu stórt skref að rétta hlut einkarekinna grunnskóla, eins og borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði nýlega til.

Sveitarfélög og ríkið þurfa að gefa skólakerfinu lausan tauminn. Það á að treysta kappsömu skólafólki. Gefa því frjálsar hendur til reka góða skóla með ólíkar áherslur og námskrár. Við það fá foreldrar og eldri nemendur tækifæri til að velja þann skóla sem þeir telja að sé best fallinn fyrir hvern og einn. Það þarf að leggja skólakerfið í hendur einkaframtaksins en hið opinbera ætti að halda áfram að greiða með nemendum til að tryggja að allir geti sótt góða menntun. Það er mikið undir.








